

Nd.

**307. Frumvarp til laga**

[185. mál]

um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

**I. KAFLI**

**Markmið.**

**1. gr.**

Grunnskólinn skal í samvinnu við heimilin veita nemendum siðgæðislegt og félagslegt uppeldi, sem miði að því að gera þá að nýtum og viðsýnum samfélagsþegnum í þjóðfélagi, sem er í sífelldri þróun. Hann skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda sinna, hjálpa þeim til að öðlast heilbrigð lífsviðhorf og hollar lífsvenjur og vera á verði um heilbrigði þeirra til líkama og sálar.

Kennsla í grunnskóla skal stefna að því að veita almenna undirstöðumenntun og tryggja öllum nemendum jafnan rétt og tækifæri til menntunar og þroska eftir getu hvers og eins.

**II. KAFLI**

**Skólaskylda.**

**2. gr.**

Skylt er ríki og sveitarfélögum að halda skóla fyrir öll börn og unglinga á aldrinum 7 til 16 ára, og nefnist hann grunnskóli. Öllum ungmönnum á þessum aldri er skylt að sækja skóla. Nú lýkur nemandi öllu námi grunnskóla á átta árum með mjög góðum árangri, og telst hann þá hafa lokið skyldunámi. Nemandi getur þó á sama hátt lokið grunnskólanámi enn fyrr og þá flutzt á framhaldsskólastig, telji skólastjóri, skólasálfræðingur og aðalkennari nemandann hafa til þess nægan þroska, enda komi til samþykki forráðamanna.

Undanþágu frá skólaskyldu má veita skv. 5. og 7. gr. þessara laga. Þegar tilgreindur er aldur nemanda í lögum þessum, miðast hann við það almanaksár, er nemandinn nær nefndum aldri.

**3. gr.**

Grunnskóli er níu ára skóli og skiptist í 1.—9. bekk, þar sem fram fer barna- og unglingafræðsla. Að jafnaði skal skipa nemendum í bekk eftir aldri, en heimilt er þó að víkja frá þeirri reglu, ef um veruleg frávik er að ræða að því er varðar námshæfni og þroska nemenda, sbr. 2. gr. og 88. gr. þessara laga, enda komi til álit sálfræðiþjónustu skólans.

**4. gr.**

Grunnskóli getur verið ein stofnun eða skiptur í einingar, tvær eða fleiri. Um það fer eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins að fengnum tillögum stjórnar fræðsluumdæmis.

#### 5. gr.

Nú ber skólanefnd í skólahverfi fram við fræðslustjóra rökstutt álit um nauðsyn þess að fá um tiltekinn tíma undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði 2. gr. og 62. gr. þessara laga um skólaskyldu og starfstíma skóla. Skal fræðslustjóri þá í samvinnu við skólanefnd gera áætlun um, hvernig úr verði bætt á sem fæstum árum, og leggja áætlunina fyrir menntamálaráðuneytið ásamt umsókninni og umsögn sinni. Menntamálaráðuneytið úrskurðar síðan, hvort eða að hve miklu leyti undanþága skuli veitt, og tekur það tillögur um endanlegar úrbætur til meðferðar við gerð framkvæmdaáætlunar um skólabyggingar.

Nú vanrækir skólahverfi að standa að sínum hluta við þær skuldbindingar, sem það hefur tekið á sig eða á það verið lagðar með áætlun um, hvenær og hvernig það skuli uppfylla að fullu ákvæði 2. gr. og 62. gr. þessara laga, og getur þá menntamálaráðuneytið hlutast til um, að nauðsynlegar úrbætur séu framkvæmdar og sveitarfélag kosti þær að sínum hluta lögum samkvæmt.

#### 6. gr.

Forráðamaður skólaskylds barns ber ábyrgð á, að það innritist í skóla, þegar það hefur náð skólaskyldualdri, og að það sækir skóla. Verði verulegur misbrestur á skólasókn skólaskylds barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður komi til, og láti barnið ekki skipast við áminningar skólans, né heldur geti forráðamaður þess bót á ráðið að fengnum aðvörunum, skal skólustjóri tilkynna fræðslustjóra um málið. Fræðslustjóri getur þá hlutast til um, að barnið sé sett í annan skóla. Vilji forráðamaður barnsins ekki hlíta þeim úrskurði, getur fræðslustjóri vísað málinu til barnaverndarnefndar, sem þá ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að vistun barnsins utan heimilis geti átt sér stað og barnið sækir skóla eða fái með öðrum hætti lögskipaða fræðslu.

#### 7. gr.

Undanþegin frá því að sækja grunnskóla eru:

- a) börn, sem sækja viðurkennda einkaskóla, sbr. 86. gr., og
- b) börn, er búa í skólahverfum, sem fengið hafa undanþágu skv. 5. gr., að því leyti sem undanþágan kveður á um.

#### 8. gr.

Rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi eiga börn, sem víkja svo mjög frá eðlilegum þroskaferli barna, að þau fá ekki notið venjulegrar kennslu í einni eða fleiri námsgreinum. Sérkennslan skal fara fram einstaklingslega, í hópum, sérbekkjum eða sérskólum, eins og hentast þykir eftir afbrigðum nemenda og aðstæðum skóla eða fræðsluumdæmis. Heimilt er að verja allt að 10 stundum á kennslumánuði skóla á hvern nemanda í sérkennslu. Kennsluna skulu annast sérmenntaðir kennarar, þar sem því verður við komið. Heimilt er skóla í þessu skyni að fjölga vikulegum skyldutímum einstakra nemenda um allt að 2 kennslustundum, enda sé forráðamönnum þeirra tilkynnt um lenginguna.

#### 9. gr.

Sérkennslu skv. 8. gr. skulu njóta:

- a. börn, sem að dómi sálfræðiþjónustu skólans og annarra sérfræðinga, svo sem geðlækna, skortir hæfileika til þess að stunda nám í venjulegum deildum grunnskóla,
- b. börn, sem að dómi sömu aðila eiga við svo mikil aðlögunarvandamál að stríða, að þau eiga ekki samleið með venjulegum nemendum,
- c. börn, sem að dómi sömu aðila eiga við að etja hömlur, einkum í máli og lestri, sem valda því, að tvísýnt er um árangur venjulegrar bekkjarkennslu, og
- d. börn, sem að dómi skólalæknis hafa eigi heilsu eða önnur líkamleg skilyrði til að stunda venjulegt grunnskólanám.

#### 10. gr.

Þeim börnum, sem um getur í a-, b-, c- og d-lið 9. gr. og ekki geta stundað náni í almennum grunnskóla, skal séð fyrir vist í skóla eða stofnun, sem veitir þeim uppeldi og fræðslu við þeirra hæfi. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum skólum eða stofnunum.

Fræðslustjórar skulu í sameiningu, að fengnu álitum sálfræðipjónustu skólanna, gera heildartillögur um þörf fyrir slíkar stofnanir í landinu, og er ríkinu skylt á næstu 10 árum frá því að álit um þörf liggur fyrir að fullnægja henni. Menntamálaráðuneytið lætur fara fram sérfræðilega endurskoðun á áætluninni og staðfestir hana með hliðsjón af þeirri endurskoðun.

Áætlunina má framkvæma í áföngum á þessu tíu ára tímabili. Stofnkostnaður greiðist að jöfnu af sveitarfélögum og ríki. Um annan kostnað fer eftir reglum skólakostnaðarlaga. Hlutur sveitarfélaga í slíkum rekstri greiðist sem daggjöld þeirra nemenda, sem í þessum skólum eru. Fræðsluumdæmin skulu skipuleggja sérkennsluna í samræmi við reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, þar sem kveðið verði á um kennslumagn, húsnæði og starfsmannahald. Heimilt er menntamálaráðuneyti að ákveða nemendum, sem nám stunda í slíkum skólastofnunum, náms tíma einu eða tveimur árum lengri en skólaskyldan býður.

#### 11. gr.

Nú sækir forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn hluta úr skólaári og færir fram knýjandi ástæður. Skal þá leitað umsagnar skólastjóra og skólanefndar, og mæli þeir aðilar samhljóða með umsókninni, getur fræðslustjóri veitt undanþágu, en skólinn skal fylgjast með því, að barnið stundi nám.

#### 12. gr.

Ákvæði laga þessara um skólaskyldu, starfstíma skóla og skólatíma nemenda skulu koma til framkvæmda svo fljótt sem aðstæður leyfa í hverju skólahverfi að dómi menntamálaráðuneytisins og hvergi síðar en svo, að fyrsti bekkur geti hafið nám samkvæmt þeim innan þriggja ára frá setningu laganna og lokið því í samræmi við ákvæði þeirra, sbr. þó 5. gr.

### III. KAFLI

#### Skólaskipan og skólahúsnæði.

#### 13. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu alls landsins í skólahverfi. Það ákveður, hvar stofna skuli skóla og hvar heimavist við skóla, að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðslustjóra, sbr. 60. gr. Það gerir eða lætur gera framkvæmdaáætlun um skólabyggingar fyrir allt landið:

- a) er taki til allt að 10 ára tímabils. Framkvæmdaáætlun þessa skal endurskoða svo oft sem ástæða þykir til.
- b) árlega framkvæmdaáætlun, sem fylgi tillögum til fjárveitinga í fjárlögum.

Röðun framkvæmda miðast við, hvar skólabyggingaþörf er brýnust að álitum ráðuneytisins.

#### 14. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnu álitum samstarfsnefndar ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, skiptingu landsins í fræðsluumdæmi, og skulu þau vera 5 hið fæsta, en eigi fleiri en 8. Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð.

#### 15. gr.

Skólahverfi er eitt eða fleiri sveitarfélög, sem ein sér eða í sameiningu starfrækja grunnskóla, einn eða fleiri. Í hverju skólahverfi skal vera skólanefnd, í kaupstöðum skólaráð nema í Reykjavíkurborg, þar sem fræðsluráð fer með störf skólanefndar.

16. gr.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði, er fullnægi þörfum fyrir grunn-skóla eða a. m. k. hluta hans. Skólahverfi geta sameinast um skóla fyrir eldri bekkir grunnskóla. Leita skal álits viðkomandi sveitarstjórna, fræðsluráðs og fræðslu-stjóra um slíka samvinnu, en menntamálaráðuneytið tekur endanlega ákvörðun. Um skólanefnd slíks skóla fer eftir ákvæðum 38. gr. Menntamálaráðuneytið ákveður um byggingu og gerð skólahúsnæðis í samræmi við lög um skólakostnað.

17. gr.

Eðlilegt viðhald skólahúsa og skólahúsgagna, svo og kaup og endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt að mati fræðslu-stjóra. Verði ágreiningur, sker ráðuneytið úr. Kostnaður greiðist samkvæmt lögum um skólakostnað. Menntamálaráðuneytið ákveður í reglugerð, að höfðu samráði við samstarfsnefnd ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, árlegan hundr-aðshluta af brunabótamati hvers skólahúss til viðhalds húss og lóðar.

18. gr.

Umráð og umsjón skólamannvirkja, sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga, er í höndum sveitarstjórna (skólanefnda og skólaráða), nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð.

#### IV. KAFLI

##### Kennarar.

19. gr.

Engan má skipa kennara við grunnskóla, nema hann uppfylli skilyrði laga um kennaramenntun. Menntamálaráðuneytið getur með reglugerð ákveðið, hvaða reynslu og menntun umfram kennaramenntun þurfi til að verða settur eða skipaður skóla-stjóri við grunnskóla.

20. gr.

Skólastjóri eða kennari, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunn-skóla, skal gegna því samkvæmt erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur.

Um setningu og skipun kennara fer eftir lögum um réttindi og skyldur opin-berra starfsmanna. Þó skulu skólastjórar og kennarar við heimavistarskóla ekki skipaðir fyrr en eftir tveggja ára reynslu við þau störf í slíkum skóla.

21. gr.

Um vikulegan starfstíma og kjör skólastjóra og kennara og annars starfsliðs grunnskóla fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna eða kjaradómi.

22. gr.

Í hverjum grunnskóla skal allt að ákveðnu hlutfalli af hámarki reiknaðra stunda varið til stjórnunar skólans, sbr. 30. gr. Fræðslustjóri getur með samþykki menntamálaráðuneytisins minnkað kennsluskyldu skólastjóra með hliðsjón af til-lögum hans um nýtingu og skiptingu kvóta skólans til stjórnunar- og skrifstofu-starfa.

23. gr.

Þegar kennari nær 55 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans um  $\frac{1}{6}$ , og er hann nær 60 ára aldri, minnkar kennsluskylda hans enn um  $\frac{1}{6}$  af því, sem hún var upp-haflega.

24. gr.

Skólastjóri fer í skóla sínum með umboð yfirstjórnar fræðslumála og skólanefndar gagnvart kennurum skólans, nemendum og forráðamönnum þeirra. Hann stjórnar

öllu starfi skólans eftir gildandi lögum og reglum og ber ábyrgð á því gagnvart yfir-  
stjórn fræðslumála og skólanefnd. Skólastjóri á rétt til setu á fundum skólanefnd-  
ar (skólaráðs), þegar fjallað er sérstaklega um skóla hans eða embættisrekstur,  
og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Þetta á þó ekki við, þegar fjallað er um endur-  
setningu eða skipun hans. Fræðslustjóri er tengiliður milli fræðsluráðs og skóla-  
stjóra og heldur fund með skólastjórum umdæmisins eigi sjaldnar en einu sinni  
á ári. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar (skólaráðs).

#### 25. gr.

Í skólum, sem eiga rétt á tíu eða fleiri kennurum í fullu starfi auk skólastjóra,  
má ráða yfirkennara, sbr. 31. gr., er fer með skólastjórn í forföllum skólastjóra  
eða er falin skólastjórn að hluta í umboði hans. Í minni skólum fer sá kennari,  
sem skólastjóri nefnir til, með skólastjórn í forföllum hans, nema þegar séð verður  
fram á, að um langvarandi fjarveru, svo sem orlof eða forföll í 2 mánuði eða meira,  
sé að ræða, og gerir skólanefnd þá tillögu um setningu í starfið.

Afsláttur frá kennsluskyldu yfirkennara skal árlega ákveðinn af viðkomandi  
fræðslustjóra með hliðsjón af því, að hve miklu leyti yfirkennari tekst á hendur  
stjórnunar- og/eða skrifstofustörf innan þess kvóta, er skólinn á rétt á, sbr. 30.  
gr. Þó skal setja í reglugerð ákvæði um lágmarkskennsluskyldu yfirkennara miðað  
við stærð skóla.

#### 26. gr.

Í grunnskóla skal kennsla falin föstum kennurum eftir því, sem við verður  
komið, og stundakennurum að öðru leyti.

Um réttindi kennara til að kenna í grunnskóla eða einstökum bekkjum hans  
skal ákveðið í lögum um menntun kennara.

#### 27. gr.

Aðalkennari hefur umsjón með bekkjardeild eða bekkjardeildum í grunn-  
skóla. Hann fylgist með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim og hefur  
samband við forráðamenn þeirra.

#### 28. gr.

Heimilt er skólastjóra með samþykki fræðslustjóra og innan þeirra marka, sem  
um getur í 30. gr., að fela kennara fagnámsstjórn, þ. e. umsjón með kennslu í einni  
námsgrein innan síns skóla. Eigi skal þó kennari hafa umsjón með sömu náms-  
grein lengur en þrjú ár í senn.

Enn fremur getur skólastjóri með samþykki fræðslustjóra og skólanefndar og  
innan þeirra marka, sem tiltekin eru í 30. gr., ráðstafað hluta af reiknuðum stund-  
um til eftirlits með bókasafni og kennslutækjum eða til annarra starfa í þágu skól-  
ans, svo sem skipulagningar og eftirlits með félagslífi nemenda. Eigi er skóla heimilt  
að fara fram úr kvóta sínum til þessara starfa nema til komi samþykki sveitar-  
stjórnar, og greiðist þá umframkostnaðurinn úr sveitarsjóði.

#### 29. gr.

Fastir kennarar, sem fá launalaust leyfi hluta af kennslutíma skólaársins, skulu  
fá laun greidd þá þrjú mánuði, sem skóli starfar ekki, í hlutfalli við þá tímalengd,  
sem þeir störfuðu, miðað við fullan starfstíma skóla.

#### 30. gr.

Ríkissjóður greiðir í grunnskólum landsins launakostnað allt að ákveðnu há-  
marki reiknaðra stunda, er miðast við fjölda nemenda samtímis í grunnskólum hvers  
skólahverfis og kennslustundafjölda á stundaskrá þeirra.

a) Hámark reiknaðra stunda á viku miðað við 30 nemendastundir á viku skal  
vera:

Séu nemendur:

allt að 20 komi 2,50 stundir á nemanda

21—50 komi 50 stundir auk 2,00 st. á hvern nem. umfram 20  
 51—150 komi 110 stundir auk 1,70 st. á hvern nem. unfram 50  
 151—350 komi 280 stundir, auk 1,50 st. á hvern nemanda umfram 150  
 fleiri en 350 komi 580 stundir auk 1,40 st. á hvern nem. umfram 350.

Sé fjöldi nemendastunda á viku að meðaltali annar en 30, breytist hámark reiknaðra stunda um 3% fyrir hvert einnar stundar frávik. Hver nemandi, sem nýtur sérkennslu skv. 9. gr., skal við ákvörðun hámarks reiknaðra stunda talinn sem 1.90 nemendur. Hver mánuður telst í þessu sambandi 4 vikur.

- b) Fari fjöldi nemendastunda í bekkjum 9 mánaða skóla fram úr ákvæðum námskrár, skal það ekki hafa áhrif á hámark reiknaðra stunda.
- c) Sé fjöldi nemendastunda á viku í bekk meiri en námsskrá gerir ráð fyrir, vegna þess að skólaár er styttra en 9 mánuðir eða að bekkjum er kennt á víxl, skal hámark reiknaðra stunda hækka skv. a-lið, að því marki, að árlegum námsstundafjölda í 9 mánaða skóla sé náð. Þó skal aukning námsstunda á viku í einstökum bekkjum fram yfir 20% þess stundafjölda, sem námsskrá gerir ráð fyrir, ekki hafa áhrif á hámark reiknaðra stunda.
- d) Starfi nemendur í skólabókasafni reglulega að skipulögðum verkefnum undir leiðsögn kennara síns, má bæta við fjölda nemendastunda í a-lið hér að framan allt að ½ kennslustund á viku á hverja bekkjardeild 10 ára barna og eldri. Veiti skóli verknámskennslu eða aðra kennslu, er hefur í för með sér skiptingu bekkjardeildar fram yfir það, að kennslustundir við hana séu 2,50 st. fleiri en nemendastundir á viku, skal hámark reiknaðra stunda hækka um þann stundafjölda, sem fram yfir er. Þó skal ekki hafa færri en 12 nemendur saman í sérkennslutímum af þessu tagi.
- e) Af hámarki reiknaðra stunda skv. liðum a—d hér að framan má hvert grunn-skólahverfi nota:
  - aa) til stjórnunarstarfa ..... allt að 5.5%
  - bb) til starfa við bókasöfn og kennslutæki ..... allt að 1.0%
  - cc) til félagsstarfa ..... allt að 1.0%
  - dd) til hjálparkennslu (leshjálp o. fl.) ..... allt að 6.5%
  - ee) til fagnámsstjórnar ..... allt að 1.0%
  - ff) til annarra nota ..... allt að 2.0%
- f) Til stjórnunarstarfa telst afsláttur af kennsluskyldu skólastjóra og kennara, sem veittur er skv. 22. gr. og 25. gr., og skrifstofustörf í einstökum skólum og/eða sameiginleg fyrir fleiri skóla sama skólahverfis. Um skiptingu stjórnunarstarfa á ofangreinda liði og hámarksafslátt af kennsluskyldu þeirra vegna skal setja ákvæði í reglugerð.
- g) Til starfa við bókasöfn og kennslutæki telst bókavazla, eftirlit með og leiðsögn við notkun þeirra, önnur en um getur í lið d, svo og öll önnur störf, sem af bókasöfnum og kennslutækjum leiðir.
- h) Reiknaðar stundir til félagsstarfa skal nota í 6.—9. bekk grunnskóla.
- i) Til hjálparkennslu telst leshjálp, reikningshjálp, svo og öll önnur námsaðstoð við nemendur utan venjulegrar bekkjarkennslu, sem ekki fellur undir ákvæði 9. gr. laganna.
- j) Til annarra nota skv. ff-lið telst m. a. námsleiðbeiningar, eftirlit með lesstofum, fyrirlestrahald og eyður í stundaskráum kennara.
- k) Greiðslur vegna forfalla samkvæmt læknisvottorði teljast ekki til reiknaðra stunda, en endurgreiðast úr ríkissjóði. Sama gildir um laun stjórnskipaðra prófdómara.

Víkja má frá ákvæðum a—c-liða til hækunar, þegar svo stendur á, að ekki er unnt innan þeirra að ná tilskilinni kennslu samkvæmt námsskrá eða vegna félagsstarfsemi nemenda. Slík frávik skulu úrskurðuð af ráðuneytinu til eins árs í senn eða fleiri ára, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þó skal ekki leyfa slík frávik umfram það, að útgjöld ríkissjóðs þeirra vegna nemi allt að tveimur af hundraði

(2%) af áætluðum heildargjöldum hans samkvæmt þessari grein, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Séu reiknaðar stundir með samþykki skólanefndar (fræðsluráðs) fleiri en samrýmist reglum a—d eða sérstakri skriflegri undanþágu menntamálaráðuneytisins, greiðist kostnaður þeirra vegna úr sveitarsjóði.

Verði af hálfu ráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á kennslu, námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um stundafjölda til samræmis.

Eigi skal að jafnaði skipa fleiri kennara við skóla en sem nemur því, að skylduvinna þeirra sé allt að 80% af hámarki reiknaðra stunda. Undanþágu má þó veita skólum með allt að 4 kennurum, að skólastjóra meðtöldum.

Heimilt er að veita afslátt af kennsluskyldu vegna stjórnunarstarfa, sbr. 22. og 25. gr., eða vegna námsstjórnar, og skal sá afsláttur metinn til starfstíma í samræmi við ákvæði kjarasamninga eða kjaradóms.

Kennslustundir og afsláttarstundir vegna ákveðinna starfa teljast reiknaðar stundir. Vikugreiðslur (1 mán. = 4 vikur) fyrir önnur störf færast til reiknaðra stunda með því að deila í greiðsluupphæðina með gildandi stundakennarakaupi.

### 31. gr.

Skólastjóri gerir tillögu til skólanefndar (skólaráðs) um ráðningu yfirkennara við skólann. Þegar skólanefnd og skólastjóri hafa orðið sammála um val yfirkennara, gera þeir sameiginlega tillögu til fræðslustjóra, sem ræður hann í starfið til eins árs í senn. Að loknum tveggja ára reynslutíma yfirkennara getur skólastjóri gert tillögu til fræðslustjóra um, að yfirkennari fái fastráðningu í starfið, svo lengi sem viðkomandi skólastjóri gegnir skólastjórn við skólann.

Nú skiptir um skólastjóra við grunnskóla, þar sem yfirkennari hefur verið ráðinn, og á yfirkennari þá rétt á að halda starfi sínu eitt ár. Að því loknu fer um endurráðningu hans eða ráðningu annars kennara í starfið eftir því, sem segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

Náist ekki samkomulag milli skólastjóra og skólanefndar um ráðningu yfirkennara, svo og ef skóli er of litill til að eiga rétt á að fá yfirkennara, ráðstafar skólastjóri að fengnu samþykki fræðslustjóra kvóta til stjórnunar skv. 30. gr. í samræmi við ákvæði 22. gr. og 28. gr.

Ríkissjóður ber kostnað vegna starfs yfirkennara, að því er varðar kennsluafslátt, sbr. 25. gr. og 30. gr. Um greiðslu til viðbótar kennaralaunum vegna starfs yfirkennara fer eftir samningi milli hans og viðkomandi sveitarfélags, sem ber þann kostnað.

### 32. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er og/eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir.

Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof allt að einu ári með föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs og/eða sérstakra styrkja. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna náms-

ferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnast skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að  $\frac{2}{3}$  af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum.

Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur  $1\frac{1}{2}$  árs embættislaunum hans. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að orlof trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof og/eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólustjóra.

### 33. gr.

Til endurmenntunar kennara má auk orlofs, sbr. 32. gr., verja árlega af hálfu ríkisins fjárhæð, sem svarar til eins hundraðshluta af samanlögðum skólustjóra- og kennaralaunum grunnskóla. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um endurmenntun kennara.

## V. KAFLI

### Stjórnun grunnskóla.

### 34. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn grunnskóla.

Skólustjóri fer með stjórn grunnskóla innan marka laga og reglugerða í samræmi við erindisbréf, er menntamálaráðuneytið setur. Í skólum, sem eiga rétt á 6 föstum kennurum eða fleiri, er skólustjóra til aðstoðar og ráðuneytis þriggja manna kennararáð, kjörið í upphafi skólaárs af almennum kennarafundi. Skólustjóri heldur kennarafundi svo oft sem honum og kennararáði þykir þurfa og hvenær sem a. m. k.  $\frac{2}{5}$  af föstum kennurum við skólann óska þess. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að koma á kennarafundi þá mánuði, er skóli starfar, ef fundurinn er boðaður og fer fram innan þeirra marka daglegs starfstíma skóla, sem ákveðinn er í kjarasamningum.

Kennarafundur er ráðgefandi um stjórn skólans og leggur tillögur sínar fyrir skólustjóra, sem ákvarðar um meðferð þeirra og framkvæmd. Greini kennarafund og skólustjóra á, geta kennarar skotið ágreiningsefnum til skólanefndar og fræðslustjóra, sem þá leitast við að jafna ágreininginn. Takist það ekki, getur hver einstakur aðili málsins skotið því til menntamálaráðuneytisins til úrskurðar. Þetta gildir einnig um ágreining millí skólustjóra og einstakra kennara, sbr. þó 92. gr.

### 35. gr.

Nú æskja foreldrar, sem börn eiga í grunnskóla, að stofna foreldrafélag við skólann í þeim tilgangi að fylgjast með og hafa áhrif á skólastarfið. Er skólustjóra þá skylt að boða til foreldrafundar, þar sem formlega verði gengið frá stofnun félagsins. Stjórn foreldrafélags er kosin á félagsfundi, skal hún skipuð þremur eða fimm mönnum og nefnist foreldraráð viðkomandi skóla. Kjörtímabil foreldraráðs er til upphafs næsta skólaárs, en nýtt foreldraráð skal jafnan hafa verið kosið eigi síðar en fyrir 15. okt. ár hvert. Réttur til þátttöku í foreldrafélagi og kjörgengi til foreldraráðs takmarkast við þá, sem börn eiga í hlutaðeigandi grunnskóla. Foreldraráð boðar til funda í foreldrafélagi, svo oft sem þurfa þykir.

Foreldraráð skal starfa í samvinnu við skólustjóra, kennara og skólanefnd og getur óskað eftir fundum með þessum aðilum. Skylt er skólustjóra að verða við slíkum tilmælum, svo oft sem rökstuddar ástæður eru til.



#### 36. gr.

Heimilt er nemendum 7. til 9. bekkjar grunnskóla að stofna nemendaráð, er sé skólastjóra og kennararáði til aðstoðar og ráðuneytis um málefni nemenda. Ráðið skal skipað einum fulltrúa úr hverri bekkjardeild, sem nemendur deildarinnar velja árlega, og kys það sér þriggja manna stjórn: formann, varaformann og ritara. Ráðið heldur gerðabók. Einn af kennurum skólans aðstoðar nemendaráð. Menntamálaráðuneytið setur nemendaráði starfsreglur.

#### 37. gr.

Við hvern skóla, þar sem stofnað hefur verið foreldraráð, skal vera samstarfsnefnd. Í henni eiga sæti tveir af kennararáðsmönnum, tveir fulltrúar kjörnir af foreldraráði og tveir af nemendaráði, sé það til við skólann. Samstarfsnefnd kys sér formann og ritara. Skólastjóri og/eða yfirkennari skal sitja fundi nefndarinnar. Menntamálaráðuneytið setur samstarfsnefnd starfsreglur.

#### 38. gr.

Í hverju skólahverfi utan kaupstaða, eða fyrir þá skóla, sem fleiri en eitt skólahverfi standa að, sbr. 16. gr., skal vera skólanefnd. Þar sem eitt sveitarfélag er skólahverfi, skal skólanefndin vera skipuð þremur mönnum. Þar sem tvö sveitarfélög mynda skólahverfi, skal skólanefnd einnig vera skipuð þremur mönnum, tveimur frá því sveitarfélagi, sem fjölmennara er. Séu þrjú eða fleiri sveitarfélög saman í skólahverfi, skal skólanefnd skipuð einum fulltrúa frá hverju þeirra.

Fulltrúar í skólanefnd eru kosnir af nýkjörinni sveitarstjórn og skal viðhafa hlutfallskosningu, ef krafa kemur fram um það. Varamenn skulu kosnir samtímis aðalmönnum. Skólanefnd kys sér formann úr sínum hópi. Verði atkvæði jöfn við formannskjör, ræður hlutkesti. Kjörtímabil skólanefnda skal vera hið sama og sveitarstjórna, og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

#### 39. gr.

Í hverjum kaupstað utan Reykjavíkur skal vera skólaráð, sbr. 15. gr., skipað fimm mönnum, og fer það með störf skólanefndar í samræmi við ákvæði þessara laga. Skólaráð skal kosið af nýkjörinni bæjarstjórn, og gilda um kosningu þess, kjörgengi og kjörtímabil sömu reglur og um skólanefndir. Skólaráð fer innan kaupstaðar með mál almennra skóla, sem kostaðir eru af ríki og bæjarfélagi sameiginlega. Að öðru leyti lýtur skólaráð sömu reglum um meðferð mála og skólanefndir.

Skólaráð getur, með samþykki viðkomandi bæjarstjórnar, ráðið sér framkvæmdarstjóra, sem er skólafulltrúi kaupstaðarins. Laun skólafulltrúa og kostnaður við starf hans greiðist úr bæjarsjóði.

#### 40. gr.

Formaður skólanefndar (skólaráðs) kveður til fundar, svo oft sem þurfa þykir. Skyli er honum að kveðja nefndina saman, ef einn nefndarmanna eða skólastjóri óskar þess. Fundur telst löglega boðaður, ef allir nefndarmenn, eða í forföllum aðalmanna varamenn, hafa verið boðaðir til hans a. m. k. sólarhring fyrir tilgreindan fundartíma. Skólanefnd getur enga ályktun gert, nema meiri hluti hennar sé á fundi. Allar ályktanir skulu ritaðar í gerðabók. Enginn fulltrúi í skólanefnd hefur atkvæðisrétt um þau mál, sem varða hann sjálfan, og skal hann í slíkum tilvikum víkja sæti fyrir varamanni. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

#### 41. gr.

Skólanefnd skal sjá um, að öll skólaskyld börn í skólahverfinu njóti lögboðinnar fræðslu. Skólastjóri semur á fyrsta starfsmánuði skólans í samráði við skólanefnd skýrslu um þau skólaskyld börn í skólahverfinu, sem ekki sækja grunnskóla, og sendir hana fræðslustjóra.

#### 42. gr.

Nú er kennarastaða laus í skólahverfi. Skal skólanefnd þá tafarlaust tilkynna það fræðslustjóra, en menntamálaráðuneytið auglýsir stöðuna, ef fyrirvari er nægur. Þurfi hins vegar að setja kennara fyrirvaralítið, getur menntamálaráðuneytið sett hann án undangenginnar auglýsingar, en auglýsa skal þá stöðuna að vori með venjulegum hætti. Þegar kennari lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna skólastjóra það skriflega fyrir 1. apríl, og skal skólastjóri þá tafarlaust tilkynna það skólanefnd og fræðslustjóra. Skipun eða setning í kennarastöðu við grunn-skóla miðast við 1. september og 9 mánaða starfstíma á skólaárinu, hafi skóli ekki fengið undanþágu til að starfa færri mánuði skv. 5. gr.

#### 43. gr.

Þegar skólastjóri lætur af störfum sökum aldurs eða að eigin ósk, skal hann tilkynna það skólanefnd og fræðslustjóra fyrir 1. apríl. Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðuna með lögum um umsóknarfresti. Skólastjórastöður, sem losna vegna þess, að skólastjóri hefur fengið stöðu við annan skóla, eða af öðrum ástæðum, skulu auglýstar svo fljótt sem unnt er.

Skipun, setning eða ráðning í skólastjórastöður miðast við 1. ágúst, enda hefji skólastjóri þá störf. Starfstími skólastjóra á skólaárinu telst einum mánuði lengri en starfstími skólans.

#### 44. gr.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um kennara- og skólastjórastöður og sendir fræðslustjóra tillögur sínar og umsagnir. Skytt er skólanefnd að leita álits skólastjóra um umsækjendur, ef velja á kennara, en fræðslustjóra, ef velja skal skólastjóra. Verði ágreiningur um umsækjendur milli skólastjóra og skólanefndar, gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra. Fræðslustjóri sendir allar tilkynningar um lausar stöður, svo og tillögur um stöðuveitingar og umsagnir til menntamálaráðuneytisins ásamt umsögn sinni.

#### 45. gr.

Skólanefnd skal líta eftir, að skólinn hafi allan nauðsynlegan aðbúnað, svo sem húsnæði, skólalóð, leikvelli, kennslutæki og innanstokksmuni. Sér hún í samráði við skólastjóra um, að uppfylltar séu á þessum sviðum kröfur í lögum og reglugerðum, og ber ábyrgð á, að viðhald og aukning eigi sér stað eftir þörfum.

#### 46. gr.

Skólanefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar eða sveitarstjórna og til fræðslustjóra um fjárframlög til skólahalds. Skólastjóri skal annast um skýrslugerðir, sem menntamálaráðuneytið beiðist frá skóla, en skólanefnd ber að veita honum allar þær upplýsingar, er hann þarfnast, og undirritar formaður nefndarinnar skýrslurnar með honum, þegar svo er fyrir mælt. Erindisbréf fyrir skólanefndir skal gefið út af menntamálaráðuneytinu.

#### 47. gr.

Reykjavíkurborg er fræðsluumdæmi. Ákvæði 48. og 49. gr. þessara laga um fræðsluumdæmi taka til fræðsluráðs og fræðslustjóra Reykjavíkur með þeim frávikum vegna sérstöðu Reykjavíkur, er þar greinir. Fræðsluráð Reykjavíkurborgar fer einnig með störf skólanefndar í samræmi við ákvæði þessara laga.

#### 48. gr.

Fræðsluskrifstofa skal vera í hverju fræðsluumdæmi, sbr. 14. gr.

#### 49. gr.

Menntamálaráðuneytið auglýsir stöðu fræðslustjóra og setur hann til tveggja ára að fenginni umsögn fræðsluráðs, en að þeim tíma liðnum á hann rétt á skipun í starfið eða sinni fyrri stöðu eða annarri jafnvel launaðri og hún var. Fræðslustjór-

ar skulu búsettir í umdæmum sínum eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. Fræðslustjóri veitir fræðsluskrifstofu forstöðu og gerir tillögur til ráðuneytisins um ráðningu starfsfólks, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til í fjárlögum og af hálfu sveitarfélaga.

Í Reykjavík skal fræðslustjóri ráðinn af borgarstjórn með samþykki menntamálaráðuneytisins. Annað starfsfólk ræður borgarstjórn að fengnum tillögum fræðslustjóra.

#### 50. gr.

Um launakjör fræðslustjóra og annars starfsliðs fræðsluskrifstofu fer eftir gildandi ákvæðum hverju sinni um kjör opinberra starfsmanna.

#### 51. gr.

Þeir, sem settir eru fræðslustjórar, skulu fá launalaust leyfi frá því opinbera starfi, sem þeir kunna að hafa á hendi, er þeir gerast fræðslustjórar, allt að tveimur árum.

Heimilt er að greiða þeim fræðslustjórалаun í þrjá mánuði áður en þeir taka við starfinu, enda sé þeim tíma varið til undirbúnings. Fræðslustjórar og fast starfslið fræðsluskrifstofu tekur laun úr ríkissjóði, en þau endurgreiðast að hálfu af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli, eftir skiptingu, sem sveitarfélögin koma sér saman um. Sama gildir um laun annars starfsliðs fræðsluskrifstofu, skrifstofu- og ferðakostnað o. s. frv. Ef samkomulag næst ekki, sker menntamálaráðuneytið úr, og skal greiðslum hagað í samræmi við þann úrskurð, unz sveitarfélögin koma sér saman um aðra skiptingu.

Kostnaður við fræðsluskrifstofu skal greiddur af háðum aðilum mánaðarlega fyrirfram samkvæmt áætlun samþykktri af menntamálaráðuneytinu. Í Reykjavík greiðir borgarsjóður allan kostnað við rekstur fræðsluskrifstofunnar, en ríkissjóður endurgreiðir hluta kostnaðarins og nemur sú greiðsla einum hundraðshluta af launakostnaði og stjórnunarkostnaði í þeim skólum í Reykjavík, sem eru reknir sameiginlega af ríki og borg.

#### 52. gr.

Í hverju fræðsluumdæmi skal vera fræðsluráð. Fer það með stjórn fræðslumála innan hvers fræðsluumdæmis í umboði menntamálaráðuneytisins, sveitarstjórna og skólanefnda eða skólaráða. Fræðslustjóri er framkvæmdastjóri fræðsluráðs.

Í Reykjavík er fræðsluráð skipað fimm fulltrúum, kosnum hlutfallskosningu af borgarstjórn eftir hverjar borgarstjórnarkosningar, og kýs það sér formann. Í öðrum fræðsluumdæmum er fræðsluráð skipað einum fulltrúa frá hverri skólanefnd eða skólaráði, sem þessir aðilar kjósa til þess. Fræðslustjóri hvers fræðsluumdæmis skal að loknum sveitarstjórnarkosningum kveðja alla hina nýkjörnu fulltrúa fræðsluráðs til fundar, þar sem þeir kjósa úr sínum hópi 3—5 manna framkvæmdanefnd til eins árs í senn, og kýs hún sér formann. Skólafulltrúar eiga rétt til setu á fundum framkvæmdanefndar fræðsluráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Auk kjörinna fræðsluráðsmanna á ráðuneytisstjóri menntamálaráðuneytisins rétt til setu á fundum fræðsluráðs.

#### 53. gr.

Fræðslustjóri sér um, að gerðar séu árlega, í samráði við fræðsluráð, tillögur að fjárhags- og framkvæmdaáætlun um fræðslumál umdæmisins, bæði fyrir hvern einstakan skóla eða skólahverfi, svo og umdæmið í heild, og taki áætlunin til stofn- og rekstrarkostnaðar.

Tillögur þessar sendast menntamálaráðuneytinu, þegar þær hafa hlotið samþykki sveitarstjórna, er hlut eiga að máli.

#### 54. gr.

Fræðslustjórar skulu vera menntamálaráðuneyti og sveitarstjórnnum til aðstoðar við framkvæmd fyrirmæla, er varða starfsemi skóla, sem kostaðir eru sameig-

inlega af ríki og sveitarfélögum, svo sem grunnskóla, iðnfræðsluskóla og húsmæðra-skóla. Einnig getur ráðuneytið í samráði við fræðsluráð falið fræðslustjórum að annast tiltekin málefni þeirra skóla, sem kostaðir eru að öllu leyti af ríkissjóði.

#### 55. gr.

Fræðslustjórar hafa í umboði menntamálaráðuneytisins og sveitarstjórna umdæmisins umsjón með rekstri, eignum og eignabreytingum þeirra skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, svo og þeim málefnum annarra skóla, er menntamálaráðuneytið kann að fela þeim, sbr. 54. gr.

Fræðslustjórar skulu, í samráði við skólastjóra og skólanefndir, semja áætlun um nemendafjölda og fjölda reiknaðra stunda til skólahalds og áætla kostnað ríkissjóðs annars vegar og sveitarsjóðs hins vegar fyrir hvert komandi skólaár. Skulu slíkar skýrslur og áætlanir komnar til menntamálaráðuneytisins á þeim tíma, er það kveður á um. Menntamálaráðuneytið veitir leiðbeiningar um skýrslugerð og reikningsskil skóla og fyrirkomulag á skjalasafni skóla, þannig að það sé jafnan í röð og reglu til notkunar og varðveitist sem heimildargögn fyrir síðari tíma.

#### 56. gr.

Fræðslustjórar skulu líta eftir því, hver í sínu umdæmi, að gildandi fyrirmælum um fræðslumál, bæði að því er varðar sjálft kennslustarfið og stjórnunarmál, sé framfylgt. Þeir skulu kynna sér starfsskilyrði skólanna og starfsmanna þeirra, aðbúnað nemenda og aðstöðu til kennslu og náms. Þeir skulu einnig fylgjast með árangri kennslu í samvinnu við skólarannsóknadeild, sbr. 59. gr. Er fræðslustjóra heimilt að verja til námseftirlits og leiðbeininga allt að 10 vikustundum á hverja 1000 nemendur í grunnskólum umdæmisins, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð. Það er háð samþykki menntamálaráðuneytisins, hvaða kennurum er falið að gegna þessum störfum. Fræðslustjórar skulu leiðbeina skólastjórum, kennurum og skólanefndum (skólaráðum) um réttindi þeirra og skyldur og leysa eftir föngum úr ágreinngi, sem upp kann að koma milli þeirra aðila, sem hlut eiga að skólastarfinu.

#### 57. gr.

Fræðslustjórar skulu gera tillögur til ráðuneytisins um stærð skólahverfa og vinna að hagkvæmum breytingum á skipan og framkvæmd skólahalds.

#### 58. gr.

Fræðslustjórar skulu athuga, í samvinnu við skólalækna og sálfræðipjónustu skólanna, hvort í umdæminu eru börn, sem eiga ekki samleið með öðrum börnum í námi vegna

- a) sjóndepru eða blindu,
- b) heyrnargalla, málhelti eða málleysis,
- c) tornæmis eða vanvitaháttar eða
- d) af öðrum ástæðum.

Ef um slík börn er að ræða, skulu fræðslustjórar árlega senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um þau og hlutast til um, að börnin njóti kennslu við sitt hæfi í grunnskóla eða þeim stofnunum, sem sérfræðingar telja þeim henta, svo sem heyrnleysingjaskóla, blindraskóla, skóla fyrir vangefna o. s. frv., allt eftir því, sem lög, námsskrá og önnur gildandi fyrirmæli kveða á um, sbr. einnig 8., 9. og 10. gr.

#### 59. gr.

Til að leiðbeina um kennslu í grunnskóla og fylgjast með árangri hennar skulu vera námsstjórar í einstökum greinum, eftir því sem þörf er á og fé er veitt til í fjárlögum. Þó skal eigi varið til námsstjórnar lægri fjárhæð en sem nemur sex námsstjórallaunum, þótt starfinu sé e. t. v. skipt milli fleiri manna. Laun og annar kostnaður við starf námsstjóra greiðist úr ríkissjóði og ræður menntamálaráðu-

neytið þá til þriggja ára eða skemmri tíma, ef hentara þykir. Þeir skulu njóta launakjara samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins. Opinberir starfsmenn, sem veljast til námsstjórnar, fá launalaust leyfi, meðan þeir gegna námsstjórn. Heimilt er ráðuneytinu að greiða þeim laun og gera þeim á annan hátt kleift að verja allt að sex mánuðum í undirbúning, áður en starf þeirra hefst, enda sé þeim tíma eingöngu varið í því skyni í samráði við skólarannsóknadeild. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um námsstjórn sem þátt í starfi skólarannsóknadeildar, sbr. 80. gr.

#### 60. gr.

Fræðslustjórar skulu gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um, hvar vera skuli skólar og hvar heimavistir við skóla, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefnda, fræðsluráða og sveitarstjórna, svo og iðnfræðsluráðs, að því er iðnfræðslu varðar. Einnig skulu þeir gera tillögur um skólabýggingar fyrir þau skólastig, sem starfssvið þeirra tekur til.

#### 61. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um verkefni fræðslustjóra og fræðsluráða.

### VI. KAFLI

#### Starfstími skóla og kennsluskipan.

#### 62. gr.

Reglulegur starfstími grunnskóla miðað við 6 daga kennsluviku skal vera frá 1. september til 31. maí. Til kennslu og prófa skal varið 198 dögum af starfstímanum hið fæsta, en allt að 15 dögum að auki má verja til annarra þarfa skólans.

Ef sveitarfélag æskir, getur menntamálaráðuneytið heimilað, að kennt sé aðeins 5 daga vikunnar, og skal þá lengja daglegan og/eða árlegan starfstíma sem nemur fækkun daga, svo að nemendur fái á skólaárinu jafnmikla kennslu, hvort sem kennt er 5 eða 6 daga vikunnar. Í skólum með 5 daga vinnuviku má til viðbótar kennslu- og próftíma verja allt að 9 dögum til annarra þarfa skólans. Fræðslustjóri kveður á um, að fengnu álitni skólastjóra fræðsluumdæmisins og samþykki menntamálaráðuneytisins, hvernig verja megi þeim starfsdögum skóla (allt að 15 eða 9), sem ekki er skylt að nota sem kennsludaga eða prófdaga, og skal sú ákvörðun birt skólunum við upphaf hvers skólaárs, ásamt skrá um, á hvaða daga lögboðin leyfi falla á skólaárinu. Sé heimildin um að verja tíma til annarra þarfa skólans en kennslu og prófa ekki fullnotuð, fjölgar kennsludögum á skólaárinu að sama skapi.

#### 63. gr.

Í samræmi við markmið grunnskóla skal námsskrá kveða á um:

- a) þjálfun í notkun móðurmálsins og fræðslu um íslenzkar bókmenntir og menningu,
- b) undirstöðukennslu í stærðfræði,
- c) kennslu í erlendum málum, og séu forsendur fyrir vali þeirra annars vegar að varðveita tengslin við uppruna þjóðarinnar og norræna menningu og hins vegar að opna Íslendingum leið til samskipta við sem flestar þjóðir,
- d) fræðslu um umhverfi og umheim — um landafræði, samfélagshætti og sögu,
- e) kennslu í frumatriðum líffræði, efnafræði og eðlisfræði,
- f) uppfræðslu í trúarbrögðum og almennri siðfræði,
- g) þroskun fagurskyns og listhneigðar,
- h) kennslu í heilsufræði og líkamsrækt,
- i) kennslu í handíðum og heimilISRækt.

Að öðru leyti ákveður menntamálaráðuneytið námsefni grunnskóla, magn þess og skipan á námsár, sbr. þó 64. gr.

Við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskólann skal þess sérstaklega gætt, að skólinn krefjist ekki hins sama af öllum, heldur komi til móts við og viðurkenni mismunandi þroska, getu og áhugasvið nemenda.

Setja skal sérstakar námsskrár fyrir nemendur, sem njóta sérkennslu skv. 8. og 9. gr.

Skólarannsóknadeild ráðuneytisins hefur námsskrána stöðugt til athugunar og endurskoðunar og gerir tillögur um breytingar, þegar þörf er talin á.

Heimilt er í efstu bekkjum grunnskóla að nota hluta kennslutímans til valgreina í samræmi við reglur, sem menntamálaráðuneytið setur.

#### 64. gr.

Vikulegur kennslutími í grunnskóla skal eigi vera skemmri en hér segir:

Í 1. bekk 960 mín., 2. bekk 1000 mín., 3. bekk 1120 mín., 4. bekk 1280 mín., 5. bekk 1360 mín., 6. bekk 1400 mín., 7. bekk 1520 mín., 8. bekk 1600 mín. og í 9. bekk 1600 mín.

Aukning kennslutíma frá framangreindu lágmarki er háð samþykki menntamálaráðuneytisins.

#### 65. gr.

Um lengd kennslustunda fer eftir ákvörðun fræðslufirvalda og skólastjóra. Eigi má þó samfelld kennslustund vera lengri en 80 mínútur og eigi að jafnaði skemmri en 20 mínútur. Meðallengd kennslustunda í grunnskóla telst vera 40 mínútur.

#### 66. gr.

Stundahlé skulu í grunnskóla vera 15 mínútur á móti hverjum 100 mínútum, sem kenndar eru, og teljast þau starfstími kennarans til viðbótar beinni kennslu.

#### 67. gr.

Leyfis dagar í grunnskóla skulu, auk helgidaga þjóðkirkjunnar, vera sem hér segir: Jólaleyfi frá og með 21. desember til og með 3. janúar, páskaleyfi frá og með laugardegi fyrir páskadag til og með þriðjudegi næstum eftir páska, sumardagurinn fyrsti, fyrsti maí og laugardagur fyrir hvítasunnu.

#### 68. gr.

Eftir að frá hafa verið taldir nemendur, sem ekki stunda nám í almennum bekkjum grunnskóla, sbr. 8. gr. og 9. gr., skal meðaltal nemenda í bekkjardeildum hvers aldursflokks í grunnskóla ekki fara yfir 30 og nemendafjöldi í bekkjardeild að jafnaði ekki yfir 32. Heimilt er þó, þegar kennarar í aldursflokki eða námsgrein vinna saman í gengi, að leysa að nokkru upp bekkja- og deildaskipan og kenna nemendum saman í ýmist smærri eða stærri hópum, enda hafi það ekki áhrif til breytinga á heildarkennslumagni.

#### 69. gr.

Í fámennum skólum, þar sem nemendur 1.—6. bekkjar eru á mismunandi aldri saman í deild, skulu að jafnaði ekki vera fleiri en 4 aldursflokkar saman í bekkjardeild. Hámarksfjöldi nemenda í bekkjardeild skal vera þessi, sbr. þó 70. gr.:

- a) 16, ef aldursflokkar eru 4,
- b) 20, ef aldursflokkar eru 3,
- c) 24, ef aldursflokkar eru 2.

Fræðslustjóri getur samþykkt frávik frá reglunum um deildaskipan og nemendatölu.

#### 70. gr.

Skólastjóri leggur í byrjun hvers almanaksárs fyrir fræðslustjóra áætlun um fjölda nemenda og bekkjardeilda næsta skólaár. Fræðslustjóri getur, þegar sérstaklega stendur á, hækkað nemendafjölda þann, er um getur í 69. gr., um allt að 4 nemendur í bekkjardeild, gegn aukningu kennslumagns með fjölgun tíma eða skipti-

tímum. Slikar ákvarðanir skulu ekki auka kennslumagn umfram það, sem ákveðið er í skólakostnaðarlögum, en ella vera háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

**71. gr.**

Í 7. til 9. bekk grunnskóla skulu deildir eigi vera færri en aldursflokkar þeir, sem skólann sækja.

**72. gr.**

Til þess að 7. til 9. bekk grunnskóla verði haldið uppi í skólahverfi, má meðalfjöldi nemenda í deild ekki vera minni en 15.

**73. gr.**

Fullnoti grunnskóli ekki hámark reiknaðra stunda samkvæmt 30. gr., að fullnægðum fyrirmælum námsskrár, getur skólastjóri gert tillögur um, hvernig allt að 75% af mismuninum skuli varið til aukinnar kennslu, og lagt þær fyrir fræðslustjóra. Koma þær til framkvæmda að fengnu samþykki hans.

Í skólahverfi með tvo eða fleiri grunnskóla skal miða kennslumagn við heildartölu nemenda.

## VII. KAFLI

### Námsmat.

**74. gr.**

Megintilgangur námsmats er örvun og námshjálp. Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast með því, hvernig nemendum gengur að ná þeim markmiðum í námi, sem skólinn setur þeim, sbr. 63. gr. Skal jafnan nota þá matsaðferð, sem bezt á við markmiðið hverju sinni. Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans, heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfsins, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Til þess hluta námsmats, sem framkvæmt er með prófum, lögðum fyrir heila árganga, er heimilt að hafa prófdaga sem hér segir: í 1. og 2. bekk þrjú daga, í 3. bekk fjóra daga, í 4., 5. og 6. bekk sex daga, í 7., 8. og 9. bekk allt að tólf daga að meðaltali.

Meðan ekki hafa verið teknar upp í skólanum nýjar aðferðir við námsmat, svo sem gert er ráð fyrir í lögum þessum, getur menntamálaráðuneytið veitt heimild til frávíka frá þessum ákvæðum.

Óheimilt er að fella niður kennslu vegna prófa umfram það, sem hér segir.

**75. gr.**

Er grunnskólanámi lýkur, skal nemandi fá skírteini, er votti, að hann hafi lokið skyldunámi samkvæmt lögum. Enn fremur skal hann fá skírteini, er veiti þá vitneskju um námsferil hans, er framhaldsskólum, vinnuveitendum og nemandanum sjálfum og forráðamönnum hans er nauðsyn á, þar á meðal um námsbraut hans í 8. og 9. bekk og námsárangur hans í einstökum greinum (dóm kennara og úrslit prófa, þ. á m., ef svo ber undir, samræmdra lokaprófa).

**76. gr.**

Í 1.—8. bekk grunnskólans skulu kennarar gefa umsögn og/eða einkunnir í lok hvers skólaárs eða námsáfangna, er gefi til kynna námsárangur, vinnubrögð og framfarir nemandans og viðhorf hans til viðfangsefna skólans. Upplýsingar þessar skulu færðar í spjaldskrá skólans og prófskýrslur og veittar nemendum og foreldrum.

**77. gr.**

Próf í grunnskóla skulu að jafnaði framkvæmd af kennurum skólans. Þó getur menntamálaráðuneytið ákveðið aðra tilhögun, svo sem við samræmd lokapróf í einstökum greinum.

**78. gr.**

Menntamálaráðuneytið skal leggja skólunum til samræmd könnunarpróf í einstökum greinum og stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði, svo fljótt sem við verður komið. Það skal og veita sérfræðilegar leiðbeiningar um, hvernig skólararnir geti sem réttast metið námshæfni og námsárangur nemenda og gefið sem gleggstar umsagnir og upplýsingar um þá.

**79. gr.**

Nánari ákvæði um tilhögun námsmats skal setja í reglugerð. Þar skal og setja ákvæði um, hvernig fylgt verði með námi þeirra nemenda á skólaskyldualdri, sem eigi sækja almennan grunnskóla.

**VIII. KAFLI**

**Um skólarannsóknir o. fl.**

**80. gr.**

Í menntamálaráðuneytinu skal vera deild, er hefur með höndum m. a. gerð áætlana um umbætur í starfi skóla, rannsókn- og tilraunastarf í skólum, mat og endurskoðun námsmarkmiða og námsefnis, gerð staðlaðra prófa, endurskoðun námsskrár, undirbúning í samvinnu við Ríkisútgáfu námsbóka að útgáfu nýrra kennslubóka í þeim námsgreinum, sem deildin hefur til endurskoðunar, kennslufræðilegt leiðbeiningastarf og tillögugerð um kennaranámskeið og nýjungar í kennaranámi í samvinnu við Kennaraskóla Íslands.

**81. gr.**

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn fimm manna samstarfsnefnd um uppeldis- og skólarannsóknir, er nefnist uppeldisrannsóknarnefnd. Í henni eiga sæti sérfróðir fulltrúar, tilnefndir af Háskóla Íslands, Kennaraskóla Íslands, Reykjavíkurborg og menntamálaráðuneytinu, auk formanns, sem skipaður skal án tilnefningar.

**82. gr.**

Til rannsóknarverkefna á sviði skóla- og uppeldismála skal varið árlega úr ríkissjóði a. m. k. 1% af heildarútgjöldum ríkissjóðs á fjárlögum til stofn- og rekstrar-kostnaðar grunnskóla og framhaldsskóla. Skulu a. m. k.  $\frac{2}{3}$  þessa fjár renna til skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, en allt að  $\frac{1}{3}$  getur ráðuneytið ráðstafað í samræmi við ákvæði 83. gr.

**83. gr.**

Uppeldisrannsóknarnefnd skal vinna að eflingu rannsókn- og tilraunastarfsemi á sviði skóla- og uppeldismála í landinu með því að:

- a) samhæfa verkefni þeirra aðila, er að slíkum málum vinna, og leitast við að koma í veg fyrir, að tvíverknaður eigi sér stað, og
- b) gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um úthlutun fjár til slíkrar starfsemi, sbr. 82. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf uppeldisrannsóknarnefndar, svo og um þau skilyrði, sem fullnægja þarf til þess að hljóta áður nefnda fjárhagsaðstoð. Val rannsóknarverkefna skal miðast við þarfir íslenzkra skólamála.

**84. gr.**

Menntamálaráðuneytið getur veitt einstökum fræðsluumdæmum, skólahverfum og opinberum kennslustofnunum heimild til að starfrækja tilraunaskóla með undanþágu frá ákvæðum fræðslulaga og reglugerða, svo sem um námsskrá, starfstíma skóla, kennslutilhögun, kennslumagn, skipun nemenda á tiltekin skólastig o. s. frv., enda brjóti slíkar undanþágur ekki í bág við 1. gr. þessara laga eða þrengi hlutverk grunnskóla frá því, sem þar er gert ráð fyrir.

Ef kostnaður við tilraunaskóla fer fram úr því, sem greiða á til hans skv. skóla-



kostnaðarlögum, skiptist það, sem umfram er, að hálfu milli ríkisins og viðkomandi aðila, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt árlega kostnaðaráætlun fyrirfram.

#### 85. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn sjö manna ráð, er nefnist grunnskólaráð. Forstöðumaður skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins er formaður grunnskólaráðs, en með honum skulu eiga sæti í því fulltrúar frá þessum aðilum: Kennaraskóla Íslands, Háskóla Íslands, Ríkisútgáfu námsbóka, tveir fulltrúar frá samtökum kennara á grunnskólastigi — annar með sérþekkingu á kennslu í 1.—6. bekk, hinn með sérþekkingu á kennslu í 7.—9. bekk og einn fulltrúi fyrir framhaldsskólastigið.

Grunnskólaráð er ráðgefandi í kennslufræðilegum málefnum grunnskólans og skilar tillögum sínum til menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið setur grunnskólaráði erindisbréf og kveður á um starfs-tilhugun þess og starfssvið.

### IX. KAFLI

#### Einkaskólar.

#### 86. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að löggilda grunnskóla eða hluta grunnskóla, sbr. 4. gr., eða forskóla, sbr. 93. gr., sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð eða skipulagsskrá, er það staðfestir, enda hliti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir grunnskólar. Kennarar við skóla þessa skulu fullnægja öllum skilyrðum um rétt til kennslu í grunnskóla. Börn, sem þessa einkaskóla sækja, hafa undanþágu samkvæmt 7. gr., en forstöðumaður skal fyrir upphaf hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá um nemendur og tilkynna henni allar breytingar á nemendaskrá, jafnóðum og þær verða.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé.

#### 87. gr.

Kennsla óskólaskyldra barna umfram það, sem segir í 93. gr., er háð leyfi fræðslustjóra. Nánari ákvæði má setja í reglugerð.

### X. KAFLI

#### Réttindi og skyldur nemenda, kennara og annars starfsliðs grunnskóla.

#### 88. gr.

Börnum og unglíngum er bæði rétt og skylt að sækja grunnskóla, fái þau ekki hliðstæða kennslu annars staðar, sbr. 7., 8., 9. og 86. gr. þessara laga.

Skólaskylda barns hefst við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður 7 ára. Skólaganga má þó hefjast fyrr á almanaksárinu, ef skólahverfi heldur vor-skóla. Sæki foreldrar eða forráðamaður um eða samþykki, að barn, sem náð hefur sex ára aldri fyrir 1. júlí, hefji nám á því ári, eða að barn, sem ekki verður sjö ára fyrr en eftir 1. júlí, fresti námi um eitt ár, getur skólastjóri, að fengnum meðmælum sálfræðiþjónustu skólans, haft þann hátt á. Nú sækja foreldrar eða forráðamaður um, að barn, sem nær sex ára aldri á síðari hluta almanaksársins, fái að hefja skólagöngu í grunnskóla. Getur þá skólastjóri heimilað þetta, ef sálfræðiþjónusta skólans og skólalæknir mæla með því hvor um sig.

#### 89. gr.

Eigi má nemandi á starfstíma skólans stunda vinnu utan skólans, er að dómi skólastjóra og skólalæknis veldur því, að hann getur ekki rækt nám sitt sem skyldi

eða notið nauðsynlegrar hvíldar. Skal skólastjóri í þeim tilvikum tilkynna það til forráðamanns nemandans og hlutaðeigandi vinnuveitanda, en verði ekki bót á ráðin vísa málinu til meðferðar barnaverndarnefndar.

#### 90. gr.

Kennarar og starfsfólk skóla skulu í öllum samskiptum við nemendur stuðla að því, að skólavistin verði þeim ánægjuleg og að þeir geti í námi og starfi fengið heilbrigðan vettvang fyrir athafnaþrá sína og starfsgleði. Nemendum ber að hlýða kennurum og starfsfólki skóla í öllu því, er skólann varðar, fara eftir skólareglum og temja sér þróðmannlega framkomu.

#### 91. gr.

Verði nemandi eitthvað það á, sem ástæða þykir til að vanda um við hann fyrir, ber kennara að benda honum á, í hverju framkomu hans hafi verið áfátt. Alvarlegar umvandanir skulu ekki gerðar í áheyrn bekkjardeildarinnar, ef búast má við, að málið sé nemandanum viðkvæmt. Láti nemandi sér ekki segjast, ber kennara að ræða við hann í einrúmi og reyna að orsökunum að vandkvæðum hans. Kennari ræðir þá einnig við foreldra nemandans, þygi honum ástæða til, eða við foreldra og nemandann sameiginlega.

Heimilt er kennara, ef nemandi brýtur verulega af sér, að vísa honum úr kennslustund, en tilkynna skal skólastjóra strax um þessa ákvörðun. Skólastjóri getur, sé um vitaverða hegðun nemandans að ræða, sent hann heim, það sem eftir er dagsins, enda hafi hann áður látið foreldra eða forráðamenn vita, hvers vegna nemandinn er sendur heim, og fengið vissu fyrir, að hann eigi þar athvarf.

Við endurtekin hegðunar- eða agabrot skal kennari vísa málinu til skólastjóra, sem ber skylda til í samráði við foreldra og bekkjarkennara að leita orsaka að framferði nemandans. Ef skólastjóra þykir ástæða til, getur hann leitað álits sálfræðisþjónustu skólans. Skólastjóri skal að þessu loknu leitast við að hjálpa nemandanum með þeim aðgerðum, sem honum finnst beztan árangur muni bera. Skólastjóra er þá rétt að aðvara nemandann um frekari aðgerðir, ef hann bætir ekki ráð sitt, og skal forráðamönnum nemandi tilkynnt það.

Haldi nemandi samt sem áður áfram endurteknum og alvarlegum hegðunar- og agabrotum, getur skólastjóri vikið honum úr skóla allt að þremur dögum eða lengur, ef nauðsynlegt er vegna athugunar á nemandanum. Skal skólastjóri þá áður eða eigi síðar en samtímis og brottvísunin á sér stað tilkynna foreldrum eða forráðamanni og fræðslustjóra um hana. Fræðslustjóri lætur, eftir því sem ástæða er til og við á, sálfræði-, félagsráðgjafa- og lækniþjónustu skólans kanna aðstæður nemandans og leita að orsökum fyrir athæfi hans. Virðist heimilið eiga sök á vandkvæðum nemandi, skal það tilkynnt barnaverndarnefnd.

Náist ekki árangur með framangreindum aðgerðum, eða hegðun nemandi er talin hafa spillandi áhrif á aðra nemendur, getur skólastjóri gert rökstudda tillögu til skólanefndar um, að nemandanum verði vikið úr skólanum. Slíkri tillögu skal fylgja umsögn sálfræðings og annarra sérfræðinga, sem kunna að hafa fjallað um mál nemandans.

Skólanefnd getur þá vikið nemandanum úr skóla um stundarsakir, enda sé málið rætt við foreldra og nemandinn undir eftirliti og athugun meðan brottvísunin stendur. Leiði sú athugun í ljós, að nemandinn eigi ekki samleið með venjulegum nemendum, sbr. 9. gr., b-lið, skal hann fluttur í viðeigandi skóla eða stofnun, sbr. 6. gr.

Telji skólanefnd þörf á að vísa nemandi að fullu og öllu úr grunnskóla, eða stofnun á vegum hans, sbr. 10. gr., ber að tilkynna það barnaverndarnefnd, enda er þá nemandinn að öllu leyti í hennar umsjá.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um aga í grunnskóla og hvernig með agabrot skuli farið.

**92. gr.**

Telji skólastjóri, að kennari — eða kennari, að skólastjóri — hafi gerzt brotlegur við ákvæði þessara laga og/eða fyrirmæli skv. þeim, skal hann leggja málið fyrir skólanefnd, sem sendir það menntamálaráðuneyti og fræðslustjóra, ásamt greinargerðum málsaðila. Berist skólanefnd hliðstæð kæra á skólastjóra eða kennara frá forráðamanni nemandi, skal sama málsmeðferð viðhöfð.

Óski menntamálaráðuneytið umsagnar fræðslustjóra, skal hann skila umsögn sinni til ráðuneytisins svo fljótt sem kostur er á.

Menntamálaráðuneytið fellir endanlegan úrskurð í málinu, en skjóta má honum til dómstóla.

Ef nauðsyn krefur, getur skólastjóri með samþykki skólanefndar vikið kennara úr starfi um stundarsakir. Skólanefnd getur einnig, ef knýjandi ástæður eru fyrir hendi, gert tillögu til menntamálaráðuneytisins um að víkja skólastjóra úr starti um stundarsakir. Í slíkum tilvikum heldur skólastjóri eða kennari fullum launum, unz endanlegur úrskurður menntamálaráðuneytisins liggur fyrir, eða undirréttardómur, sé málið rekið fyrir dómstólum.

**XI. KAFLI**

**Forskóli.**

**93. gr.**

Heimilt er sveitarfélögum að setja á stofn við grunnskóla og undir sömu stjórn forskóla fyrir 6 ára börn, eða 5 og 6 ára börn, enda samþykki menntamálaráðuneytið starfsáætlun, húsnæði og annan aðbúnað skólans. Við forskólann skulu starfa kennarar, sem lokið hafa viðurkenndu kennaraprófi, og skulu þeir ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar við 1.—6. bekk grunnskóla. Kennarar, sem hlötið hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara, skulu ganga fyrir um rétt til starfsins. Heimilt er sömu aðilum að ráða að forskóla fóstrur eða aðra starfsmenn með viðurkennda menntun, sem henta þykir. Slíkir aðstoðarmenn skulu ráðnir og launaðir af sömu aðilum og kennarar, og fer um launakjör þeirra eftir kjarasamningum eða kjaradómi.

Heimilt er að nota til forskólahalds skólahúsnæði, sem fyrir hendi er.

**XII. KAFLI**

**Bókasöfn.**

**94. gr.**

Bókasafn og lesstofa fyrir nemendur og kennara skal vera við grunnskóla. Menntamálaráðuneytið gefur út reglugerð um skólabókasöfn, þar sem kveðið er á um lágmarksstofn bóka, stærð bókasafns miðað við nemendafjölda, starfslið og notkun.

Stofnkostnaður vegna húsnæðis og bóka greiðist eftir sömu reglum og gilda samkv. skólakostnaðarlögum um skólabýggingar og kennslutæki. Þátttaka ríkisins í launakostnaði fer eftir 30. gr. þessara laga, en um annan rekstrarkostnað fer eftir lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

**XIII. KAFLI**

**Heilsuvernd.**

**95. gr.**

Um heilsuvernd í grunnskóla fer eftir lögum nr. 41/1957, um heilsuvernd í skólum, og reglugerð nr. 214/1958. Sá aðili, sem falin er stjórn heilsuverndar í skólum, skal hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar í skólum

fræðsluumdæmisins á skólaárinu. Enn fremur skal, í upphafi skólaárs, í samráði við skólastjóra setja starfsliði heilsuverndar, sem í skóla starfar, svo sem skólalækni, hjúkrunarkonu og tannlækni, fastan starfstíma í skólanum.

Skólastjóra ber að fylgjast með því, að starfsfólk heilsuverndar ræki störf sín í skólanum í samræmi við þá vinnuáætlun, sem sett hefur verið skv. framangreindu.

#### XIV. KAFLI

##### Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta.

###### 96. gr.

Komið skal á ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fyrir grunnskóla.

Sálfræðideild skal vera við hverja fræðsluskrifstofu landsins.

Ef menntamálaráðuneytinu þykir betur henta, geta tvö eða fleiri fræðsluumdæmi sameinast um þessa þjónustu.

Fræðslustjóri gerir, með samþykki fræðsluráðs, tillögur til ráðuneytisins um að ráða í þessu skyni einn sálfræðing og honum til aðstoðar félagsráðgjafa í hálfu starfi og sérfróðan kennara í hálfu starfi fyrir hverja 2500 nemendur í 1.—6. bekk, en í 7.—9. bekk einn sálfræðing fyrir hverja 2500 nemendur og einn skólaráðgjafa fyrir hverja 500 nemendur. Skólaráðgjafar skulu vera sálfræðingar eða kennarar með viðurkennda framhaldsmenntun og starfsreynslu, sbr. 102. gr.

Heimilt er og að ráða ráðgefandi lækni við sálfræðideild.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðipjónustu greiðist að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum.

###### 97. gr.

Hlutverk ráðgjafar- og sálfræðipjónustu er:

- a) Að nýta sálfræðilega og uppeldisfræðilega þekkingu í skólastarfi.
- b) Að annast rannsókn á afbrigðilegum nemendum og þeim, sem ekki nýtast hæfileikar í námi og starfi.
- c) Að leiðbeina skólastjórum, kennurum og foreldrum um kennslu, uppeldi og meðferð nemenda, sem rannsakaðir eru (sbr. b-lið).
- d) Að taka til meðferðar nemendur, sem sýna merki geðrænna erfiðleika, og leiðbeina foreldrum og kennurum um meðferð þeirra.
- e) Að annast hæfniprófanir og ráðgjöf í sambandi við náms- og starfsval unglinga.

###### 98. gr.

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta lýtur stjórn viðkomandi fræðslustjóra á sama hátt og skólar. Skólaráðgjafar eru starfsmenn sálfræðideildar, en hafa aðsetur í skólanum. Forstöðumaður sálfræðideildar hefur sama rétt til að sitja fundi skólanefndar og skólastjóri, sbr. 24. gr. Enn fremur á hann rétt á að sitja fundi fræðsluráðs, þegar fjallað er um ráðgjöf og sálfræðipjónustu eða skyld mál, svo og hliðstæða fundi, sem fræðslustjóri boðar til með skólastjórum og/eða kennurum. Sálfræðideild skipuleggur starf skólaráðgjafa.

###### 99. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu.

Ráðuneytið getur falið tiltekinni stofnun, t. d. sálfræðideild, með samkomulagi við þá aðila, sem að henni standa, að annast fræðilega leiðbeiningastarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðipjónustu í landinu.

###### 100. gr.

Menntamálaráðuneytið skal fela sérfróðum starfsmanni að safna upplýsingum um námsbrautir, atvinnulíf og annað, er starfsfræðsla þarfnast, og annast útgáfu handbóka og hjálpargagna fyrir kennara og ráðgjafa.

101. gr.

Skólasálfræðingar skulu hafa lokið háskólanámi í sálarfræði eða sálfræðilegri uppeldisfræði, sem viðurkennt er af menntamálaráðuneytinu að fenginni umsögn Sálfræðingafélags Íslands. Forstöðumenn deilda skulu hafa a. m. k. fimm ára starfsreynslu að loknu almennu námi og vera færir um að leiðbeina byrjendum í starfi.

Nú getur fræðslustjóri ekki mælt með sálfræðingi, er hefur tilskilda menntun og starfsreynslu til að veita sálfræðideild forstöðu. Skal þá menntamálaráðuneytið, meðan svo stendur, sjá fyrir sálfræðipjónustu í því fræðsluumdæmi með því að fela hana sálfræðideild, er ráðuneytið viðurkennir, enda náist um það samkomulag milli hlutaðeigandi aðila. Að öðrum kosti getur menntamálaráðuneytið leyst málið í samræmi við ákvæði 96. gr.

102. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðipjónustu svo og kröfur um menntun þeirra, sem að þessum málum vinna.

Ráðuneytið setur starfsmönnum erindisbréf.

103. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda í samræmi við ákvæði 12. gr.

Jafnframt falla úr gildi:

Lög nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna.

Lög nr. 5 10. apríl 1968, um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, 5. gr., að því er tekur til ákvæða um námsstjórn í lögum um fræðslu barna og um gagnfræðanáám.

Lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanáám.

Lög nr. 123 22. des. 1947, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Lög nr. 21 15. apríl 1970, um breyting á lögum nr. 48/1946.

Önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

*Inngangur.*

Hinn 4. júlí 1969 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd „til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu (nr. 22/1946), lög um fræðslu barna (nr. 34/1946) og lög um gagnfræðanáám (nr. 48/1946) á grundvelli athugunar, sem farið hefur fram í menntamálaráðuneytinu.“ Formaður var skipaður Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri. Aðrir nefndarmenn voru: Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, Gunnar Guðmundsson, skólastjóri Laugarnesskóla, Helgi Eliasson, fræðslumálastjóri, Jónas B. Jónsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri og Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóri. Í september 1969 fór Andri Ísaksson utan til framhaldsnáms, og tók þá Jóhann S. Hannesson, skólameistari, sæti hans í nefndinni og hefur starfað þar áfram einnig eftir að Andri hóf störf í nefndinni á ný eftir heimkomu sína í júlí 1970. Í nóvember 1969 gerðist Þuríður J. Kristjánsdóttir, M.A., ritari nefndarinnar. Þá hefur Indriði Þorláksson, hagfræðingur, starfsmaður í menntamálaráðuneytinu, setið fundi nefndarinnar frá því í maí 1970 og unnið að útreikningum og upplýsingasöfnun.

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn hinn 11. júlí 1969.

Ekki er öld liðin síðan fyrst voru sett í lög á Íslandi ákvæði um kennslu barna. Árið 1880 voru sett lög um „uppfræðing barna í skrift og reikningi,“ en þá var og

í gildi konungsbréf frá 1790 um lestur barna og fræðslu þeirra, þar sem svo var kveðið á, að hvert barn skyldi hefja lestrarþám fyrir 5 ára aldur og varðaði sektum að láta það dragast til 7 ára aldurs. Konungsbréfið aldargamla og lögín frá 1880 gíltu til ársíns 1907, en þá voru samþykkt á Alþíngi hin fyrstu fræðslulög og skóla-skyldu komið á. Fræðslulögín hafa síðan verið endurskoðuð þrisvar sinnum, þ. e. árin 1926, 1936 og 1946. Gíldandi fræðslulög eru því næstum aldarfjórðungs gömul. Með þeim var hið merka spor stígið að samræma skólakerfið þannig, að lokapróf hvers stígs þess væri jafnframt inntökupróf á næsta stíg fyrir ofan. Sú er og stefna meðfylgjandi lagafrumvarps, en það vikur í nokkrum meginatriðum frá lögnum frá 1946, og skal nú gerð grein fyrir helztu frávikum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir 9 ára skólaskyldu í stað 8 áður, og lýkur skólaskyldu samkvæmt því á því ári, sem nemandinn verður 16 ára. Á skyldunámsstígi flytjast nemendur víðstöðulaust milli bekkja, prófstígin tvö, barna- og unglíngapróf, falla niður sem slík. Þetta þarf auðvitað ekki að tákna, að alltaf séu allir 9 árgangarnir saman í húsi eða stofnun, og eru raunar ákvæði í frumvarpinu, sem heimila ýmiss konar skiptíngu eftir aðstæðum. Þar sem skólahverfi eru fámenn, gæti t. d. verið nauðsynlegt að sameinast um kennslu elztu bekkjanna, svo að fjólbreytni í námi verði nær því, sem kostur er á í stórum skólum, og nýting kennslukrafta og -tækja verði betri en ella.

Í frumvarpinu er hinn samfelldi 9 ára skyldunámsskóli kallaður grunnskóli og frumvarpið samkvæmt því kallað frumvarp til laga um grunnskóla. Nefndarmenn voru ekki alls kostar ánægðir með orðið grunnskóli, en hafa vanízt því og telja það vel nothæft. Víð fyrstu sýn ber það svíp tökuorðs úr Norðurlandamálum og þýzku (grunnskole, grundschule), og hefur það m. a. verið fundið því til foráttu. Á hitt má þó benda, að rótin grunn er engu síður íslenzk og notuð í mörgum orðum, svo sem grunnkaup, húsgrunnur o. s. frv. Nokkur önnur heiti komu til greina, svo sem þjóð-skóli og lýðskóli, en þóttu ekki nothæf, m. a. vegna hefðbundinnar notkunar. Hefð-bundin notkun kemur og í veg fyrir, að unnt sé að nota hið ágæta orð gagnfræðaskóli yfir 9 ára skólann. Leitað var til ritstjóra orðabókar háskólans, sem taldi orðið grunnskóli vel nothæft.

Það virðist allmikið stökk að lengja skólaskyldu úr 8 árum í 9. Í rauninni er þetta þó aðeíns staðfesting á því, sem nú er, en alls staðar þar sem heimanganga er í þriðju bekki gagnfræðaskólanna eru þeir mjög almennt sóttir og allt að 100% sums staðar, þótt eigi tilheyri sá bekkur skyldunámi. Unglíngar, sem ekki geta gengið að heiman í 3. bekk, eru nú mun verr settir en hinir. Er þarna um verulegt misrétti að ræða í menntunaraðstöðu eftir búsetu og gætir vaxandi óánægju hjá íbúum dreifbýl-isíns vegna þess. Nú tekur ríkissjóður þátt í heimavístaríkostnaði nemenda á skyldu-námsstígi. Er gert ráð fyrir að svo verði áfram, þótt skólaskylda lengist um eitt ár, og er því lenging skólaskyldu verulegt fjárhagsatriði fyrir þá, sem í dreifbýli búa.

Skólaárið 1966—1967 voru 3729 nemendur í 2. bekk unglínga- og gagnfræðaskóla. Samkv. nemendaskrá Hagstofu Íslands fóru 673 þeirra, eða 18%, út úr skólakerfinu, þ. e. komu ekki fram árið eftir í skólum á gagnfræðastígi né í verzlunarskóla. Þegar lítið er þannig á landið í heild, héldu því 82% áfram námi. Þetta hlutfall er þó mun hærra í Reykjavík og á öðrum þéttbýlum svæðum, en allmikið lægra utan þeirra.

Þá er þess að geta, að víða í sveitum er skólaskylda enn stýtt með þeim hætti, að börn hefja ekki skólanám fyrr en 8, 9 eða jafnvel 10 ára gömul. Þótt frumvarpið geri ekki ráð fyrir slíkum frávikum, nema um takmarkað árábil, þá er og verður enn um sinn um verulega stýttingu námstíma að ræða hjá nokkrum hluta barna og einmitt þeim, sem sízt halda áfram að loknu skyldunámi eða hverfa jafnvel frá námi 14 ára gömul. Þessir unglíngar standa nú mjög illa að vígi, er þeir leita sér atvinnu utan heimahaganna eða hyggja á framhaldsnám síðar, og væri mikil réttarbót, ef þeim væri tryggð nám til 16 ára aldurs.

Auk lengingar skólaskyldu um eitt ár gerir frumvarpið ráð fyrir allmikilli ár-legri lengíngu flest árin frá því, sem nú er, ýmist sem fjólgun vikulegra stunda, eink-

um í yngstu bekkjunum, eða sem fjölgun kennsluvikna í elztu bekkjunum. Þá er og gert ráð fyrir betri nýtingu skólaársins til kennslu en nú er. Af öllu þessu leiðir, að það kennslumagn, sem hver nemandi fær samkvæmt frumvarpinu á 9 árum, er að heita má hið sama, og þó örlítið meira, og hann fær á 10 árum eftir núverandi skipan. Grunnskólinn ætti því að skila nemendum allmiklu betur búnum undir framhaldsnám en þeim, sem nú koma á sama aldri úr landsprófi miðskóla. Það er því ekki ólíklegt, að menntaskólunum dygðu 3 ár til að búa þá undir nám á háskólastigi, a. m. k. ef þeir bættu mánuði við árlegan starfstíma sinn. Þá væri stúdentspróf almennt tekið ári fyrir en nú, eða það ár er menn verða 19 ára, eins og nú er í öðrum Nórðurlandarkjum. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að duglegir nemendur geti lokið grunnskólanámi á skemmri tíma en 9 árum og næmi þá flýting til stúdentsprófs tveimur árum — og hugsanlega þremur. Auk þess sparnaðar, sem þetta er fyrir hvern einstakling, þótt starfstími skóla lengist um einn mánuð, þá fær þjóðfélagið þetta fólk að jafnaði ári fyrir til starfa og nýting skólahúsnæðis verður mun betri. Nú standa skólahús landsins ónotuð til kennslustarfa 3—5 mánuði ársins og væri ekki lítil hagræðing að árleg nýting batnaði, en það húsrými, sem 4. bekkir gagnfræða- og menntaskóla taka, losnaði til annars. Á sama hátt mundi sérmenntað kennaralið framhaldsskólastigsins nýtast betur, og virðist ekki af veita, þar sem alltaf er skortur á kennurum með full kennsluréttindi. Er raunar vafasamt að við höfum efni á að nýta skólahúsin og sérmenntun kennara jafnilla og nú.

Ekki er hægt að búast við því, að grunnskólinn skili öllum þeim, sem nú ljúka gagnfræðaprófi, jafnvel að sér eftir 9 ár og þeir eru nú eftir 10, þótt þeir hafi fengið jafnmikla eða meiri kennslu. Margir þessara nemenda taka heldur seint út þroska og sýna oft í 4. bekk gagnfræðaskólanna betri tök á námi en áður. Hins vegar ætti nám í grunnskóla, sem yrði samfelldara og betur skipulagt en nú tíðkast, að vega á móti þeim aldursproskamun, sem að ofan getur.

Ekki er hægt að semja svo lög fyrir skyldunámsskólann, að ekki sé jafnframt haft í huga hvað við tekur, þegar skyldunámi lýkur. Á síðustu árum hafa hugmyndir almennings um gildi og þörf menntunar mjög breytt, enda mikið verið um þau mál rætt og ritað og æ fleiri leiðir lokast þeim, sem ekki hafa meiri eða minni framhaldsmenntun eftir unglingspróf. Gagnfræðaprófið, sem fram til og fram yfir 1960 var talið lokapróf af öllum þorra þeirra, er tóku það, er nú af sífellt fleiri aðeins talið áfangi á lengri námsleið, leið sem oft gengur erfiðlega að finna. Verður því að gera ráð fyrir, að flestir unglingar haldi áfram námi að loknu skyldunámi, og þarf skóla-kerfið — og þjóðfélagið — að vera við því búð. Næsta skólastig fyrir ofan skyldunámsstigið er í frumvarpinu kallað framhaldsskólastig, og er hugmynd nefndarinnar sú, að þar verði um þrjár meginnámsleiðir að ræða, en margar námsbrautir á hverri.

Þessar námsleiðir eru: a) Tveggja ára nám, sem væri aðfaranám ýmiss konar sérnáms eða undirbúningur undir störf, b) þriggja til fjögurra ára nám til undirbúnings námi á háskólastigi eða störfum og c) nám í ýmsum sérskólum, sem ýmist krefjast ekki þess aðfaranáms, sem um getur í a-lið, eða taka við nemendum að loknu slíku námi. Gætu námsleiðir a og b auðveldlega sameinast í einni stofnun.

Hér fara á eftir skýringar við einstakar greinar frumvarpsins:

### *Skýringar við einstakar greinar.*

#### *Um 1. gr.*

Þessu lík grein var í fyrsta sinn sett í fræðslulögin 1946. Þar með var í lögum vakin athygli á því, „að starf skólanna sé ekki bundið við fræðsluna eina,“ eins og orðrétt stendur í greinargerðinni frá 1946. Með tilliti til framvindunnar í heiminum síðustu áratuginum er einnig vakin athygli á því, að nútímasamfélag er í sífældri þróun. Sú þróun gerir það að verkum, að ekki er lengur hægt að búa sig undir ævi-

starf í eitt skipti fyrir öll. Því er álit margra skólamanna nú á tímum, að það eigi að hætta að líta á menntun fyrst og fremst sem þekkingarlegan afrakstur skólavistar („product“) heldur miklu fremur sem þróunarferil mannglegra samskipta í námi og starfi („process“). Þessi grein frumvarpsins speglar að nokkru þessi viðhorf. Þróunin mun sífellt verða örari, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það er hlutverk skólanna að gera nemendur sína sem hæfasta þegna í þróunarsamfélagi, færa um að fylgja framvindunni og móta hana án þess að missa fótfestu. Tengsl við fortíð, raun-sætt mat á nútíð, jákvætt og óttalaust viðhorf við framtíð og heilbrigði til líkama og sálar er því það, sem skólanum ber öðru fremur að leitast við að veita nemendum sínum, auk þeirrar grunnmenntunar, sem gerir þá færa um að tileinka sér frekara nám og leysa af hendi margvisleg störf.

Í þessari fyrstu grein laganna er og lögð áherzla á, að menntun sé réttur einstaklingsins. Að því ber að stefna, að allir geti notfært þér þennan rétt, en skólinn verður að laga sig eftir þörfum ólíkra einstaklinga og reyna að koma öllum til nokkurs þroska.

#### Um 2. gr.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að skólaskylda verði lengd um eitt ár og nái til 16 ára aldurs í stað 15 nú. Fyrir þessu atriði er gerð grein í sambandi við „frumvarp til laga um skólakerfi og fræðsluskyldu“, sem nefndin hefur einnig samið, en á það skal aðeins bent aftur hér, að fyrir þéttbýli er þarna í rauninni ekki um verulega breytingu að ræða frá því, sem nú er, en fyrir dreifbýli er þetta hins vegar mikil réttarbót, þar sem ríkissjóður tekur þátt í heimavistarkostnaði barna á skólaskyldu-aldri, og mun því gera það ári lengur en áður, ef 9 ára skólaskylda kemst á.

Á það er lítið alvarlegum augum, ef höfð eru af börnum og ungmennum réttindi þeirra til menntunar. Því er yfirvöldum gert að skyldu að sjá fyrir skólum og forráðamenn og nemendur sjálfir gerðir ábyrgir fyrir skólasókn. Þó er talið, að nauðsynlegt geti reynzt að veita sveitarfélögum takmarkaðar undanþágur fyrst í stað, en fráleitt að heimila foreldrum að svipta börn sin rétti til skólagöngu.

Hér er gert ráð fyrir, að nemendur geti lokið grunnskólanámi á mislöngum tíma, þó verði enginn nemandi, sem stundar nám í almennum grunnskóla, skólaskyldur lengur en 9 ár. Í fyrri lögum hafa verið ákvæði, sem tóku tillit til sérstöðu þeirra nemenda, sem svo slakar námsgáfur hafa, að þeir fylgjast ekki með venjulegu skólanámi, en hitt hefur síður verið athugað, að frávik frá meðallaginu eru jafnmikil í hina áttina.

Frumvarpið gerir í meginatriðum ráð fyrir, að aldursárgangar og bekkir standist á, svo sem verið hefur. Með því fyrirkomulagi eru ýmis stjórnunaratriði gerð auðveld, svo sem inntaka nemenda í 1. bekk, en innan hvers árgangs er þroski nemenda mjög misjafn, og þeim mun misjafnari sem þeir eru eldri. Er skólum því óneitanlega mikill vandi á höndum, og oft er í rauninni lítill kostur annars en að miða kennslu við meðalnemandann. Til dæmis um mun á greindarþroska nemenda á sama aldri er eftirfarandi tafla. Einnig sýnir hún, hve munurinn eykst eftir því, sem aldur hækkar.



Greindaraldur (ár)	Lífaldur (ár)										
	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14
22											
21											1
20											2
19										1	4
18										1	8
17									1	4	12
16									3	7	15
15									7	13	16
14									12	16	15
13							1		17	17	12
12					1		4		18	19	15
11					3		11		19	21	12
10				2	11		21		23	18	8
9			1	9	22		25		19	12	4
8			7	23	28		21		12	7	2
7		5	24	31	22		11		6	3	1
6	2	24	36	23	11		5		2	1	1
5	23	41	24	9	3		4		1		
4	50	24	7	2	1		2				
3	23	5	1								
2	2										
Samtals	100	99	100	99	102	99	99	99	99	101	100

(P. M. Symonds: „Case Study and Testing Methods“, í Ernest Harms (ritstjóri): Handbook of Child Guidance, New York, Child Care Publications, 1947, bls. 311).

Tafla þessi, sem miðuð er við „normal“ dreifingu greindar, sýnir t. d. að 14 ára unglingar dreifast á 13 greindarár, eða hafa m. ö. o. frá 8—20 ára greindaraldur, og að börn með 9 ára greindaraldur finnast í 9 af þeim 11 aldursárgöngum, sem taflan nær yfir.

Hið æskilegasta væri, að hverjum og einum væri sköpuð aðstaða til að fara með sínum hraða gegnum skólann. Þótt því marki verði varla náð og ekki með núverandi bekkja- og deildaskipan, þá gerir frv. ráð fyrir, að mjög duglegum nemendum sé leyft að fara á styttri tíma gegnum skólann en öllum þorranum. Væri þá aðallega um annað tveggja að ræða: flýtingu í upphafi skólanáms, t. d. eftir forskóla, eða breytt fyrirkomulag á síðustu árunum, þar sem nemendur væru frekar bundnir af námsefni en deildaskipan.

Hár greindaraldur í hlutfalli við lífaldur er þó ekki einn saman nægilegur til að skynsamlegt sé að nemendur fari hraðar gegnum skóla. Þar kemur t. d. einnig til greina félags- og tilfinningaþroski, og þykir því ekki rétt að heimila flýtingu umfram eitt ár nema til komi rækileg athugun og samdóma álit aðila, sem hlut eiga að máli.

Um 3. gr.

Sjá grg. með 2. gr.

Um 4. gr.

Í frumvarpinu er jafnan talað um grunnskólann sem ein stofnun væri. Með því er lögð áherzla á, að þetta er samfelldur skóli öll 9 árin, en hins vegar er, eins og 4. gr. ber með sér, ekki gert ráð fyrir að hver skólastofnun þurfi að hafa alla 9 bekkina, þótt svo verði vitaskuld stundum. Hugsanlegt er að skipta á ýmsa vegu, en aldrei ætti einn bekkur að vera sér í skóla. Þar með er líka komið í veg fyrir að skipti verði milli 8. og 9. bekkjar, sem væri mjög óheppilegt. Hugsanlegar skiptingar eru t. d.:

1.—6. bekkur,	7.—9. bekkur,	
1.—7. —	8.—9. —	
1.—3. —	4.—9. —	
1.—3. —	4.—6. —	7.—9. bekkur

Í dreifbýli verður sennilega víða hagkvæmt að fleiri sveitarfélög sameinist um rekstur skóla fyrir 7.—9. bekk en 1.—6. bekk. Greining náms eykst í efstu bekkjunum og mjög litlir skólar geta ekki veitt nemendum sínum nægilega fjölbreytni í námi, miðað við stærri skóla, og auka þannig misrétti byggðarlaganna að því er menntunaraðstöðu varðar. Eftir því sem skóli á rétt á fleiri kennurum, er líklegra að þeir geti haft sérmenntaða kennara í einstökum greinum og nýting kennslukrafta almennt, kennslutækja og sérkennslustofa batnar. Sérkennslustofum, t. d. í eðlisfræði, verður raunar naumast komið upp við litla skóla.

Á hinn bóginn er eðlilegt að foreldrar kveinki sér við að senda 7 ára börn langar leiðir í heimavistarskóla, enda naumast ráðlegt, nema þá a. m. k. að unnt sé jafnframt að sjá skólunum fyrir sérmenntuðu starfsliði til að taka að sér fóstur þeirra, en þrátt fyrir það er hér um mikið vandamál að ræða, bæði fyrir börnin og heimilin. Skólar fyrir yngstu börn, t. d. 1. og 2. bekk, með heimanakstri, væru því e. t. v. æskilegir þar sem langt er að fara í heimavistarskólann, en spurning hins vegar hvernig gengi að fá sérmenntaða kennara til að starfa við slíka skóla. Kennsla yngstu barnanna í sveitum landsins, m. ö. o. lestrarkennslan, er vandamál sem ekki er til einföld lausn á.

#### Um 5. gr.

Í þessari grein er viðurkennt, að það geti sums staðar tekið árábil að brúa bilið milli þess ástands, sem nú er í skólamálu, og þess, er koma skal skv. frumvarpinu. Hins vegar á greinin að tryggja það, að skólahverfi geti ekki skotið sér undan skyldum sínum um langan tíma. Megináherzla er á það lögð, að lögin komi sem allra fyrst til framkvæmdar alls staðar á landinu.

#### Um 6. gr.

Sjá grg. með 2. gr. Með frv. þessu, ef að lögum verður, er ætlunin að tryggja hverju barni landsins þau mannréttindi að njóta fræðslu í skóla í 9 ár og þessari lagagrein ætlað að tryggja þann rétt, þótt skammsýn sjónarmið forráðamanna kunní í einstökum tilvikum að vera önnur.

#### Um 7. gr.

Sjá grg. með 5. gr.

#### Um 8. gr.

Þessi grein er í samræmi við 1. gr. frv. og þá almennu stefnu, að stefnt verði að því, að hvert barn fái kennslu í samræmi við þroska sinn og hæfileika. Rétt þykir að benda á, að hér er einkum átt við börn, sem víkja frá meðallaginu á þann veg að vera seinfær.

Þær 10 stundir á mánuði á hvern nemanda, sem talað er um, eru hluti af reiknuðum stundum viðkomandi skóla sbr. 30. gr. Þessi viðmiðunartala var upphaflega lögð til af samstarfsnefnd kennara og sálfræðinga, sem í áttu sæti fulltrúar frá Sambandi íslenzkra barnakennara, Landssambandi framhaldsskólakennara og Sálfræðingafélagi Íslands. Undirnefnd sérfróðra aðila, sem fræðslulaganefnd fól tillögu-gerð um sálfræðipjónustu og sérkennslu, tók tillögu samstarfsnefndarinnar upp óbreytta, og hið sama hefur fræðslulaganefnd einnig, að athuguðu máli, ákveðið að gera.

Í greininni segir, að sérkennslu skuli annast sérmenntaðir kennarar, þar sem því verði við komið. Í „Menntamálu“, 2. hefti 1970, gerir Þorsteinn Sigurðsson, tal-kennari, grein fyrir ástandi sérkennslu hérlendis nú og fyrir þörfinni, ef öllum væri sinnt, sem gera má ráð fyrir að þurfi á sérhjálp að halda. Telur hann sérkennslu-þörfina vera:

Heyrnardaufrakennarar .....	14
Blindra- og sjóndapurrakennarar .....	2
Kennarar greindarskertra og hreyfilamaðra .....	102
Kennarar barna með hegðunarvandkvæði .....	22
Talkennarar .....	21
Sérhæfðir lestrarkennarar (Les-, „pedagogar“)	50

Samtals 211

Alls telur hann 21 sérmenntaðan kennara nú við þessa kennslu, og er munurinn því 190. Þess ber þó að geta, að um nokkra skörun afbrigða verður hér að ræða, og dregur það úr viðbótarþörfinni fyrir sérmenntaða kennara. Um 50 manns er nú í framhaldsdeild Kennaraskóla Íslands, og munu þeir að námi loknu væntanlega annast stuðnings- og sérkennslu seinfærra nemenda í almennum skólum.

Sú stefna er nú almennt ríkjandi í heiminum að hafa eins fá börn og framast er unnt á sérstofnunum, en hafa heldur sérþekki og stuðningskennslu fyrir þau í almennum skólum. Þó er ómótmælanleg þörf fyrir ýmsar sérstofnanir og tiltölulega meiri í strjálbyggðu landi en þéttbýlu, sjá grg. með 10. gr.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þótt þeirri stefnu sé fylgt að hafa eins mörg hinna svokölluðu afbrigðilegu barna og unnt er í almennum skólum, þá eru mörg börn, sem ekki geta stundað nám í almennum skóla, ýmist vegna tegundar afbrigðis eða fágætis þess í heimaskóla, sem hefði þá ekki sérmenntuðum kennara á að skipa. Hvert fræðsluumdæmi skal eiga aðgang að slíkum stofnunum, ýmist þannig að stofnun væri komið upp innan umdæmisins eða að tvö eða fleiri fræðsluumdæmi — stundum landið allt — sameinuðust um eina stofnun. Sem dæmi má nefna blindraskóla, sem yrði einn fyrir landið allt, og t. d. skóla fyrir vangefna, sem yrðu fleiri.

Ýmsar þessar stofnanir eru nú þegar til, svo sem heyrnleysingjaskóli og nokkrar stofnanir fyrir vangefna. Lögð er áherzla á, að því verði flýtt svo sem auðið er að koma upp stofnunum, sem á vantar til að fullnægja þörf. Því eru sett ákveðin tímamörk.

Samkvæmt áður nefndri athugun og áætlun Þorsteins Sigurðssonar telur hann 5432 nemendur á skyldunámsstigi nú (7—15 ára) þurfa einhvers konar sérkennslu, en 2756 njóta hennar. Af þessum 5432 munu 834 þurfa að vera í sérskólum eða -stofnunum, þannig skipt eftir tegund afbrigðis:

Tafla 2.

Stofnun	% af árgangi	Fjöldi nemenda
I. Heyrnleysingjaskóli .....	0.60	32
II. Blindraskóli .....	0.15	5
III. Skóli og þjálfunarstöð fyrir heilasködduð, lömuð og fötluð börn .....	1.00	53 (4—16 ára)
IV. Fávitahæli .....	4.00	140
V. Vanvitaskólar .....	10.00	394
VI. Taugahæli + geðsjúkrahús .....	1.00	35
VII. Heimavistarskóli fyrir börn með aðlögunarerfiðleika .....	3.00	105
VIII. Talkennslustöð með heimavist .....	2.00	70
Samtals:		834

Samkvæmt þessu þarf sérstofnanir fyrir 834 börn, og eru þá ekki meðtaldir langlegusjúklingar á sjúkrahúsum.

Eftirtaldir sérskólar og -stofnanir starfa nú:

Tafla 3.

Stofnun	Fjöldi nem.	Þar af í heimavist
I. Heyrnleysingjaskólinn, Rvík .....	51	26
II. Blindraskólinn, Rvík .....	3	
III. Skóli lamaðra og fatlaðra í Reykjadal .....	15	15
IV. Skólar fyrir börn með skerta greind:		
Lyngás, Rvík .....	43	
Skálatún, Mosfellssveit .....	51	51
Tjaldanes, Mosfellssveit .....	15	15
Sólheimar, Grímsnesi .....	47	47
Sólborg, Akureyri .....	32	32
Kópavogshæli, Kópavogi .....	75	75 (vistmenn alls 150)
Höfðaskóli, Rvík .....	110	
V. Skólar fyrir börn með aðlögunarerfiðleika o.fl.		
Breiðavík, Barðastr.sýslu .....	12	12
Jaðar, Reykjavík, .....	26	26
Hlaðgerðarkot, Mosfellssveit .....	16	16
Samtals:	496	315

Samtals starfa því nú 13 sérstofnanir með 496 nemendum eða vistuönnum. Samkvæmt þessu ætti að þurfa í viðbót skóla og stofnanir fyrir 834 — 496 = 338 börn og unglinga. Það er þó sennilega of lág tala. Bæði er, að áætlunin nær til núverandi skólaskyldu, 8 ára, og má því ætla að hún sé um 100 of lág, miðað við 9 ára skóla, og eins hitt, að sumir þeir, sem nú eru taldir í töflu 3, eru eldri en 16 ára, þótt ekki séu þeir margir.

Eðlilegast þykir að hlutur sveitarfélaga í rekstri þessara skóla verði greiddur í hlutfalli við nemendafjölda úr viðkomandi sveitarfélagi, og er einfaldast að hann greiðist sem daggjöld.

Mörgum afbrigðilegum nemendum er nauðsynlegt að njóta fræðslu lengur en öðrum. Má þar nefna hve mikið og erfitt verk það er fyrir heyrnarlaus börn að ná valdi á máli, svo ekki er hægt að gera ráð fyrir að þau ljúki skyldunámi á sama aldri og heilbrigð börn. Þykir því rétt að þau njóti þeim mun lengur þeirra hlunninda, sem fylgja skólaskyldunni.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt er að frumvarp þetta, ef að lögum verður, komi sem fyrst til framkvæmda alls staðar á landinu. Sá frestur, sem hér er settur, er nauðsynlegur vegna ýmissa staða í dreifbýlinu og einnig vegna þess, að nauðsynlegt er að endurskoða alla námsskrá skylduskólans, þar sem meginbreyting frá gildandi lögum er ekki hinn lengdi kennslutími, heldur hitt, hvernig tíminn verður notaður. Jafnframt því sem námsefni er breytt, þarf að endurmennta kennara og er fyrstu nemendur ljúka skyldunámi skv. þessum lögum, þarf endurskipulagningu framhaldsskólalagastigsins að vera lokið í samræmi við lögín um grunnskóla og framkvæmd þeirra.

Að visu er sá frestur, sem þessi grein veitir, fulllangur, þar sem fyrstu nemendur ljúka grunnskóla skv. þessum ákvæðum 12 árum eftir gildistöku laganna. Raunar geta lögín komið til framkvæmda að miklu leyti í þéttbýli strax eftir gildistöku

þeirra, og er ný námsskrá hefur verið samin, væri hægt að láta hana að nokkru koma til framkvæmda hjá nemendum, sem hófu skyldunám sitt skv. núgildandi fræðslulögum.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir, að börn í sveitum geti lengur komizt af með hálfan námstíma á ári miðað við það, sem kveðið er á um í lögum, en sá háttur er hafður nú við alla heimavistarbarnaskóla. Hefur umbót í þessu efni í för með sér aukinn kostnað við byggingarframkvæmdir og heimavist, sem ekki verður komizt hjá. Fyrirkomulag á kennslu yngstu barna í sveitum er og verður ærið vandamál, sem þarf að athuga afar vel. Sjá einnig grg. með 2., 5. og 6. gr.

Um 13. gr.

Ætlað er til, að skipting í skólahverfi og fræðsluumdæmi miðist við það að ná sem hagkvæmustum einingum, bæði kennslulega og fjárhagslega. Hins vegar þykir ekki rétt né tímabært að ákveða neina sérstaka skiptingu að öðru leyti en því, er varðar hámarksfjölda fræðsluumdæma. Sjá grg. með 14. gr.

Að því er viðkemur skólabyggingum, miðar greinin einkum að því að tryggja góðan undirbúning framkvæmda.

Um 14. gr.

Með þessari grein þótti rétt að miða hámarksfjölda fræðsluumdæma við tölu kjördæma. Ætla má þó, að heppilegra muni verða í reynd að hafa fræðsluumdæmin nokkru færri og stærri, og ekki virðist alls staðar heppilegt að draga markalínur milli fræðsluumdæma eftir kjördæmskiptingunni. Má t. d. benda á, að Strandasýsla á í þessu tilliti litla samleið með öðrum sýslum Vestfjarðakjördæmis, en fellur vel að Norðurlandskjördæmi vestra. Eins væri til athugunar að t. d. Norðurlandskjördæmin bæði yrðu eitt fræðsluumdæmi með miðstöð á Akureyri.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda barna, fæddra árin 1959—1967, eftir kjördæmum. Tölurnar eru teknar úr íbúaskrá 1968:

Tafla 4.

	Börn		
	fædd 1959—'61:	fædd 1962—'67:	fædd 1959—'67:
Reykjavík .....	4 807	9 965	14 772
Reykjaneskjördæmi .....	3 025	5 677	8 702
Vesturland .....	1 000	1 897	2 897
Vestfirðir .....	778	1 458	2 236
Norðurl. vestra .....	679	1 318	1 997
Norðurl. eystra .....	1.507	3 189	4 696
Austurland .....	813	1 611	2 424
Suðurland .....	1 245	2 567	3 812

Stjórn fræðslumála hvers umdæmis verður samkv. greininni í höndum fræðsluráðs, sjá 52. gr. og grg. með henni.

Um 15. gr.

Eðlilegt þykir að í kaupstöðum sé ein skólanefnd fyrir allan kaupstaðinn, hve margir sem skólarnir eru, og gegni því sama hlutverki og fræðsluráð kaupstaða gera nú. Þar eð fræðsluráð er, skv. þessu frumv., yfir hverju fræðsluumdæmi, sbr. 14. gr., er fræðslustjórn kaupstaða kölluð skólaráð.

Um 16.—18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Það er æskilegt að skólastjórar fái viðbótarmenntun í sjórnunarfræðum. Væri ekki óeðlilegt, að það yrði ein námsleiðin í framhaldsnámi kennara. Sjá að öðru leyti grg. með 26. gr.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í lögum nú er kveðið á um kennsluskyldu kennara. Á það er hér litið sem kjaramál og ekki talið hlutverk fræðslulaga að ákveða slíkt.

Um 22. gr.

Hverjum skóla er ætlaður viss kvóti til stjórnunar. Getur hann nýtt sem lækkun kennsluskyldu skólastjóra og/eða kennara, eins eða fleiri, sem taka að sér vissa þætti stjórnunar, einnig til greiðslu launa annars starfslíðs, t. d. skrifstofustúlku. Yfirleitt er æskilegra að þessi kvóti sé notaður til að fá skólastjóranum aðstoð í starfi hans en til að bæta á hann stjórnunarstörfum á kostnað kennslu, en þó getur oft, einkum í smærri skólum, reynzt ókleift að fá aðstoð og skólastjóri þá neyðzt til að taka öll slík störf að sér sjálfur. Þá er eðlilegt að kennsluskylda hans sé lækkuð.

Um 23. gr.

Óbreytt frá fyrri lögum. Kennsla er álitin slítandi starf mörgum öðrum störfum fremur, og því er reynt að tryggja nokkuð, að skólinn hafi jafnvakandi kennara þótt aldur færist yfir, með því að léttu vinnuálagið.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 25. gr.

Ekki er auðvelt að vita fyrirfram, hve löng fjarvera vegna veikinda verður. Er eigi talið fært að láta skóla vera skólastjóraalausn lengur en tvo mánuði, án þess að starfinu sé formlega ráðstafað. Því ber skólanefnd skóla, sem ekki hafa yfirkennara, að gera tillögu um setningu í skólastjórarstarf þegar sýnilegt er, að skólastjóri verði forfallaður um tveggja mánaða skeið, t. d. ef lækni bannar honum að vinna eða sér fram á löng veikindi.

Það þykir óæskilegt, að yfirkennari losni um of úr tengslum við sjálft kennslustarfið og því réttara að hann hafi með höndum nokkra kennslu, enda þótt kvóti skólans til stjórnunarstarfa kunni að heimila fullan afslátt. Mundi þá nokkur hluti þeirra starfa unninn af öðrum kennara og/eða skrifstofustúlku.

Um 26. gr.

Lögð er áherzla á, að skólar séu reknir með föstum kennurum að svo miklu leyti sem unnt er, en á ráðningu stundakennara sé litið sem bráðabirgðalausn.

Þar sem grunnskólinn er 9 ára skóli, sem tekur við börnum 7 ára gömlum, þarf hann bæði að hafa á að skipa kennurum, sem hafa sérþekkingu á kennslu yngri barna, og kennurum, sem auk kennslufræðilegrar þekkingar hafa mikla þekkingu í einstökum greinum til að kenna í eldri bekkjunum. Hvort tveggja krefst sérstaks undirbúnings og mikillar sérmenntunar, og því er ekki hægt að gera ráð fyrir, hver sem skipan kennaramenntunar í landinu verður, að hún búi nokkurn einstakling undir að kenna í öllum bekkjum grunnskóla.

Eftirfarandi atriði eru nefnd hér til ábendingar og upprifjunar:

- a) Með frumvarpi þessu eru tvö skólastig sameinuð í eitt. Kennarar eru nú bundnir við að kenna á öðru hvoru stiginu, taka laun samkvæmt því og eru í tveimur stéttarfélögum — og þremur þó. Þessir kennarar verða að sjálfsögðu kennarar grunnskólans.

- b) Eins og bent var á hér að framan, hentar ekki sami undirbúningur öllum kennurum grunnskólans. Verður að líkindum um tvo meginhópa að ræða: Kennara yngri bekkja og kennara eldri bekkja, sem yrðu margir hverjir sérgreinakennarar. Ólíkur undirbúningur tákna ekki mismikinn undirbúning, enda verði kennarar ekki bundnir af aldri nemenda svo sem nú er við skil barna- og unglíngafraeðslu. Fagkennsla í einstökum greinum kæni óefað fyrr en nú. Nemendum er nú gerður óleikur með hinum skörpu skilum og gjörbreyttu kennsluháttum, sem verða er þeir færast úr barnaskóla í 1. bekk gagnfræðastígs. Aldrei má gleymast, að ekki er aðeins verið að kenna námsgrein heldur og nemendum.
- c) Lög um Kennaraskóla Íslands eru í endurskoðun, og því er á þessu stigi óvissa um fyrirkomulag kennaramenntunar í framtíðinni.
- d) Í þessari grein frv. er bent á það sem æskilega lausn, að sett verði heildarlöggjöf um kennaramenntun og kennsluréttindi á hinum ýmsu skólastigum.

#### Um 27. gr.

Þessi grein staðfestir fyrirkomulag, sem nú er í öllum barna- og gagnfræðaskólum. Þegar sami kennari kennir flestar eða allar greinar í einni deild, kemur af sjálfu sér, að hann fylgist náið með hverjum nemanda og að til hans leita þeir með vandamál sín. Öðru máli gegnir þegar kennslan er að mestu í höndum sérgreina-kennara. Kennari, sem aðeins kennir eina eða tvær námsgreinar í deild, sem hann er aðalkennari í, þarf að eyða nokkrum tíma og fyrirhöfn í að fylgjast með gengi nemenda sinna, ef aðalkennarastarfið á að vera meira en nafnið eitt. Væri ekki óeðlilegt að á móti kæmi kennslufrádráttur, t. d. ein stund á viku, og mætti þá benda nemendum og foreldrum á ákveðinn viðtalstíma kennarans.

Starf aðalkennara er mjög mikilvægt og ekki síður en kennslan sjálf. Hlutverk kennara er vissulega að kenna hópi nemenda, en það má aldrei gleymast, að hópurinn er hverju sinni safn einstaklinga og aðalkennara ber að fylgjast með einstaklingunum, hverjum og einum. Hann hefur oft öðrum kennurum fremur tök á að beita uppeldisáhrifum sínum til að styrkja æskilegt atferli og breyta því, sem miður fer, og þarf að kunna þar til verka. Hann hefur samband við foreldra, og má t. d. benda á, að oft er það aðalkennari, sem fyrst tekur eftir ýmsum ágöllum, sem baka barnið, en bæta má úr, svo sem sjóngöllum, skapgerðargöllum o. fl.

#### Um 28.—29. gr.

Parfnast ekki skýringa.

#### Um 30. gr.

Þessari grein er ætlað að leysa af hólmi 19. grein laga nr. 49/1967 um skóla-kostnað. Reyndist nauðsynlegt að endurskoða þá grein með tilliti til þeirra breytinga, sem frumvarpið felur í sér. Eftir sem áður er ríkissjóði ætlað að greiða allan launakostnað af kennslu og öðrum nánar tilgreindum störfum upp að ákveðnu hámarki reiknaðra stunda, sem miðast við fjölda nemenda í grunnskólum skólahverfisins.

Er hámarkið þannig sett, að vel skipulagður skóli á innan þess að geta veitt nemendum sínum þá kennslu og aðra þjónustu, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að veitt verði.

Skal hér greint frá efnisatriðum einstakra liða 30. gr. og sérstaklega þeim atriðum, sem breytt hefur verið frá 19. gr. skólakostnaðarlaganna.

Í lið a) er sá stigi, sem fjöldi stunda er reiknaður eftir. Í stað þess að miða stigann við ákvæði námsskrár, eins og gert var í skólakostnaðarlögunum, er hann hér miðaður við ákveðinn stundafjölda (30 stundir á viku) á stundaskrá nemenda í skólahverfinu. Ákvæði frumvarpsins og námsskrár um stundafjölda hafa síðan áhrif á þann hátt, að hámark reiknaðra stunda breytist um 3% fyrir hverja 1 stund, sem meðalfjöldi stunda á stundaskrá nemendanna viku frá 30 stundum. Með þessu móti

verður óþarft sérákvæði um fjölda reiknaðra stunda í efri bekkjum grunnskóla sbr. b) lið 19. gr. skólakostnaðarlaganna og hámark reiknaðra stunda lagast sjálfkrafa að þörf skóla fyrir kennslustundafjölda, allt eftir skólafyrirkomulagi og þeirri kennslu sem hann veitir.

Þó að grundvallarstiginn í lið a) sé miðaður við 30 stundir á stundaskrá, hefur þegar með honum verið tekið tillit til þess stundafjölda, sem ætlaður er til annarra starfa en bekkjarkennslu í óskiptum bekkjum sbr. lið e).

Til grundvallar var lögð bekkjarskipting í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Í smærri skólum var gert ráð fyrir nokkurri samkennslu aldursflokka, annaðhvort í heilum bekkjum eða í einstökum fögum, en í stærri skólum miðað við 28 nemendur að jafnaði í bekk. Þrátt fyrir það var nauðsynlegt að reikna til muna fleiri stundir á hvern nemanda í smáum skólum en stórum. Þannig koma á nemanda að meðaltali 2.5 stundir á viku í skóla með 20 nemendur, 2.2 stundir í skólahverfi með 50 nemendur, 1.87 stundir í skólahverfi með 150 nemendur, 1.65 stundir í skólahverfi með 350 nemendur, sem fer síðan lækkandi í u. þ. b. 1.41 miðað við stærsta núverandi skólahverfi. Minnstu skólarnir fá þannig fast að 80% fleiri stundir á hvern nemanda en þeir stærstu.

Til viðbótar við fyrrgreindar 30 stundir var reiknað með 2.5 stundum á viku á hvern bekk vegna skiptra bekkjardeilda í verklegum greinum, en verknámskennsla fram yfir það tekin til greina sbr. c) lið.

Ákvæði 8. gr. frumvarpsins um sérkennslu barna, sem ekki fá að fullu notið venjulegrar bekkjarkennslu, en stunda þó nám í almennum skólum, eru tekin til greina í tvennu lagi. Annars vegar er hér um að ræða börn, sem ekki geta talizt falla undir skilgreiningu 9. gr. frumvarpsins, en þarfnast námshjálpar fram yfir það sem almenn bekkjarkennsla veitir þeim, annaðhvort sem stuðningskennslu einstaklingsbundna eða í smáum hópum eða sem kennslu í sérstökum bekkjum fámennari en almennt gerist.

Samkvæmt grein Þorsteins Sigurðssonar í Menntamálum 2. hefti 1970 má reikna með að um 7% nemenda þarfnist slíkrar námshjálpar og í samræmi við ákvæði 8. gr. frumvarpsins voru 7% nemenda í stærstu skólahverfunum reiknaðar 2.5 stundir á viku.

Í þessum skólahverfum þýðir það, að hægt er að hafa 7% nemenda í bekkjum með 12—14 nemendum eða ef bekkir eru stærri að nota þann kennslustundafjölda, sem við það vinnst, til stuðningskennslu. Í stærstu skólunum væri hér um að ræða um 7.7% aukningu kennslustunda miðað við 32.5 stundir á viku. Smærri skólum var ætlað sama hundraðshlutaálag, sem þýðir, að þeim eru reiknaðar nokkru fleiri náms-hjálparstundir á hvern nemanda. Náms hjálpar sem þessi er nauðsynleg öllum skólum og þegar framkvæmd í flestum þeirra að einhverju marki og því eðlilegt að gera ráð fyrir henni sem hluta af almennum kvóta skólans.

Hins vegar eru nemendur sem falla undir ákvæði 9. gr. frumvarpsins þ. e. þeir nemendur, sem njóta skulu sérkennslu að undangengnum dómi þar til greindra aðila. Ekki er ástæða til að ætla, að þeir nemendur skiptist jafnt niður á skólahverfi né heldur að unnt sé að koma slíkri sérkennslu við í öllum þeim skólahverfum, sem hafa þörf á, þar sem sérhæfðir kennarar eru ekki og verða ekki alls staðar fyrir hendi og því líklegt að koma verði slíkum nemendum þaðan í sérstofnanir eða skólahverfi, sem slíka þjónustu veita. Með því ákvæði að telja hvern einn slíkan nemanda sem 1.9 venjulega nemendur er það tryggt, að ákvæði 8. gr. er fullnægt í því skólahverfi, sem þessa sérkennslu veitir.

Í b) lið felst það ákvæði, að rikissjóður greiði ekki kennslu umfram það, sem námsskrá gerir ráð fyrir, nema það rúmist innan hámarksákvæða a) liðar miðað við fulla námsskrá. Undantekning er gerð í c) lið, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ástæða þótti til að takmarka eitthvað mögulega aukningu á námsstundafjölda hvers nemanda á viku.



d) liður kveður svo á, að reglubundið og skipulagt starf nemenda að ákveðnum verkefnum í skólabókasafni sé meitið til jafns við kennslu. Þess var áður getið, að þegar hefur verið tekið tillit til 2.5 stunda á bekk á viku vegna skiptra bekkjardeilda í einstökum greinum. Sé það ekki nægilegt vegna verknámskennslu, á nauðsynleg viðbót að fást með ákvæðum d) liðar.

Í liðum e) til j) er gerð grein fyrir til hvaða starfa og hve miklu má ráðstafa af reiknuðum stundum til annarra starfa en venjulegrar bekkjarkennslu. Reiknuðum stundum vegna þessara starfa hefur þegar verið bætt við kennslukvótann.

Ákvæðin í e) lið eru hámarksákvæði og sem slík nokkru hærri en sú viðbót, sem reiknað var með þeirra vegna. Þar af leiðir, að skólar munu að jafnaði ekki geta og ekki þurfa að nota í þessi störf allar þær reiknuðu stundir, sem rúmast innan ákvæða e) liðar.

Þeir geta og ekki notað sér þessi ákvæði á kostnað kennslustunda, sem mundi þýða fækkun stunda á stundaskrá nemendanna og þar með lækkað hámark reiknaðra stunda. Skólarnir hafa hins vegar nokkra valkosti varðandi ráðstöfun reiknaðra stunda milli hinna tilgreindu liða og geta eins aukið kennsluna gegn því að nota minna af reiknuðum stundum til starfa skv. liðum e—j undir ákvæði þessarar greinar. Er hér eingöngu um að ræða þau störf, sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að fram fari í grunnskólum og bætt hefur verið við reiknaðar stundir vegna venjulegrar bekkjarkennslu. Þessi ákvæði eru nokkur breyting frá 19. gr. skólakostnaðarlaganna, sem ekki taka nægilega skýrt fram, hvaða störf önnur en kennslu skal telja til reiknaðra stunda og hafa því valdið nokkrum ágreiningi. Skulu því raktar helztu forsendur hámarksákvæðanna í lið e).

Við reiknaðar stundir vegna beinnar kennslu var bætt við vegna stjórnunarstarfa 6.5%, sem samsvarar núverandi afslætti af kennsluskyldu skólastjóra í hinum smærri skólum og rúmar með vaxandi skólastærð afslátt af kennsluskyldu yfirkennara og/eða skrifstofuaðstoð og/eða sameiginlegan stjórnunarkostnað fleiri skóla innan skólahverfisins. Rétt þótti að ákvæði um hámarksafslátt af kennsluskyldu vegna stjórnunarstarfa verði sett í reglugerð.

Reiknaðar stundir til starfa við bókasöfn eru miðaðar við tillögur frá fræðsluráði Reykjavíkur um skólabókasöfn.

Undir lið g) falla öll störf við slík söfn önnur en þau, sem telja má kennslu, þ. e. þegar nemendur vinna þar í hópum (bekkjum) skipulega að ákveðnum verkefnum undir leiðsögn kennara síns. Slíkt reiknast sem önnur kennsla og hækkar kvótann sem um venjulegar kennslustundir væri að ræða.

Til félagsstarfa var miðað við 4 klst. á mánuði á 4 síðustu bekkji grunnskóla, og er það nokkur aukning frá skólakostnaðarlögunum, sem ekki heimila greiðslur úr ríkissjóði fyrir slík störf nema í gagnfræðastigsskólum.

Sú hjálparkennsla, sem talað er um í lið i, nær eingöngu til nemenda, sem ekki teljast afbrigðilegir í skilningi 9. gr. frumvarpsins. Ekki þótti æskilegt að setja um þá hámarksákvæði, þar sem þörf fyrir slíka kennslu getur verið mjög mismunandi í skólahverfunum sbr. hér að framan.

Liður k) og það sem þar fer á eftir er efnislega óbreytt frá skólakostnaðarlögunum, en niður voru felldar málsgreinar, sem óþarfar eru og við var bætt ákvæðum um, hvernig störf þau, sem greinin fjallar um, skuli færð til reiknaðra stunda.

Um 31. gr.

Hér er reynt að tryggja, að svo miklu leyti sem unnt er í lögum, gott samstarf skólastjóra og yfirkennara.

Um 32. gr.

Í þessari grein eru nokkrar breytingar frá gildandi lögum um orlof kennara og skal nú gerð grein fyrir hinum helztu:

- a) Til að koma til álita við veitingu orlofs þurfti áður 10 ára embættisferil, en skv. frv. 5. Ungir kennarar hafa oft mikinn áhuga á, en lítið bolmagn til, að afla sér framhaldsmenntunar að gagni, sem þó er ekki sízt nauðsynlegt nú vegna síbreytilegs námsefnis. Þykir því ekki rétt að útiloka þá, enda búnir að fá allmikla starfsreynslu eftir fimm ár.
- b) Hægt verður að veita styttri orlof, allt niður í tveggja mánaða.
- c) Heils árs orlof skal að jafnaði ekki veitt, nema til samfellds náms.
- d) Mörgum kennara er nú um megn að taka orlof vegna þess, að ein laun nægja ekki til þess bæði að kosta nám og framfleyta fjölskyldu. Því er ákvæði um möguleika á viðbótarstyrk.
- e) Stuttar, en vel skipulagðar námsferðir geta verið mjög gagnlegar, og er hér gert ráð fyrir, að til slíkra ferða sé unnt að verja hluta orlofsfjárveitingar. Fjárveiting til orlofs kennara yrði ákveðin í fjárlögum hverju sinni svo sem verið hefur.

#### Um 33. gr.

Breyttir þjóðfélagshættir, breyttar kennsluaðferðir, ný námsskrá og nútímaupplæðisfræði gera slauknar kröfur til skóla og kennara. Sú tíð er liðin, er menn gátu lært undir ævistarf sitt í eitt skipti fyrir öll og starfið hélzt óbreytt í mannsaldur eða mannsaldra. Þetta hefur í för með sér, að kennarar þurfa að kenna nemendum sínum með þetta í huga, kenna þeim t. d. að leysa vandamál almennt, en ekki bara eitthvert ákveðið vandamál, og keppa að því að gera nemendur viðsýna og sveigjanlega, áhugasama um nýjungar, en jafnframt gagnrýna. Þetta breytta grundvallarsjónarmið krefst þess, að kennarinn sjálfur hafi fyrrgreind viðhorf, en kennarinn getur ekki fremur en aðrir búið sig undir ævistarfið í eitt skipti fyrir öll.

Þörf fyrir endurmenntun kennara hefur komið glögglega í ljós á síðustu árum. Þegar námsefni einstakra greina hefur verið endurskoðað og þar með kallað á nýja kunnáttu og nýja tækni hjá kennurum. Kennarar hafa fundið þessa þörf sjálfir og sótt vel þau endurmenntunarnámskeið, sem haldin hafa verið að undanfögnu, t. d. bendir lausleg athugun til þess, að 50—60% fastráðinna kennara á barna- og gagnfræðastigi hafi sótt einhver kennaranámskeið nú á þessu sumri. Endurskoðun námskrár er þegar hafin, og verður fyrir sjáanlega nauðsynlegt að endurskoða námskrána í heild á næstu árum. Verður því næstu 5—10 árin mjög mikil þörf á miklu átaki í endurmenntun kennara. Eðlilegt virðist, að heildarskipulagning endurmenntunarnámskeiða fari fram með samstarfi skólarannsóknna, er hafa endurskoðun námskrár með höndum, fræðslumálaskrifstofunnar, sem nú skipuleggur flestöll kennaranámskeið, og Kennaraskóla Íslands, sem væntanlega tekur að sér æ meira af endurmenntun kennara. Einnig þarf samvinnu við Háskóla Íslands um þetta atriði. Þess skal getið, að til er nýlegt nefndarálit um endurmenntun kennara, og virðist eðlilegt, að reglugerðin, sem rætt er um í greininni, verði samin með hliðsjón af því álit.

Nefndinni þótti eðlilegt að miða heildarfjárhæð þá, er ríkið verði til endurmenntunar kennara, við hundraðshluta af samanlögðum skólastjóra- og kennaralaunum grunnskóla. Hundraðshlutinn, sem tiltekinn er í greininni, næmi nú u. þ. b. 5 milljónum króna á ári.

#### Um 34. gr.

Með þessari grein er vald kennarafunda gert minna en er í gildandi lögum, þar sem stendur, að skólastjóri og kennarafundur stýri starfi hvers skóla. Þótti eðlilegra, að stjórn skóla væri í höndum skólastjóra fyrst og fremst, en honum til aðstoðar og ráðuneytis yrði kennarafundur, eða í stórum skólum þriggja manna kennararáð, kosið af almennum kennarafundi. Var talið, að slíkt ráð yrði miklu virkari aðili og léttari í vöfum en kennarafundur í stórum skóla.

Um 35. gr.

Það er mjög æskilegt, að foreldrar nemenda skólans láti sig varða starfið í skólanum meira en nú er. Með þessari grein er leitast við að finna form fyrir slíkt samstarf. Það hefur niðurséð verið sýnt fram á, að fátt er óvænlegra í uppeldi barna en að þeir, sem uppeldið hafa með höndum, séu ekki samkvæmir. Nánara samstarf skóla og foreldra ætti að geta aukið á samkvæmni í uppeldisháttum þessara tveggja aðila, eytt tortryggni og misskilningi á báða bóga og með því orðið nemendum að miklu gagni. Sjálfsgagt er að takmarka þátttöku í foreldrafélagi við þá, sem börn eiga í skólanum hverju sinni.

Um 36. gr.

Tilgangurinn með þessari grein er að auka tengsl milli skólastjórnar og nemenda og að skapa meiri ábyrgðartilfinningu nemenda fyrir rekstri skólans og gengi hans. Takist slíkt samstarf vel, er það tvímælaust merkur þáttur í félagslegu uppeldi nemendanna.

Svipuð ákvæði hafa verið tekin upp t. d. í lög um menntaskóla hérlendis og grunnskólalög í sumum Norðurlandarríkjum. Er greinin hliðstæð 23. gr. menntaskólalaganna og grein í norsku grunnskólalögunum.

Um 37. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 38. gr.

Nokkuð af því stjórnunarstarfi, sem nú er í höndum menntamálaráðuneytisins og stofnana, er undir það heyra, mun flytjast út í fræðsluumdæmin með tilkomu fræðsluskrifstofa, sbr. 48. gr. frumvarpsins, og fræðslustjóraembætta. Fræðslustjóri verður fulltrúi ríkisvaldsins í fræðsluumdæmi sínu, sbr. 49. og 55. gr. Því þótti eðlilegt, að skólanefnd kysi framvegis formann úr eigin hópi, svipað og er nú þegar um formenn fræðsluráða, í stað þess, að formenn skólanefnda yrðu skipaðir af ráðherra, eins og nú er.

Um 39. gr.

Ákvæðin um skólaráð þarfnast ekki skýringa fram yfir það, sem sagt var í greinargerð með 15. gr. Ákvæðið um skólafulltrúa er nýmæli. Eðlilegt þótti að gera ráð fyrir því, að ýmsir af fjölmennustu kaupstöðum vildu ráða sér sérstakan skólafulltrúa, er ynni svipað framkvæmdastjórastarf á sviði skólamála kaupstaðarins og t. d. fræðslustjórar í Kópavogi og Hafnarfirði gera nú.

Um 40. gr.

Greinin er 27. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, en bætt var við, til nánari skýringar og starfsskilgreiningar, ákvæði um löglega fundarboðun, um úrslit þegar atkvæði eru jöfn, og loks um, að varamaður taki sæti aðalmanns í skólanefnd, þegar fjallað er um mál, sem varða aðalmanninn sjálfan.

Um 41. gr.

Greinin er áþekk 28. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, að öllu leyti öðru en því, að hér er „skólastjóra . . . i samráði við skólanefnd“, en ekki skólanefndinni sjálfri, falið að semja, á fyrsta starfsmánuði skólans, skýrslu um skólaskyld börn, sem ekki sækja grunnskóla.

Um 42. gr.

Það er afar nauðsynlegt, að skólastjórar og fræðslufirvöld viti um það mun fyrr en nú er, þegar kennari hyggst hætta störfum. Æskilegt væri, að unnt yrði að

ljúka kennararáðningu næsta vetrar fyrir sumarleyfi skólanna. Vegna ákvæðis um þriggja mánaða uppsagnarfrest í lögum um réttindi og skyldur ópinberra starfsmanna væri e. t. v. til athugunar, að skólaárið byrjaði 1. ágúst, þótt ekki sé gerð tillaga um slíkt í þessu frumvarpi.

Um 43. gr.

Um ráðningu skólastjóra gildir hið sama og sagt var um kennararáðningu í 42. gr. Mjög eðlilegt verður að teljast, að starfstími skólastjóra teljist mánuði lengri en starfstími skólans. Skólastjóri á alltaf ýmsum störfum ólokið, þegar skóla er slitið að vori, og eins þarf tíma til undirbúnings að haustinu.

Um 44. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr.

Greinin er nálega samhljóða 31. gr. núgildandi laga um fræðslu barna og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 46. gr.

Greinin er áþekk 32. gr. núgildandi laga um fræðslu barna að öðru leyti en því, að skýrslugerðin er flutt frá skólanefnd til skólastjóra, sbr. 41. gr.

Um 47. gr.

Sjá greinargerð með 14., 15. og 49. gr.

Um 48. gr.

Eðlilegt þótti, að sérstök fræðsluskrifstofa yrði í hverju fræðsluumdæmi. Með þeim hætti yrði komið til móts við almennar óskir í flestum landshlutum, jafnframt því sem þá yrði betur tryggt en ella, að nokkur færsla valds menntamálaráðuneytisins út í fræðsluumdæmin yrði meira en nafnið eitt.

Um 49. gr.

Samkvæmt þessari grein er fræðslustjóri Reykjavíkur ráðinn á annan hátt en aðrir fræðslustjórar landsins. Er þetta í samræmi við samning milli menntamálaráðuneytisins og borgarstjórnar Reykjavíkur um fræðslustjórn í Reykjavík, sem gilt hefur milli þessara aðila síðan 2. júlí 1968.

Að öðru leyti virðist greinin ekki þarfnast skýringa.

Um 50. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 51. gr.

Fyrsta mgr. er í samræmi við upphaf 49. gr. Önnur mgr. ætti að skýra sig sjálf. Í þriðju mgr. kemur fram, að greiðslufyrirkomulag kostnaðar við rekstur fræðsluskrifstofu er annað fyrir Reykjavík en fyrir aðra hluta landsins. Stafar þetta af því, að nefndin sá ekki ástæðu til að breyta ákvæðum fyrrgreinds samnings milli menntamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um þetta atriði. Auk þess má benda á, að umrætt kostnaðarhlutfall, sem nægja mundi í Reykjavík, yrði ófullnægjandi utan Reykjavíkur, þar sem barnafjöldi er minni og rekstur því óhagstæðari. Í fræðsluumdæmi Reykjavíkur eru rúmlega 35% skólaskyldra barna á Íslandi, og skapar þessi mikli fjöldi möguleika á hagræðingu, sem leiðir til þess, að í Reykjavík getur nægt lægra kostnaðarhlutfall úr ríkissjóði til rekstrar fræðsluskrifstofu en í öðrum fræðsluumdæmum.

Um 52. gr.

Fræðsluráð skv. þessu frumvarpi verður allt annars og viðtækara eðlis en þau fræðsluráð, sem nú starfa í kaupstöðum landsins. Fræðsluráðin verða í sumum fræðsluumdæmum mjög fjölmenn og það svo, að þau verða algerlega óstarfhæf sem stjórnunareiningar. Talið er æskilegt, að fræðsluráðið komi saman til fundar árlega til að ræða fræðslumál umdæmisins og kjósa framkvæmdanefnd. Framkvæmdastjóri þeirrar nefndar og þar með fræðsluráðsins er fræðslustjóri umdæmisins.

Um 53. gr.

Greinin miðar að því að kerfisbinda fjárlagaundirbúning í fræðsluumdæmunum.

Um 54. gr.

Þar sem fræðslustjóri er starfsmaður menntamálaráðuneytisins og þar með fulltrúi ríkisvaldsins, þótti eðlilegt að gera ráð fyrir því, að unnt væri að fela honum að annast málefni tiltekinna ríkisskóla. Er þetta ákvæði fyrst og fremst sett með héraðsskóla í huga, og ætti umrædd tilhögun að geta treyst tengslin milli skóla og skólastiga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi.

Um 55. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Sjá einnig 53. gr.

Um 56. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 59. gr. er nauðsynlegt að gera ráð fyrir nokkurri námsstjórn, námseftirliti og kennsluleiðbeiningum í einstökum fræðsluumdæmum eða skólahverfum. Námsstjóri í einstakri námsgrein, sem hefur allt landið að námsstjórnarsvæði, getur aldrei haft náð samband við alla þá kennara, sem kenna umrædda námsgrein í landinu. Enda þótt æskilegt sé, að hann kynnist eftir föngum starfi hvers einstaks kennara í greininni um land allt, þá verður að telja eðlilegra og skynsamlegra, að landsnámsstjóri einbeiti kröftum sínum fremur að því að starfa með nokkrum hópi kennara úr öllum landshlutum, sem síðan yrðu leiðbeinendur og umsjónarmenn með kennslu í hlutaðeigandi grein hver á sínu svæði, t. d. skólahverfi. Ákvæði 56. gr. um námseftirlit og leiðbeiningar eiga fyrst og fremst við slíka leiðbeinendur heima í héraði, og gætu þeir haldið áfram störfum, ef æskilegt væri talið, eftir að umræddur námsstjóri í greininni lætur af störfum. Slíkir námsleiðbeinendur heima í héraði ættu að geta aukið gildi og bælt nýtingu landsnámsstjórnar með því að tryggja framhald námsstjórnarstarfsins og miðlun vitneskju um námsskrá, námsefni og kennsluaðferðir, hver á sínu svæði. Þess skal getið, að nú þegar hafa einstök fræðsluhéruð, t. d. Reykjavík, reynt svæðisbundna námsstjórn og kennsluskipulagningu í einstökum námsgreinum, og þykir sú þjónusta mjög gagnleg.

Um 57. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Það er afar mikilvægt, að fræðsluyfirvöld fái, bæði snemma og reglulega, vitneskju um þau börn, sem þarfnast sérkennslu og annarra slíkra sérstakra kennsluaðgerða vegna ýmissa afbrigða, sbr. 8. gr. Þykir rétt, að fræðslustjórar verði ábyrgir fyrir könnun þessarar þarfar í samvinnu við skólalækna og sálfræðisþjónustu, og hlutist fræðslustjórar síðan til um viðeigandi kennsluaðgerðir í samráði við umrædda sérfræðinga.

Um 59. gr.

Þegar þess er gætt, hve umfangsmikil endurskoðun námsskrár og námsefnis á vegum skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins verður næstu árin, verður

ljóst, hve þörfin er brýn fyrir mikla og vel skipulagða námsstjórn í einstökum námsgreinum. Námsfniendurskoðun skólarannsóknadeildar hófst síðsumars 1967 varðandi eðlis- og efnafræði, og síðan hefur verið hafin endurskoðun líffræði (náttúrufræði), stærðfræði og dönsku og auk þess undirbúin endurskoðun íslenzku annars vegar og sögu og samfélagsfræði hins vegar. Endurskoðun annarra greina er væntanleg. Sú endurskoðun, sem um ræðir, er í öllum greinum viðtæk og í mörgum róttæk. Jafnan þarfnast endurskoðunin góðrar heildarstjórnar í hverri grein og mikillar endurmenntunar kennara. Af þessum sökum telur nefndin nauðsynlegt, að gert sé ráð fyrir eigi minna en sex námsstjóraunum samanlagt, þótt oftast yrði starfinu sennilega skipt á fleiri menn og yrðu þá sumir ekki í fullu námsstjórnarstarfi. Jafnframt þótti eðlilegt, að námsstjóri yrði eigi ráðinn til lengri tíma en þriggja ára. Hvort tveggja er, að þörf fyrir námsstjórn í einstakri grein er talin breytileg, og sömuleiðis, að sanngjarnt verður að telja, að nýir menn geti fengið tækifæri til að vinna að námsstjórn.

Hér á eftir er birt til skýringar yfirlitsáætlun skólarannsóknadeildar um vinnuþörf vegna þeirra námsefnisverkefna, sem þegar hafa verið tekin á starfsáætlun. Þörfin er metin í „mannmánuðum“ (mannmánuður = starf, sem nemur því, að einn maður yrði mánuð að vinna það að fullu).

Ljóst er af áætlunartöflunni, að um mjög mikla vinnu er að ræða. Ráðgert er og, að margir aðilar leggi hönd á plóginn varðandi hverja námsgrein. Af þessu tvennu ætti að verða skiljanlegt, hver þörfin er fyrir góða og vel skipulagða námsstjórn í einstökum námsgreinum hér á landi næstu árin.

**Bráðabirgðayfirlit yfir endurskoðun námsefnis í nokkrum greinum fram til ársins 1980. Tölurnar tákna mann mánuði.**

	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	
1. Eðlis- og efnafræði . . . .	4	14	21	23	16	14								92
2. Líffræði . . . . .		1	12	25	30	20	12							100
3. Stærðfræði, barnastig . . . .				2	15	25	24	26	11					103
Stærðfræði, gagnfræðast.			7	12	18	20	18	12	8					95
4. Danska . . . . .				5	13	15	14	13	15	8				83
5. Saga og samfélagsfræði . . . .			1	15	30	37	49	37	23					192
6. Íslenzka, barnastig . . . . .				3	10	8	11	17	19	15	12	11	4	110
Íslenzka, gagnfræðastig . . . .				3	10	8	11	11	15	6	9	4		77
7. Tónlist . . . . .			2	3	4	2								11
8. Forskólakennsla . . . . .				3	3	3	3	3	3	3	3			24
	4	15	43	94	149	152	142	119	94	32	24	15	4	887

**Um 60. gr.**

Þessi grein er grundvölluð á 2. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

**Um 61. gr.**

Þarfnast ekki skýringa.

**Um 62. gr.**

Skólatíni á Íslandi hefur alla tíð verið stuttur og styttri en í flestum nágrenna löndum. Á þetta ekki aðeins við um árlegan kennsluviknafjölda, heldur einnig nýtingu hveirrar kennsluviku. Ein afleiðing þessa ástands er sú, að námstími til stúdentsprófs hérlendis er 13 ár, en 12 ár annars staðar á Norðurlöndum. Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir, að auka árlegan kennsluviknafjölda frá núverandi hámarki, þ. e. 9 mánuðum, sem er nú nokkurn veginn almennt í barnaskólum kaupstaða.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að öll 9 árin muni grunnskólinn starfa í 9 mánuði. Jafnframt var farin sú leið að reyna að nýta skólaárið betur, þannig að til kennslu og prófa yrði varið 198 dögum hið fæsta, og af þeim tíma yrðu prófdagar mun færri en nú, sbr. 74. gr. Greinin gerir og ráð fyrir því, að allt að 15 dögum að auki megi verja til annarra þarfa skólans, og er þá átt við, að þessum dögum verði varið t. d. til skólaþingna og skólaslita, skóla- og skíðaferða, foreldradaga, þriggja fundardaga kennara í byrjun skólaárs og e. t. v. verði ekki kennt laugardaga septembermánaðar. Rétt er að leggja sérstaka áherzlu á, að fundardagar kennara geta verið afar gagnlegir til skipulagningar kennslu fyrir veturinn og samhæfingar á kennslustörfum kennaranna.

Með tilliti til þess m. a., að æ fleiri starfsstéttir vinna nú ekki á laugardögum, þótti rétt, að sveitarfélag gæti æskt og menntamálaráðuneytið heimilað 5 daga kennsluviku að því tilskildu, að heildarmagn kennslu minnkaði ekki.

Varðandi leyfisdagana þótti rétt, að við upphaf skólaárs yrði tilbúið skólaalmanak, þar sem slíkir dagar og aðrir þeir dagar skólaársins, sem víkja frá venjulegri önn skóladagsins, yrðu nákvæmlega tilgreindir.

#### Um 63. gr.

Í þessari grein eru grundvallaratriði námsefnis grunnskóla tiltekin, en um öll nákvæmari atriði og vægi einstakra námsgreina er vísað til námsskrár, sem menntamálaráðuneytið mun gefa út að settum nýjum fræðslulögum. Það er sérstaklega tekið fram í greininni, að við setningu námsskrár og skipulagningu námsefnis fyrir grunnskóla þurfi að gæta nauðsynlegrar námsaðgreiningar til að laga námið að mismunandi þroska, getu og áhugasviði nemenda.

Gert er ráð fyrir því að í framtíðinni muni, með hliðsjón af breytilegum þörfum og nýjum sjónarmiðum, þurfa að endurskoða námsskrána stöðugt og gefa hana út mun oft en tíðkæpt hefur. Eru þetta m. a. rökin fyrir því, að í greininni eru aðeins tiltekin grundvallaratriði námsefnisins, en ekki talin upp nöfn námsgreina við hvert stig grunnskóla eða vægi þeirra á stundaskrá.

#### Um 64. gr.

Sjá greinargerð með 2. og 3. gr. Þessi grein stefnir að allverulegri aukningu vikulegs kennslutíma í 1.—6. bekk grunnskóla frá því, sem nú er í barnaskóla, og eilíftilli aukningu í 7.—8. bekk frá kennslutíma unglingabekkja nú. Tryggir þessi aukning, ásamt ákvæðum 62. gr., að heildarkennslumagn í 9 ára grunnskóla yrði a. m. k. jafnmikið og það er nú á 10 árum í þeim barna- og gagnfræðaskólum, sem hæstir eru að kennslumagni.

#### Um 65. gr.

Eigi þótti rétt að setja önnur mörk um lengd kennslustunda en lágmark, er tryggja á sæmilega nýtingu tímans til kennslu, og hámark, sem fyrst og fremst ver nemendur gegn þreytu og tryggir þeim og kennurum nægilega tíðar hvíldir. Gera verður ráð fyrir því, að framvegis fari lengd kennslustunda fyrst og fremst eftir ákvörðun skólastjóra og kennara, og grundvallist slík ákvörðun — innan ofangreindra marka — aðallega á eðli og rökum þess námsefnis, sem fengið er við hverju sinni.

#### Um 66. gr.

Mjög erfitt er að koma við hlutlægri rannsókn á því, hver sé heppilegust lengd frímínútna á hverju aldurstigi, og virðist ekki liggja fyrir nokkur fræðileg niðurstæða um það, hver reglan ætti að vera um þetta efni, enda í hæsta máta ólíklegt, að öllum börnum muni henta bezt hið sama, jafnvel þótt þau séu á svipuðum aldri. Nefndin reyndi af þessum sökum að finna skynsamlega heildarreglu til viðmiðunar, en gerði ráð fyrir, að síðan réðu skólastjórar — innan heildarmarkanna — skiptingu stundahléstímans og lengd einstakra frímínútna í hverjum aldursflokki. Viðmiðunin 15 mínútna stundahlé á móti hverjum 100 mínútum kennslu jafngildir því,

að 9 mínútur komi á hvern kenndan klukkutíma, eða því, að á hverja 40 mínútna kennslustund, sem ekki er síðasta kennslustund skóladags, komi rúmlega 7 mínútna stundahlé.

Þess skal getið, að eiginlegt stundahlé, þ. e. hinn raunverulegi tími milli þess, að kennslu lýkur og kennsla hefst, er jafnan nokkru lengri en kennsluhléið er skv. stundatöflu og skólabjöllu. Það tekur auðvitað nokkurn tíma að komast úr kennslustofunni og í hana aftur o. s. frv. Nokkur könnun þessa atriðis var gerð í fáeinum Reykjavíkurskólum skólaárið 1969—1970, og annaðist hana Benedikt Gunnarsson, tæknifræðingur.

#### Um 67. gr.

Skv. þessum ákvæðum fækkar leyfisdögum í grunnskóla allverulega frá því, sem nú er, og á þetta einkum við um 1.—6. bekk. Jólaleyfi verður svipað því, sem það er nú í gagnfræða- og framhaldsskólum, en um viku skemmra en í barnaskólum nú. Páskaleyfi styttest um einn dag í 7.—9. bekk, en um þrjá daga í 1.—6. bekk. Hin svonefndu mánaðarleyfi leggjast niður skv. ákvæðum greinarinnar. Um aðra leyfisdaga eru ákvæðin svipuð og nógildandi reglur.

Tilgangurinn með fækkun leyfisdaga er bætt nýting skólaársins. Nefndin taldi, að umrædd fækkun og sú kennsluaukning, sem felst í 64. gr., ætti ekki að skapa hættu á of miklu vinnuálagi á nemendur. Í því sambandi er vert að benda á þá 15 (eða 9) daga á skólaárinu, sem verja má til annarra þarfa skólans en kennslu og prófa, sbr. 62. gr.

#### Um 68. gr.

Gera verður ráð fyrir því, að í framtíðinni muni smátt og smátt verða dregið úr hinu hefðbundna bekkjarkennslufyrirkomulagi og í þess stað muni aukast, að bekkjardeildir verði sameinaðar í stærri hópa eða skipt í smærri hópa til kennslu, allt eftir rökum námsefnisins og þroskastigi nemenda, sbr. athugasemdir við 65. gr. Þó verður að ætla, að hið hefðbundna fyrirkomulag verði enn um sinn ríkjandi í landinu, og valda þessu m. a. kennsluvenjur og skólahúsnæði. Því þótti eðlilegt að tiltaka hámarksfjölda nemenda í bekkjardeild til að koma í veg fyrir óeðlilega mikinn fjölda. Ýmsar nágrannaþjóðir vorar hafa tekið ákvæði um þetta atriði upp í fræðslulög sín, t. d. segir í 5. gr. norsku grunnskólaganna (frá 13. júní 1969), að „eigi skuli vera fleiri en 30 nemendur í einum bekk“ grunnskóla. Í frumvarpi nefndarinnar er gert ráð fyrir svipuðu kerfi, en aðeins sveigjanlegra: að meðalfjöldi nemenda í almennri bekkjardeild grunnskóla skuli ekki vera meiri en 30 og nemendafjöldi í einstakri bekkjardeild að jafnaði ekki meiri en 32.

#### Um 69. gr.

Enn um sinn verður að gera ráð fyrir því, að á ýmsum stöðum í strjálbýli verði litlir skólar, þar sem nokkrum árgöngum nemenda, tveimur eða fleiri, er kennt saman. Þar sem kennsla í slíkum skóla verður af augljósum ástæðum erfiðari en ella, þótti rétt að kveða á um hámarksfjölda nemenda í bekkjardeild í slíkum skólum.

Ákvæði greinarinnar eiga aðeins við 1.—6. bekk grunnskóla; sjá 71. gr.

#### Um 70. gr.

Parfnast ekki skýringa.

#### Um 71. gr.

Þegar komið er upp í 7. bekk er námsefnið orðið með þeim hætti í flestum greinum, að mjög óheppilegt verður að telja, að tveimur aldursárgöngum sé kennt saman að staðaldri. Af þessum sökum þótti þetta nauðsynlegt ákvæði.



Um 72. gr.

Grein þessi er í samræmi við nágildandi fræðslulög; sjá 59. gr. laga nr. 48/1946 um gagnfræðanám.

Þar sem fámenni er of mikið til þess, að skólahverfi geti starfrækt 7.—9. bekk skv. ákvæðum greinarinnar, er gert ráð fyrir því, að fleiri skólahverfi geti sameinast um unglingsfræðslu grunnskóla. Sjá 16. gr.

Um 73. gr.

Geti skólastjóri hagrætt kennslustörfum svo, að skólinn fullnægi fyrirmælum námsskrár án þess að nota að fullu það hámark reiknaðra stunda, sem skólanum ber, verður að teljast sanngjarnt, að skólinn eigi þá rétt á að nýta sjálfur til aukinnar kennslu verulegan hluta þess, sem sparast. Greinin ætti að geta orðið skólastjórum hvatning til að stefna að sem mestri hagræðingu í starfi.

Sjá að öðru leyti skýringar og útreikninga í kostnaðarkafli greinargerðarinnar.

Um 74. gr.

Hugtakið námsmat er hér notað sem samheiti yfir hvers kyns próf og einkunnagjöf. Námsmati má skipta í samræmi við tilgang sinn, í tvo aðalflokka:

- a) Leiðsagnarnámsmat. Það hefur þann megintilgang að veita nemanda og kennara sem tíðasta vitneskju um það, hvernig nemandanum gengur í náminu, í því skyni að beina námi og kennsluáðferð í þá átt, sem vænlegasta má telja til góðs árangurs. Sem dæmi um leiðsagnarnámsmat mætti nefna tíð, örstutt skyndipróf, sem nemandi getur oft leiðrétt sjálfur samkvæmt ábendingum kennara. Einnig mætti nefna æfingar í lok stuttra kafla í kennslubókum, og ræður þá frammi- staða nemandans í hlutaðeigandi æfingu gjarnan því, hvort hann les kaflann aftur eða heldur áfram með næsta kafla.
- b) Yfirlitsnámsmat. Það hefur þann megintilgang að veita vitneskju um náms- árangur nemanda í stórum námsáfangum, t. d. hálfis eða heils vetrar, í tiltekinni námsgrein. Einkunnagjöf yfirlitsnámsmats miðast venjulega við það, hversu miklum hluta heildarprófs nemandinn er talinn hafa valdið, ellegar þá við það, hver staða nemandans er talin vera í samanburði við aðra nemendur í sínum aldursflokki (svokölluð „relatíf“ einkunnagjöf). Yfirlitsnámsmat er venjulega, en þó ekki nauðsynlega, miðað við sérstök lokapróf, og er námsáfanginn, sem um ræðir, venjulega ein önn, eitt kennslumisseri eða eitt skólaár.

Rétt er að geta þess, að engin skörp skil eru milli leiðsagnarnámsmats og yfir- litsnámsmats. Unnt er að beita námsmati svo, að það feli í sér nokkuð af hvoru tveggja.

74. gr. miðar að því, að í grunnskóla framtíðarinnar muni verða sú breyting frá núverandi ástandi, að leiðsagnarnámsmat aukist á kostnað yfirlitsnámsmats. Upp- hafsetning greinarinnar lýsir stefnu í þessa átt. Sama er að segja um ákvæðin um nán tengsl markmiðssetningar og námsmats og órjúfanlegt samband námsmats við nám og kennslu. Sú tímatakmörkun fyrir heildarpróf, sem greinin tiltekur, gengur einnig í sömu átt, en slík takmörkun er að dómi nefndarinnar afar nauðsynleg.

Gera má ráð fyrir því, að tímatakmörkun greinarinnar verði ekki fyllilega náð, fyrr en ákvæði 78. gr. um nýjar aðferðir við námsmat hafa komið til framkvæmda, a. m. k. að einhverju leyti. Því er í greininni ákvæði um, að menntamálaráðuneytið geti veitt heimild til frávika frá ákvæðunum um prófdagafjölda.

Um 75. gr.

Eðlilegt þótti, að sérhver nemandi fengi við lok grunnskólanáms skirteini, er vottaði, að hann hefði fullnægt þeirri skyldu gagnvart þjóðfélaginu og sjálfum sér að ljúka lögboðnu skyldunámi. Jafnframt var talið nauðsynlegt til upplýsingar, að

nemandinn fengi skirteini, er veitti vitneskju um námsferil hans, þ. á m. námsbraut og námsárangur.

Þessi grein tiltekur ekkert fastákveðið um það, hvort grunnskólanámi skuli ljúka með samræmdu lokaprófi, t. d. í líkingu við landspróf miðskóla nú. Greinin gerir hins vegar ráð fyrir því, að um slík samræmd lokapróf geti verið að ræða í grunnskóla, og 77. gr. heimilar menntamálaráðuneytinu að ákveða slíka tilhögun. Nefndin taldi eðlilegt, að nákvæm ákvæði um samræmd lokapróf yrðu sett í reglugerð í samræmi við lög, en ekki í sjálft lagafrumvarpið. Þess má geta, að undirbúningur að áætlun um breytt próffyrirkomulag í barna- og gagnfræðaskólum er þegar hafinn í menntamálaráðuneytinu, og er hann í samræmi við megin stefnu þessa frv.

Um 76. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 77. gr.

Gert er ráð fyrir því, að námsmat í grunnskóla, bæði leiðsagnar- og yfirlitsnámsmat, verði fyrst og fremst í höndum kennaranna sjálfra. Jafnframt er menntamálaráðuneytinu þó heimilað að ákveða aðra tilhögun, t. d. um samræmd lokapróf í einstökum greinum. Þessi heimild er ekki takmörkuð við 9. bekk grunnskóla, heldur á hún við, hvar sem æskilegt yrði talið að taka upp aðra tilhögun námsmats en þá, sem upphafssetning greinarinnar lýsir. Sjá 78. gr. og athugasemdir við 75. gr.

Um 78. gr.

Greinin miðar að því, að undinn verði bugur að því að útvega skólum samræmd könnunarpróf og stöðluð próf, ásamt sérfræðilegum leiðbeiningum um námsmat. Aðaltilgangur slíkra aðgerða er að auðvelda skólunum sjálfum, þ. e. kennurum og skólastjóra, að meta árangur skólustarfsins og finna, hvar skórinn krepur í starfi skólans. Einnig mætti hafa samræmd og stöðluð próf til hliðsjónar, þegar einkunnir eru gefnar í yfirlitsnámsmati.

Vert er að benda á það, að stöðlun prófa er afar tímafrekt og vandasamt verk, og verður í því efni að gera ráð fyrir löngum undirbúningstíma. Stöðlun prófs í einhverri grein hefst með söfnun fjölda prófatriða, sem síðan eru lögð fyrir úrtak nemenda, sem eru valdir samkvæmt tilteknum, fræðilegum reglum, til að vera fulltrúar stærri nemendahóps, t. d. aldursárgangs í grunnskóla. Að lokinni þessari forpröfun eru síðan valin nokkur prófatriði, sem talin eru mæla vel kunnáttu, skilning o. s. frv., í samræmi við markmið námsins. Nánar tiltekið eru valin atriði, sem greina vel á milli kunnáttu og kunnáttuleysis, skilnings og skilningsleysis, o. s. frv., og einnig er gætt að því, að atriðin séu mismunandi þung og raðað á skynsamlega stigbundinn hátt eftir þyngd; jafnframt er þess gætt, að prófatriðin taki í eðlilegum hlutföllum yfir allt það, sem markmiðsskilgreining námsins tiltekur. Loks eru samdar bráðabirgðareglur um einkunnagjöf. Þetta próf er síðan lagt fyrir allan nemendahópinn, sem prófa á, t. d. heilan aldursárgang. Þá er venjan að meta fyrst úrlausnir tiltekins úrtaks nemenda, fyrst og fremst til að athuga, hvort prófið „komi út“ á svipaðan hátt og búizt var við eða ekki. Ef hið síðara verður reyndin, þarf að breyta bráðabirgðareglunum um einkunnagjöf, en að öðrum kosti má nota þær óbreyttar. Og að öllum þessum undirbúningi loknum eru úrlausnirnar í heild loks metnar og niðurstöður prófsins reiknaðar út og skráðar.

Kosturinn við stöðluð próf er sá, að þau „mæla“ yfirleitt mun betur en önnur próf sakir þess, að beztu prófatriðin hafa verið valin úr fjölda prófatriða samkvæmt forkönnun. Jafnframt vita menn nokkurn veginn nákvæmlega hvað þau mæla, vegna þess að prófatriðin eru gaumgæfilega valin með hliðsjón af skilgreindum kennslumarkmiðum. Í þriðja lagi geta menn vitað nákvæmlega, hvað hver einkunn merkir. Einkunnin 10 gæti t. d. verið skilgreind svo: „umræddur nemandi er meðal hæstu 3% nemenda síns aldursflokks í námsgreininni“. (Þetta væri „relatíf“ einkunnagjöf).

Væri einkunnagjöfin „absólút“, mætti t. d. skilgreina einkunnina 9 sem hér segir: „frammistaða umrædds nemanda er á því bili, að hann skilar 85—94% réttum svörum á prófi, sem er nákvæmlega sniðið eftir kennslumarkmiðum námsgreinarinnar í tilteknum bekk grunnskóla“. Í fjórða lagi eru stöðluð próf afar auðveld í úrvinnslu, ef fyrrgreindur undirbúningur hefur verið nægur og skynsamlegur.

Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, eru að sönnu mjög eftirsóknarverður ávinningur. Ljóst er þó jafnframt, að ávinningurinn kostar mikla fyrirhöfn, og því er sagt í greininni, að „svo fljótt sem við verður komið“, skuli menntamálaráðuneytið leggja skólunum til stöðluð próf í a. m. k. móðurmáli og stærðfræði.

Það er miklu minna verk og viðráðanlegra að samræma úrvinnslu prófa, sbr. það, sem að ofan var sagt um einkunnagjöf, en að staðla próf. Má búast við því, að slík samræming gæti komið til mjög fljótlega, eftir að tekin yrði ákvörðun um að taka umrædd vinnubrögð upp, t. d. einu eða tveimur árum síðar.

78. gr. var sett í frumvarpið, í stuttu máli sagt, til þess að marka þá stefnu, að nýjar réttmætari, áreiðanlegri og handhægari aðferðir við námsmat yrðu teknar upp, svo fljótt sem auðið væri, í stað núverandi aðferða, sem óneitanlega skortir æðimikið á um réttmæti, áreiðanleika og einfaldleika í úrvinnslu.

Um 79. gr.

Þessi grein kveður á um það, að sett skuli reglugerð um námsmat fyrir alla nemendur á skólaskyldualdri. Sjá 75. og 77. gr.

Um 80. gr.

Í júlímánuði 1966 var stofnað til vísis að skólarannsóknunum í menntamálaráðuneytinu og rúmum tveimur árum síðar, í ágúst 1968, voru rannsóknirnar gerðar að sérstakri deild í ráðuneytinu, skólarannsóknadeild. Greinin gerir ráð fyrir því, að deildin starfi áfram, og tiltekur meginverkefni hennar í stórum dráttum. Verkefnið eru tilgreind í samræmi við það, sem deildin hefur hingað til fengizt við, auk þess sem bætt er við atriðum, einkum viðvíkjandi gerð staðlaðra prófa og tillögugerð um nýjungar í kennaranámi, sem æskilegt var talið, að deildin fengist einnig við.

Um 81. gr.

Gera má ráð fyrir því, að á næstu árum muni skólarannsóknir og hvers kyns uppeldisfræðileg rannsóknarstarfsemi aukast talsvert á Íslandi. Ætla má, að miðstöðvar umræddrar rannsóknarstarfsemi verði einkum þessar: Háskóli Íslands og Kennaraskóli Íslands (sem e. t. v. rækju í sameiningu rannsóknarstofnun uppeldismála), sálfræðideild skóla í Reykjavík og skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins.

Uppeldisrannsóknanevnd þeirri, sem greinin fjallar um, er ætlað að tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun þeirra aðila, sem við slíkar rannsóknir fást, að samhæfa eftir föngum verkefni þeirra og að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um úthlutun tiltekins kvóta þess fjár, sem árlega er varið úr ríkissjóði til rannsóknarverkefna á sviði skóla- og uppeldismála. Tilgangurinn með þessum stöfnumiðum er góð nýting starfskrafta og fjármuna. Sjá 82. og 83. gr.

Um 82. gr.

Nefndin taldi eðlilegt að miða fjárveitingu til rannsóknarstarfsemi á sviði skóla- og uppeldismála við ákveðið hlutfall af heildarútgjöldum ríkissjóðs til skólamála. Með því yrði tryggt, að auknu skólastarfi fylgdu eflidar skólarannsóknir, en slíkt hlýtur að teljast mjög augljós nauðsyn.

Viðmiðunin, sem hlutfallið tekur til, er takmarkað við þau skólastig, sem ætla má, að starf skólarannsóknadeildar muni takmarkast við næstu árin. Samkvæmt fjárlögum 1970 nemur 1% heildarútgjalda ríkissjóðs til stofn- og rekstrarkostnaðar

grunnskóla og framhaldsskóla um 11 milljónum króna, en af þeirri upphæð rynnu, skv. ákvæðum greinarinnar, a. m. k.  $\frac{2}{3}$ , eða um 7.3 milljónir, til skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins. Ætti að nægja að benda á tvö eða þrjú þeirra verkefna deildarinnar, sem tiltekin eru í 80. gr., til þess að gefa vísbendingu um það, að þessi fjárhæð yrði sízt of mikil: gerð staðlaðra prófa og endurskoðun náms-efnis og námsskrár. Sjá töflu og athugasemdir við 59. gr.

Um fjárþörf annarra aðila til rannsóknarstarfsemi á sviði skóla- og uppeldis- mála er örðugt að segja, meðan svo fáar rannsóknaráætlanir hafa verið gerðar, en nefndinni þótti ekki óeðlilegt, að ráðuneytið gæti varið allt að þriðjungi umrædds hlutfalls til slíkra aðila í samræmi við ákvæði 83. gr.

Um 83. gr.

Sjá athugasemdir við 81. gr.

Um 84. gr.

Þessi grein er nýjung. Rök hennar eru þau, að ýmsar kennslutilraunir, sem æskilegar eru taldar, geta verið svo umfangsmiklar og/eða róttækar, að því er varðar skipulagningu, kennsluaðferðir, námsefni o. fl., að þær geta ekki „notið sín“ nema því aðeins, að undanþágur séu veittar frá ákvæðum laga og reglugerða varðandi þau atriði, sem tiltekin eru í greininni. Sem dæmi um slíka kennslutilraun mætti nefna áætlanir Reykjavíkurborgar um sameinaðan framhaldsskóla að loknu skyldu- námi. Ekki er ósennilegt, að ýmsir aðrir aðilar kynnu að æskja þess síðar að not- færa sér slík heimildarákvæði um tilraunaskóla, t. d. Kennaraskóli Íslands (vegna Æfinga- og tilraunaskólans), svo og ýmis sveitarfélög, þar sem mikill áhugi ríkir á skólamállum.

Sanngjarnt þótti, að yrði um viðbótarkostnað að ræða við slíkan tilraunaskóla, þá yrði viðhöfð sú helmingaskipting kostnaðar, sem seinni mgr. greinarinnar tiltekur.

Um 85. gr.

Þar sem stofnun grunnskóla á Íslandi yrði afar djúptæk og umfangsmikil breyt- ing frá núverandi skólaháttum, þótti rétt að fara að dæmi Norðmanna (sbr. norsku grunnskólalöggin) og setja í frumvarpið ákvæði um grunnskólaráð, er yrði mennta- málaráðuneytinu til ráðgjafar um kennslufræðileg málefni grunnskólans. Þeir sjö menn, sem greinin áformar, að taki sæti í ráðinu, eru fulltrúar þeirra aðila, sem ætla má, að hin umfangsmikla nýjung muni hvíla þyngst á: kennara, kennara- menntastofnana, Ríkisútgáfu námsbóka og skólarannsóknadeildar menntamálaráðu- neytisins, sbr. 80. gr.

Um 86. gr.

Þessi grein er efnislega í samræmi við 53. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, að öðru leyti en því, að bætt er við ákvæði um það, að menntamálaráðuneytið geti viðurkennt forskóla, sem eru einkaskólar, enda hefur slíkt raunar verið gert í mörg ár. Sjá 93. gr. þessa frumvarps og 54. gr. fyrrnefndra laga um fræðslu barna.

Um 87. gr.

Nefndin taldi, að svokölluð „tímakennsla“ óskólaskyldra barna væri í allmörgum tilvikum varhugaverð og hefði miður heppileg áhrif á nám barnanna síðar meir, ekki sízt vegna þess, að slík kennsla er oft í höndum einstaklinga, sem ekki hafa lært til kennslustarfa. Því var sett í frumvarpið grein um það, að slík kennsla skyldi háð leyfi fræðslustjóra.

Um 88. gr.

Grein þessi ákveður það sem aðalreglu, að skólaskylda barns hefjist við byrjun skólaárs á því almanaksári, sem það verður sjö ára, og er þetta óbreytt frá núgild- andi reglum. Hitt er nýmæli, að greinin tiltekur, að börn, sem verða sex ára gömul

á fyrri hluta árs, geti hafið grunnskólanám það ár, og að barn, sem verður sjö ára á seinni hluta árs, geti frestað námi um ár, hvort tveggja að því tilskildu, að forráðamenn barnsins sækji um eða samþykki slíkt og sálfræðiþjónusta skólans mæli með því. Jafnframt gerir greinin ráð fyrir því, að heimilt verði í undantekningartilvikum, að barn, sem nær sex ára aldri á síðari hluta almanaksárs, hefji grunnskólanám það ár, enda er þess þá krafizt, að sálfræðiþjónusta skólans og skólalæknir mæli með slíku hvor fyrir sitt leyti.

Umrædd heimildarákvæði um flýtingu og seinkun nemenda eru sett til þess að auðvelda það, að grunnskólinn geti betur en ella komið til móts við mismunandi aldursþroska og námshæfileika nemenda. Sjá greinargerð með 2. gr.

Um 89. gr.

Greinin er sett til þess að tryggja, að nemendum verði ekki á starfstíma skóla íþyngt svo með vinnu utan skólans, að þeir fái ekki hvílt sem skyldi og skorti orku til að rækja nám sitt svo, að námsgeta þeirra megi njóta sín og góður námsárangur nást. Sjá einnig 41. gr. laga nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, og 40. gr. reglugerðar nr. 105/1970 skv. þeim lögum.

Um 90. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 91. gr.

Þessi grein er afar ýtarleg og virðist ekki þarfnast sérstakra skýringa. Megin­tilgangurinn með henni er að tryggja, að verði nemandi eitthvað ámaelisvert á í skólanum, þá kostgæfi skólinn að sýna honum nærgætni, að leita orsaka að vandkvæðum hans og forðast brottvikningu hans úr skóla í lengstu lög.

Um 92. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli í fræðslulögum. Þau þarfnast ekki skýringa.

Um 93. gr.

Grein þessi er svipuð 54. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, en öllu ýtarlegri. Hún gerir ráð fyrir því, að forskólar verði í tengslum við grunnskóla, að kennsluna annist barnakennarar með kennaraprófi, og hafi þeir forgangsrétt til starfæns, sem hafa viðurkennda viðbótarmenntun fyrir forskólakennara. Jafnframt verði heimilt að ráða fóstrur til starfa í forskólum.

Eftirspurn eftir forskólakennslu, einkum fyrir 6 ára börn, fer nú mjög vaxandi í landinu, sérstaklega í þéttbýli. Er því nauðsynlegt, að skýr heimildarákvæði í lögum gildi um slíka fræðslu. Sjá jafnframt 86. gr.

Um 94. gr.

Telja verður, að grunnskóli geti alls ekki rækt hlutverk sitt í samræmi við markmið 1. og 63. gr. nema því aðeins, að við hann sé bókasafn og lesstofa.

Skólabókasöfn eru svið, sem fremur lítið hefur verið sinnt á Íslandi til þessa, og er eðlilegt, að undinn verði bugur að bráðum aðgerðum í þessu efni, eigi síðar en við setningu nýrra fræðslulaga um skyldunámsstigið.

Um 95. gr.

Rétt þótti að setja í frumvarp til laga um grunnskóla ákvæði um heilsuvernd í slíkum skólum, enda þótt gert sé ráð fyrir því, að sérstök lög og reglugerð muni áfram gilda um þetta atriði. Það er afar mikilvægt, að þeir aðilar, sem annast og stjórna heilsuvernd í skólum, hafi samráð og gott samstarf um verksvið sitt við fræðslustjóra og skólastjóra. Aðaltilgangurinn með greininni er að tryggja slíka samvinnu. Sjá einnig 58. gr.

#### Um 96. gr.

Nauðsyn þess að setja á stofn ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fyrir allt landið er nú orðin svo brýn, að um hana verður ekki lengur deilt. Sálfræðideild skóla í Reykjavík var stofnuð við Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur fyrir 10 árum, og hefur sú deild unnið mjög gagnlegt starf, en eftirspurnin eftir þjónustu hennar hefur verið slík, að deildin hefur orðið að takmarka störf sín að mestu við barnastigið, enda þótt þörfin fyrir sálfræðipjónustu sé sízt minni á gagnfræðastiginu. Úti á landi hafa foreldrar og skólamenn árum saman óskað eftir sálfræðipjónustu, og hafa ýmsar bænaskrár og samþykktir verið gerðar, er að þessu hníga. Loks hafa landsamtök kennara, einkum barnakennara, sýnt málinu mikinn áhuga.

Af ofangreindum sökum taldi fræðslulaganefnd einsýnt, að setja þyrfti í frumvarp til laga um grunnskóla ákvæði um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fyrir skóla skyldunámsins. Fól nefndin sérstakri undirnefnd sérfróðra manna að gera tillögur að lagaákvæðum um þessi atriði, og störfuðu í henni þeir Jónas Pálsson, sálfræðingur, Kristinn Björnsson, sálfræðingur, Stefán Ól. Jónsson, fulltrúi, og Þorsteinn Sigurðsson, talkennari. Eru ákvæði 96.—102. gr. sniðin, með nokkrum breytingum, eftir tillögum sérfræðinganna.

Gert er ráð fyrir því, að reynt verði að veita ráðgjafar- og sálfræðipjónustu úti í fræðsluumdæmunum, en binda þjónustuna ekki eingöngu við sálfræðimiðstöð í Reykjavík. Því er áformað, að sálfræðideild verði við hverja fræðsluskrifstofu landsins, en þó geti tvö eða fleiri fræðsluhéruð sameinast um þessa þjónustu, ef menntamálaráðuneytinu þykir betur henta, og verði þá settar sérstakar reglur um slíka samvinnu.

Við ákvörðun nemendafjölda fyrir hvern sálfræðing var höfð hliðsjón af norskri fyrirmynd, en í Noregi er miðað við 3000 nemendur á sálfræðing í þéttbýli, en lægri tölu í strjálbýli. Rétt þótti að setja töluna við 2500 nemendur hér með tilliti til þess, að hér er aðstaða sízt auðveldari en í Noregi og minna um aðrar stofnanir, er vinna að sálfræðingum og létt geta starf sálfræðipjónustu skólanna. Í Noregi er gert ráð fyrir félagsráðgjafa í hálfu starfi til aðstoðar hverjum sálfræðingi, og er hið sama gert hér viðvíkjandi 1.—6. bekk. Auk þess er hér, varðandi sömu bekk, gert ráð fyrir sérkennara í hálfu starfi. Er þetta gert vegna þeirrar stefnu í sálfræðipjónustu, sem nú er víðast ríkjandi, að slík þjónusta eigi að vera áhrifaaðili í sjálfu skólastarfinu og annast leiðsögn og upplýsingamiðlun úti í skólunum. Með tilliti til þessa þótti eðlilegt að bæta við starfsmanni, og var þá talið eðlilegt, að um yrði að ræða mann með sérstaka reynslu í skólastarfi.

Fyrir 7.—9. bekk verður eðli starfsins nokkuð annað en fyrir yngri bekk grunnskóla. Nú kemur m. a. til greina hein ráðgjöf til nemenda um starfsaðferðir við nám, um ýmis persónuleg og geðræn vandkvæði, sem mörg eru ný af nálinni; auk þess leiðbeiningar um náms- og starfsval o. fl. Af þessum sökum þótti nauðsynlegt að gera ráð fyrir meira starfsliði fyrir 7.—9. bekk en fyrir yngri bekk, miðað við nemendafjölda, og þá í nokkuð öðru formi. Í samræmi við þetta er gert ráð fyrir skólaráðgjafa fyrir hverja 500 nemendur í 7.—9. bekk, og starfi slíkir ráðgjafar í skólunum sjálfum, sbr. 98. gr. Þetta er í samræmi við það, sem nú mun gert ráð fyrir í menntaskólum og kennaraskóla, en sízt mun minni þörf á skólaráðgjöfum á unglingsstigi grunnskóla. Auk þessa er gert ráð fyrir því, að einn sálfræðingur við sálfræðideild komi á hverja 2500 nemendur 7.—9. bekkjar, og er þetta sama hlutfall og fyrir yngri bekk. Áformað er, að sálfræðipjónustan verði skólaráðgjöfunum til stuðnings, og yrði það þá verkefni sálfræðideildar að taka að sér afar vandasöm mál, sem örðugt er að vinna að í skólunum sjálfum. Ekki er gert ráð fyrir félagsráðgjafa eða sérkennara til þjónustu fyrir 7.—9. bekk, þar eð skólaráðgjafar rækja verkefni þeirra þar.

Nokkur ráðgefandi lækniþjónusta er nauðsynleg við sálfræðideildir. Þykir víða hæfilegt, að sérfróður barna- eða geðlæknir starfi í tvo tíma á viku á móti hverjum

sálfræðingi. Því var sett í frumvarpið heimildarákvæði um læknisþjónustu við sálfræðideildir.

Loks taldi nefndin eðlilegt, að kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu yrði greiddur að jöfnu af ríkissjóði og sveitarfélögum.

Um 97. gr.

Nauðsynlegt var talið að skilgreina hlutverk ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í frumvarpinu. Viðvíkjandi b-lið var ákveðið að telja ekki upp tegundir afbrigða, heldur yrði slíkt gert í reglugerð, sbr. 102. gr. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 98. gr.

Hér er gert ráð fyrir því um stjórnun sálfræðiþjónustu, að sálfræðideild sé nánast hlíðstæða skóla og lúti á sama hátt og grunnskólar stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra, en yfirstjórn menntamálaráðuneytisins, sbr. 99. gr. Skólaráðgjafar verði starfsmenn sálfræðideildar, sem skipuleggur störf þeirra, sbr. einnig 96. gr., en hins vegar starfi þeir og hafi aðsetur í skólunum sjálfum.

Um 99. gr.

Eðlilegt er, að yfirstjórn ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu sé í höndum menntamálaráðuneytisins, sbr. 96. og 98. gr.

Heimildarákvæði er í greininni um, að ráðuneytið geti falið tiltekinni stofnun, t. d. sálfræðideild, að annast fræðilega leiðbeiningarstarfsemi og sérfræðilega umsjón með sálfræðiþjónustu í landinu. Það er afar mikilvægt að tryggja, að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta sé hvarvetna í landinu reist á traustum, fræðilegum grunni og þekkingu, og er eðlilegt, að hinum reyndustu sérfræðingum á þessu sviði verði falið að annast slíka umsjón, eftirlit, leiðbeiningar og hugsanlega framhaldsþjálfun. Miðað við núverandi aðstæður virðist eðlilegast, að sálfræðideild skóla í Reykjavík verði falið að annast þessa sérfræðilegu umsjón fyrir hönd menntamálaráðuneytisins.

Um 100. gr.

Þörfin fyrir aukna starfsfræðslu á unglinga- (gagnfræða-) og framhaldsskólastigi hefur komið skýrlega í ljós að undanförunu, og nægir í því sambandi að nefna mikla og vaxandi eftirspurn eftir ráðgjöf og þjónustu þess fulltrúa Fræðslumála-skrifstofunnar, sem haft hefur starfsfræðslu meðal verkefna sinna undanfarin ár. Því ákvað nefndin að setja í frumvarpið sérstök ákvæði um starfsfræðslu og starfsvalsleiðbeiningar. Þótti eðlilegt, að þessi þjónusta yrði á vegum menntamálaráðuneytisins. Hér er um að ræða upplýsinga- og leiðbeiningarstarfsemi, sem sérfróður maður um skólakerfi og atvinnulíf þarf að sjá um m. a. með því að sjá skólaráðgjöfum og öðrum, sem á þurfa að halda, fyrir handbókum og ýmsum þeim upplýsingum öðrum, sem nefndar eru í greininni.

Um 101. gr.

Tryggja verður, að skólasálfræðingar, þ. e. sálfræðingar við sálfræðideildir skóla, hafi góða menntun og forstöðumenn sálfræðideilda auk þess nægilega starfsreynslu við sálfræðiþjónustu. Sjá jafnframt 96. og 102. gr.

Um 102. gr.

Nauðsynlegt er að kveða í reglugerð nánar á um framkvæmd og verksvið ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu, menntunarkröfur til starfsmanna hennar o. fl. Sjá 96., 97., 99. og 101. gr.

Um 103. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Sjá 12. gr. og athugasemdir við hana.

### Kostnaðaráhrif.

Í þessum hluta greinargerðarinnar verður svo sem kostur er á reynt að gera ljósar þær breytingar á kostnaði við skólalald, sem af framkvæmd þeirra nýmæla, sem í frumvarpinu felast, munu hljóta, ef að lögum verður.

Í þeim tilgangi verður það borið saman við núverandi fyrirkomulag skólalalds á þessu stigi og reynt að gera grein fyrir kostnaðaráhrifum einstakra atriða, er breytast munu.

Margt veldur því, að hér verður að nokkru um ágizkanir að ræða. Ekki er alltaf mögulegt að gera á því skil, hver áhrif stafa beinlínis af nýmælum frumvarpsins, hver af enn óframkvæmdum ákvæðum eldri laga og hver af öðrum breytingum, sem verða munu á skólalaldi hvort sem þetta frumvarp verður samþykkt eða ekki. Þá eru og lítt fyrirsjáanleg ýmis óbein áhrif, sem það kann að valda. Má þar nefna áhrif á skólasókn og skólalald á öðrum stigum skólakerfisins, áhrif á launakjör kennara o. s. frv.

Að lokum er þess að geta, að hér verður ekki gerð tilraun til mats á því, hvort fyrirhugaðar breytingar séu þess virði, að lagt sé í óhjákvæmilegan kostnað þeirra vegna. Bæði er, að ýmsar breytinganna snerta gæði skólalaldsins og áhrif þeirra eru ekki metanleg og hitt, að tilgangur og markmið menntunar eru fjölþættari og ómælanlegri en svo, að slíku mati verði við komið.

Hér verður því fyrst og fremst um kostnaðarsamanburð mismunandi leiða að hliðstæðum áfangastöðum að ræða.

Hér verður nær einungis fjallað um kostnað ríkisins af skólalaldi og þá fyrst og fremst um launakostnað, sem er þar langtum stærstur liður, en látið nægja að geta um horfur á breytingu þess kostnaðar, sem sveitarfélög og einstaklingar bera, þar sem ástæða þykir til.

Samkvæmt frumvarpinu er 9 ára grunnskóla ætlað að leysa það verkefni, sem barna- og gagnfræðastigsskólar hafa leyst á 10 árum, og auk þess að hluta verkefni 1. bekkjar menntaskóla, þar sem reiknað er með mögulegri styttingu þeirra sem afleiðingu frumvarpsins.

Til samanburðar við áætlaðan grunnskóla verða því teknir barna- og gagnfræðaskólar í núverandi mynd, en áhrifum af breyttri lengd menntaskóla gerð skil síðar.

Þau atriði, sem áhrif hafa á árlegan kostnað ríkisins af skólalaldi, eru gróft og ekki tæmandi flokkuð þessi: Nemendafjöldi, daglegur og árlegur kennslustunda-fjöldi á nemanda, launakjör, starfs- og menntunarkröfur til kennara, kennsluhættir, m. a. bekkjastærðir og kennslutæki, kröfur til kennsluhúsnaðis, skipulag stjórn-unarmála, kennslufræðileg starfsemi og félagsleg þjónusta við nemendur.

Ákvæði frumvarpsins snerta beint tvö fyrstu og þrjú síðast nefndu atriðin og verða þeim hér gerð nokkur skil, en hin, sem kunna að verða fyrir óbeinum áhrifum, látin að mestu liggja á milli hluta.

#### 1. Fjöldi nemenda.

Fjöldi nemenda í barna- og gagnfræðastigsskólum landsins hefur vaxið mjög ört á undanförunum árum og áratugum. Hefur valdið samverkan stækkandi aldurs-árganga og vaxandi skólasókn.

Töflurnar sýna þá breytingu, sem orðið hefur frá 1930 eða allöngu áður en gildandi fræðslulög voru sett.



Barnastig :	Fjöldi		
	1. 7—12 ára barna	2. nemenda í barnaskólum	2. sem hundraðs- hluti af 1.
1930 .....	13 659	8 265	60.6
1940 .....	14 993	12.831	85.6
1950 .....	15 020	14 216	94.6
1960 .....	23 407	22 795	97.4
1969 .....	27 375	ca. 27 050	98.8

Gagnfræðastig :	Fjöldi		
	1. unglinga 13—16 ára	2. nemenda í gagn- fræðastigsskólum	2. sem hundraðs- hluti af 1.
1930 .....	8 370	2 700	32.3
1940 .....	9 532	4 096	43.0
1950 .....	9 404	5 509	58.6
1960 .....	13 139	9 019	68.6
1965 .....	15 450	11 849	76.8
1967 .....	16 150	12 782	79.1
1969 .....	17 047	ca. 14 380	84.4

Síðasti dálkur taflnanna sýnir ekki nákvæmlega hlutfallslega skólasókn. Veldur því meiri aldursdreifing nemenda en fjöldi viðmiðunarárganga segir til um og eins hitt, að ekki eru taldir allir þeir skólar, sem nemendur á þessum aldri sækja. Þó er augljóst, að skólasókn hefur vaxið mjög hin síðustu ár.

Í þeim tveimur bekkjum gagnfræðaskóla, sem ákvæði frv. hafa mest áhrif á, þ. e. 3. bekk, sem verður hluti skyldunáms, og 4. bekk, sem ætlað er að hverfa í núverandi mynd, hefur fjöldi nemenda og stærð aldursárganga á síðustu árum verið þessi:

Ár	15 ára árgangur	nem. 3. bekkjar %	16 ára árgangur	nem. 4. bekkjar %
1964 .....	3705	2540 68.7	3675	1137 30.9
1965 .....	3917	2777 70.8	3705	1278 34.5
1966 .....	3870	3057 78.9	3917	1403 35.8
1967 .....	3930	3197 81.2	3870	1566 40.5
1968 .....	4037	3569 86.3	3930	1691 43.0
1969 .....	4170	3875 92.9	4137	1891 45.7

Hlutfallstölur þessar fyrir 3. bekk munu vera allnokkru hærri en skólasókn 15 ára aldursárgangs, þar sem endurseta í þessum bekk er tíð eða skv. könnun 1967/1968 um 8.5%.

Breyting á fjölda í aldursárgöngum hefur átt mikinn þátt í breytingu nemendafjöldans og er því veigameiri sem skólasóknin eykst meir. Er svo komið, að þetta atriði er sem næst einrátt um nemendafjölda á barnaskólastigi og mun einnig verða svo á grunnskólastiginu öllu innan tíðar. Er því með nokkru öryggi mögulegt að segja fyrir um nemendafjölda í grunnskólum einn til hálfan annan áratug fram í tímann.

Skv. mannfjöldaáætlun Efnahagsstofnunarinnar verður fjöldi barna og unglunga á aldrinum 7—15 ára á nokkrum komandi árum þessi:

Ár	7—12 ára	13—15 ára	Samtals
1970 .....	27 520	13 290	40 810
1972 .....	27 526	13 657	41 183
1974 .....	27 303	13 738	41 041
1976 .....	26 367	13 716	40 083
1978 .....	25 710	13 803	39 513
1980 .....	25 658	13 372	39 030
1982 .....	26 491	12 645	39 136
1984 .....	27 567	12 590	40 157
1985 .....	28 096	12 821	40 917

Af völdum stórfelldrar lækkunar frjósemistalna kvenna frá því um 1960 mun, sé ekki gert ráð fyrir frekari breytingum í því efni, fjöldi barna og unglunga á grunnskólaaldri 1980 verða um 2000 eða 5% lægri en hann verður 1972.

Sé borinn saman fjöldi nemenda í þarna- og gagnfræðaskólum nú og áætlaður fjöldi í grunnskóla, verður einnig að taka tillit til þeirrar aukningar nemendafjöldans, sem stafar af seinkun í námi vegna endursetu. Árið 1967 var sú aukning í 1.—3. bekk gagnfræðastigs um 4.5% nemendafjöldans. Í barnaskólum mun sú tala vera til muna lægri, en á móti kemur sú flýting einstakra nemenda, sem gert er ráð fyrir. Hér verður gert ráð fyrir, að seinkun umfram flýtingu valdi um 3% aukningu nemendafjöldans á ári hverju.

Samkvæmt greinargerð með 10. gr. er gert ráð fyrir, að sérstofnanir þurfi fyrir um 2.2% barna á skólaaldri, og verða þau ekki talin með í tölum hér á eftir.

Á grundvelli ofangreindra talna skal nú gerður samanburður nemendafjölda í barna- og gagnfræðastigsskólum (án sérstofnana og framhaldsdeilda) skólaárið 1969/1970 og þeim hluta þeirra, sem ætla mátti að sótt hefði grunnskóla.

Skólaárið 1969/1970 voru í barnaskólum og 1.—4. bekk gagnfræðaskóla um 41 450 nemendur, þar af í 4. bekk um 1900 nemendur.

Með fullri skólasókn á núverandi skyldunámsstigi, en öðru óbreyttu, hefðu nemendur verið um 42 000 þar af um 1900 í 4. bekk.

Í fyrirhuguðum grunnskóla hefði að óbreyttri skólasókn tala nemenda allra árganga verið um 39 500.

Í fyrirhuguðum grunnskóla með fullri skólasókn allra árganga hefði tala nemenda verið um 40 600.

Nemendur grunnskóla hefðu þannig verið minnst 850 færri en fjöldi nemenda 1969/1970 í þeim skólum, sem honum er ætlað að leysa af hólmi. Á sama hátt verður séð, að fjöldi nemenda í grunnskóla, ef til kemur, yrði á næsta hálfum öðrum áratug mest ca. 41 500 miðað við fulla skólasókn um 1972/73, en minnst ca. 39 300 einnig miðað við fulla skólasókn um 1980. Með tilliti til þess að enn er ekki fyrirsjáanleg sú lausn, er þarf til þess að gera fulla skólasókn í dreifbýli mögulega, virðist hóflegt að ætla fjölda nemenda í grunnskólum um 41 000 um 1972, en þeim fari fækkandi í rösk 39 000 um 1980, en síðan vaxandi í samræmi við fjölgun barna og unglunga.

## 2. Fjöldi kennslustunda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir nokkurri aukningu á þeim námsstundafjölda, sem hverjum nemanda er ætlað að fá á ári hverju. Stafar það annars vegar af aukinni daglegri kennslu, einkum í yngri aldursflokkum og hins vegar af lengingu núverandi gagnfræðastigsskóla úr 8 mánaða skólum í 9 mánaða skóla. Í greinargerð með frumvarpi til laga um skólakerfi, var gerð grein fyrir því kennslumagni, sem ætlað er, að nemendur fái á ári hverju. Til greiðslu koma nokkru fleiri stundir á nemanda en þar er greint vegna skólaleyfa. Með núverandi fyrirkomulagi koma til greiðslu á nemanda að jafnaði á ári hverju, ef miðað er við fulla sókn í skyldunám og sókn í 3. og 4. bekk gagnfræðastigs svipuð og verið hefur á síðustu árum, um 1055 kennslustundir. Samkvæmt frumvarpinu miðað við fulla skólasókn í grunnskóla verður sá fjöldi 1184 og er því hér um ca. 12.2% aukningu að ræða.

### 3. Launakostnaður við grunnskóla.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir breytingum, sem væntanlega verða á 2 af 3 atriðum, er meginmáli skipta, ef áætla skal launakostnað í skólum. Þriðja atriðið er launakjör kennara og þær kröfur, sem gerðar verða til þeirra varðandi menntun.

Ógerningur er á þessu stigi málsins að sjá fyrir þær breytingar, sem þar á verða, sem beinar eða óbeinar afleiðingar þessa frumvarps, ef að lögum verður. Því verður hér valinn sá kostur að líta svo á, að launakjör þeirra haldist óbreytt frá því, sem nú er.

Auk hins lengda kennslutíma er í frumvarpinu að finna nokkur nýmæli, sem koma til með að valda auknum launakostnaði m. a. starfræksla skólabókasafna og aukin námshjálp fyrir afbrigðilega og seinfæra nemendur.

Við áætlun launakostnaðar í grunnskólum og samanburð hans við núverandi fyrirkomulag hefur verið beitt aðferðum hliðstæðum þeim, sem notaðar hafa verið við undirbúning fjárlaga, síðan skólakostnaðarlögin frá 1967 komu til framkvæmda. Áætluð hefur verið hámarks notkun reiknaðra stunda skv. 19. gr. skólakostnaðarlaganna fyrir núverandi fyrirkomulag, en skv. 30. gr. frumvarpsins fyrir ætlaðan grunnskóla og sá stundafjöldi margfaldaður með meðalverði reiknaðrar stundar í marz 1970, í barnaskólum miðað við 16. launaflokk, í gagnfræðastigsskólum við 18. launaflokk. Í því sambandi var tekin til greina skipting reiknaðra stunda í skylduvinnu fastra kennara, yfirvinnu og stundakennslu og launamismun skólastjóra og kennara var jafnað niður á skyldustundir kennara.

Til þess að gera gleggri grein fyrir orsökum aukins launakostnaðar verður hann reiknaður út í þessum áföngum:

- Óbreytt fyrirkomulag skólahalds og skólasókn eins og hún er nú.
- Allir barnaskólar starfi í 9 mánuði og gagnfræðastigsskólar í 8 mánuði.
- Full skólasókn í skyldunámsskóla, fjöldi annarra nemenda og starfstími sem í b.
- Allir skólar starfi í 9 mánuði, nemendafjöldi sem í c.
- Grunnskóli skv. ákvæðum frumvarpsins, full skólasókn og kennsla.

#### a) Óbreytt fyrirkomulag.

Skólaárið 1969—70 voru í barnaskólum (án forskóla og sérstofnana) um 27050 nemendur, er skiptust svo á skólahverfi eftir fjölda nemenda og starfstíma skóla.

#### Nemendur í barnaskólum 1969—70.

##### Starfstími skóla í mán.

Fjöldi nemenda í skólahverfinu	9	8	7	6	5	4	3	Samtals
1— 10 .....				25	10	27	34	96
11— 20 .....		37	105	129	73	17	11	372
21— 40 .....		641	483	184				1.308
41— 80 .....		1.949	457	55				2.461
81— 160 .....	423	2.867	82					3.372
161— 240 .....	200	374						574
241—2000 .....	9.244							9.244
Yfir 2000 .....	9.624							9.624
Samtals	19.491	5.868	1.127	393	83	44	45	27.051

Í gagnfræðastigsskólum voru sama skólaár 14383 nemendur og sýnir eftirfarandi tafla skiptingu þeirra á skólahverfastærðir og starfstíma.

**Nemendur í gagnfræðastigsskólum.  
Starfstími skóla í mán.**

Fjöldi nemenda í skólahverfinu	8	7,5	7	6	Samtals
1— 10 .....		7	124	11	142
11— 20 .....		48	307	14	369
21— 40 .....	81	266	510		857
41— 80 .....	463	137	200		800
81— 160 .....	2.190				2.190
161— 240 .....	606				606
241—2000 .....	3.882				3.882
Yfir 2000 .....	5.537				5.537
Samtals	12.759	458	1.141	25	14.383

Eftir þessum töflum og í samræmi við 19. grein skólakostnaðarlaganna var hámark reiknaðra stunda í hverjum starfsflokki:

Starfstími í mánuðum	9	8	7,5	7	6	5	4	3	Alls
Hámark reikn.st. í þús.:									
í barnaskólum .....	933,1	315,6		60,4	19,4	3,6	1,6	1,2	1.336
í gagnfræðastigsskólum		709,5	33,9	82,2	1,7				827

Reiknaðar stundir á gagnfræðastigi eru miðaðar við 45 mínútna kennslustundir og samsvarar 931 þús. 40 mínútna stundum.

Laun á hverja reiknaða stund eru mjög misjöfn eftir starfstíma skóla. Stafar sá mismunur annars vegar af því, að skyldustundum kennara fækkar örar en laun lækka með styttri starfstíma og hins vegar af því, að laun skólastjóra eru því stærri hluti launa, því smærri og þar með styttri sem skólinn er.

Eftirfarandi tafla sýnir laun á hverja reiknaða stund eftir starfstíma skóla:

Starfstími í mánuðum	9	8	7,5	7	6	5	4	3
Laun á reikn.st.:								
í barnaskólum .....	177,40	193,90		211,20	223,50	213,90	206,70	196,70
í gagnfræðast.sk. ....		235,80	236,80	241,60	253,30			

Samkvæmt þessu yrði launakostnaður:

Í barnaskólum .....	245 millj. kr.
Í gagnfræðastigsskólum .....	196 — —

*b) Allir barnaskólar 9 mán. og gagnfræðaskólar 8 mán.*

Nemendafjöldinn héldist óbreyttur sem og skipting hans á stærðarflokka, en fjöldi reiknaðra stunda eykst í samræmi við aukinn starfstíma. Laun á reiknaða stund lækka nokkuð og verða:

Í barnaskólum ..... 179.50 kr.  
 Í gagnfræðastigsskólum ..... 235.50 —  
 og reiknaðar stundir og launakostnaður yrði:

	Reiknaðar stundir	Laun
Í barnaskólum .....	(40 mín.) 1.407 þús.	253 millj. kr.
Í gagnfræðastigsskólum .....	(45 mín.) 842 þús.	198 millj. kr.

*c) Full skólasókn á núverandi skyldunámsstigi annað óbreytt frá b).*

Nemendur yrðu um 500 fleiri en nú er og skiptust á hina smærri skóla. Reiknaðar stundir og launakostnaður yrði þá:

	Reiknaðar stundir	Laun
Í barnaskólum .....	(40 mín.) 1.428 þús.	256 millj. kr.
Í gagnfræðastigsskólum .....	(45 mín.) 853 þús.	201 millj. kr.

*d) Allir skólar starfa 9 námuði.*

Nemendafjöldi yrði óbreyttur frá því sem miðað er við í lið c), en reiknuðum stundum á gagnfræðastigi myndi fjölga um 12.5%. Þessi breyting kynni að hafa áhrif á laun á reiknaða stund á gagnfræðastigi til lækkunar, ef árslaun gagnfræðaskólakennara héldust óbreytt, en þau eru nú í 8 mánaða skóla miðuð við 9 mánaða starf, eða ef þau hækkuðu um  $\frac{1}{12}$ , sem samsvarar núverandi reglum. Til að gera ráð fyrir mestu hækkun, sem af þessari breytingu gæti leitt, er þó hér miðað við að árslaun hækki í sama hlutfalli og árlegur skyldustundafjöldi og haldist því laun á reiknaða stund óbreytt.

Fjöldi reiknaðra stunda og laun yrðu þá:

	Reiknaðar stundir	Laun
Í barnaskólum .....	(40 mín.) 1.428 þús.	256 millj. kr.
Í gagnfræðastigsskólum .....	(45 mín.) 960 þús.	226 millj. kr.

*e) Grunnskóli skv. frumvarpinu.*

Ef miðað er við fulla skólasókn allra aldursárganga yrðu nemendur um 40 600 eða um 850 færri en nú eru í barna- og gagnfræðastigsskólum, þar sem núverandi 4. bekkur félli niður.

Reiknaðar stundir á ári miðað við 30 stundir á viku á stundaskrá að jafnaði yrðu 2 335 þús.

Ef gert er ráð fyrir að 5% barna njóti sérkennslu skv. 9. grein frumvarpsins, hækkar fjöldi reiknaðra stunda um 4.5%.

Kennsla í öllum skólum samkvæmt ákvæðum 64. greinar að viðbættum stundum vegna starfa í bókasafni sbr. d-lið 30. greinar, gerir að meðaltali 33% á stundaskrá nemenda. Af því leiðir 9.67% aukningu reiknaðra stunda.

Að þessu tvennu viðbættu yrði fjöldi reiknaðra stunda 2 677 þús.

Nefndin hefur enga afstöðu tekið til þess, hvort laun kennara við grunnskólann verða hin sömu í öllum bekkjum hans eða mishá eins og nú á sér stað um laun kennara á barnafræðslu- og gagnfræðastigi. Í áætlun þessari er tekið mið af þeim forsendum, sem fyrir hendi eru. Hér er því gert ráð fyrir tvenns konar menntunarstigum kennara við grunnskóla og miðað við, að 40 mínútna kennslustund í hærri flokknum kosti kr. 215.90, en í lægri flokknum kr. 179.50, og enn fremur að 52%

kennslunnar falli í dýrari flokkinn, en 48% í hinn. Yrðu þá meðallaun á reiknaða stund í grunnskóla kr. 198.40 og launakostnaður samkvæmt því 531 milljón króna.

Launakostnaðurinn myndi því aukast um 20.4% frá óbreyttu skólalaldi. Áður en nánar er farið út í þá aukningu, skal gerð nokkur grein fyrir, hvernig hún skiptist á einstaka orsakapætti. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir það, sem hér fór á undan:

	Fjöldi nemenda	Reiknaðar stundir 40 mínútur				Launakostnaður			
		í þús.	%	á nem.	%	millj.	%	á nem.	%
a) Óbreytt skólalald .....	41.434	2.267	100	54,7	100	441	100	10.643	100
b) Barnask. 9 mán. og gagnfræðastigssk. 8 mán. ....	41.434	2.354	103,8	56,8	103,8	451	102,3	10.885	102,3
c) Sem b) en með fullri skólasókn á skyldustigi .....	41.950	2.387	105,3	56,9	104	457	103,6	10.894	102,4
d) Sem c) með alla skóla 9 mán. .	41.950	2.507	110,6	59,8	109,3	482	109,3	11.490	108
e) Grunnskóli .....	40.600	2.677	118,1	65,7	120,1	531	120,4	13.079	122,9

Út frá þessari töflu má áætla áhrif einstakra breytinga á fjölda nemenda, hámark reiknaðra stunda og launakostnað, og sýnir eftirfarandi tafla þau áhrif í hundraðshlutum:

	Fjöldi nemenda	Breytingar í hundraðshlutum			
		Hámark reiknaðra st.		Launakostn.	
		alls	á nem.	alls	á nem.
b) Lenging allra barnaskóla í 9 mánuði, gagnfræðaskóla í 9 mánuði .....	0	3,8	3,8	2,3	2,3
c) Full skólasókn í skyldunámi .....	1,3	1,4	0,2	1,3	0,1
d) Lenging gagnfræðaskóla úr 8 í 9 mánuði ..	0	5,0	5,1	5,5	5,5
e) Niðurfelling 4. bekkjar en full skólasókn allra aldursflokka, nýr vikul. kennslustundafjöldi .....	-3,2	6,8	9,9	7,9	11,5
f) Breyttur launakostnaður á hverja reiknaða stund .....	0	0	0	2,1	2,1

Hámark reiknaðra stunda á nemanda hækkar þannig um 20%. Um 4% (liður b og c) hækkun gæti þó ekki talizt afleiðing þessa frumvarps, þó að lögum yrði, en stafar af því að ákvæði eldri fræðslulaga hafa ekki verið uppfyllt, en 15.5% ofan á þá hækkun felst í frumvarpinu. Eins og áður er getið hækkar árlegur kennslustundafjöldi, sem til greiðslu kemur, á hvern nemanda um 12.2% en afgangurinn um 3.3% stafar af aukinni þjónustu, sem skólunum er ætlað að veita fram yfir það, sem hingað til hefur verið gert. Er þar fyrst og fremst um aukna námshjálp vegna afbrigðilegra barna, aukin félagsstörf og starfrækslu skólabókasafna að ræða.

Heildarfjöldi reiknaðra stunda eykst þó ekki að sama marki, þar sem nemendur verða um 2% færri en nú er, en rösklega 3% færri, ef miðað er við fulla skólasókn. Heildarfjöldi reiknaðra stunda vex um 18.1%. Sem beina afleiðingu af frumvarpinu má telja um 12.1% hækkun.

Hækkun launakostnaðar er hins vegar allmiklu meiri eða rúmlega 20% þrátt fyrir færri nemendur, þar sem launakostnaður á nemanda vex um tæp 23%. 2.4% stafa af lengri starfstíma og aukinni skólasókn innan núverandi fyrirkomulags, 15.5% af auknum fjölda reiknaðra stunda á hvern nemanda, en afgangurinn 3.9% af breyttum launakostnaði á hverja reiknaða stund. Sú hækkun er vegna breyttrar skiptingar reiknaðra stunda á barna- og gagnfræðastig, en þar vegur mest lenging gagnfræðastigsskóla úr 8 í 9 mánuði.

Launakostnaðurinn hér að framan er miðaður við launakjör í ákveðnum launaflokkum í marz 1970, og nær aðeins til þess kostnaðar, sem færður er til reiknaðra stunda.

Annar launakostnaður sem ríkissjóður greiðir er einkum vegna heimavinnu kennara, forfallakennslu, prófa og umsjónar. Ef miðað er við áætlun Reykjavíkur vegna undirbúnings fjárlaga 1971, auka þessir liðir launakostnað um ca. 9%.

Í frumvarpinu til fjárlaga fyrir árið 1971 eru launaliðir miðaðir við september 1970 og er hækkun frá marz 22.6%. Sé því ásamt fyrrnefndri 9% hækkun bætt við launakostnaðinn hér að framan, fæst eftirfarandi:

Hækkun launakostnaðar frá óbreyttu skólalaldi (miðað við 1969—70) í grunnskólalaldi skv. frumvarpinu er úr um 590 millj. kr. í um 710 millj. kr. eða um 120 millj. kr. Þar af má rekja um 20 millj. kr. til þess að nógildandi fræðslulög eru ekki að fullu framkvæmd en um 100 millj. kr. til væntanlegs grunnskóla. Hækkun launakostnaðar á hvern nemanda er þannig úr ca. 14 220 kr. í um 17 480 kr., eða um 3 260 kr. Þar af vegna grunnskóla úr 14 560 kr. í 17 480 kr. eða 2 920 kr.

Hér hefur eingöngu verið gerð grein fyrir þeim breytingum launakostnaðar vegna fyrirhugaðs grunnskóla, er ætla má að verði á þeim skólastigum, sem hann nær til. Ætla má þó, að áhrif þessara breytinga verði til muna viðtækari.

Grunnskólanum er ætlað að skila nemendum sínum betur undirbúnum undir framhaldsnám en núverandi þriðji bekkur gagnfræðaskóla gerir.

Á þeirri forsendu byggist sú ætlun að fella niður fjórða bekk gagnfræðastigs og sú skoðun nefndarinnar, sem áður hefur verið minnt á, að mögulegt verði að stytta nám í menntaskóla um eitt ár, og hið sama ætti að einhverju marki að gilda um fleiri framhaldsskóla.

Sé þannig mögulegt að stytta nám ofan grunnskóla, er ekki hægt að líta á aukinn launakostnað á grunnskólastigi sem hreinan kostnaðarauka, heldur verður að skoða hluta hans sem tilfærslu kostnaðar milli skólastiga.

Þessi tilfærsla er mikilvæg fyrir heildarkostnað af skólakerfinu m. a. af því, að launakostnaður á hvern nemanda á efri skólastigum er miklu hærri en á þeim neðri og eins af hinu, að á næstu árum er fyrrsjáanleg mjög mikil aukning nemenda í framhaldsnámi.

Skal lauslega gerð grein fyrir þessum áhrifum, hvað menntaskóla varðar. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1971 er áætlað í launakostnað í menntaskólum um 83 millj. kr. en nemendur í þeim munu vera um 2 700. Hefur þá ekki verið gert ráð fyrir auknum launakostnaði, sem hlýst af framkvæmd nýju menntaskólalaganna og má ætla að með þeim verði launakostnaðurinn minnst 90 millj. kr. eða um 33 300 kr. á nemanda. Við að lengja árlegan starfstíma menntaskóla í 9 mánuði, en stytta skólann um eitt ár, sparast um 15% launakostnaður og næmi sú upphæð nú 14—15 millj. kr., en við það hækkaði árlegur launakostnaður á nemanda í um 37 500 kr.

Kennslukostnaður á hvern útskrifaðan stúdent (án þess að reiknað sé með brotthvarfi án prófs) með núverandi fyrirkomulagi miðað við fulla skólasókn í skyldunámi, er  $14\,560 \times 9 + 33\,300 \times 4 = 264\,240$  kr. en yrði með grunnskólalaldi  $17\,489 \times 9 + 37\,500 \times 3 = 269\,820$  kr. Hækkun launakostnaðar á stúdent væri þannig um 2%.

Framangreindar tölur hafa eingöngu verið miðaðar við þann launakostnað, sem ríkissjóður greiðir í skólum vegna kennslu eða skyldra starfa. Auk þess greiðir hann laun starfsfólks í mótuneyti heimavistarskóla á skyldunámsstigi. Til þeirra nota eru ætlaðar rúmar 16 millj. kr. á fjárlagafrumvarpi ársins 1971.

Ekki er mögulegt að segja fyrir um aukningu þess kostnaðar, en líklegt er þó, að hún verði einhver. En þar sem tekin hefur verið upp og ætla má að fari vaxandi aðstoð við námsfólk eftir að skyldunámi er lokið, yrði hér a. m. k. að hluta til aðeins um tilfærslu kostnaðar að ræða.

#### 4. Stofnkostnaður.

Ekki er líklegt, að frumvarpið auki á byggingarþörf skólamannvirkja frá því sem nú er.

Nemendafjöldi á grunnskólastigi yrði nokkru lægri en nú er á barna- og gagnfræðastigi, og lengdur árlegur starfstími skólanna myndi auka nýtingu hinna dýru skólamannvirkja. Ofan grunnskólastigs kynni, vegna fyrirhugaðrar styttingar t. d. menntaskóla, að vera hægt að spara allmikinn byggingarkostnað. Sé gert ráð fyrir, að innan tíðar sæki 20% aldursárgangs menntaskóla, er þess ekki langt að bíða að nemendur í menntaskólum verði um 3 600 eða um 900 fleiri en nú og þarf að sjá þeim fyrir skólahúsnaði. Með þriggja ára menntaskóla yrðu nemendur, með sömu skólasókn um 2 700, eða jafnmargir og nú.

#### 5. Útgjöld sveitarfélaga.

Sveitarfélögin greiða nú um 30% af rekstrarkostnaði skóla. Er þar fyrst og fremst um rekstur skólahúsnaðis að ræða, ljós, hita, ræstingu, viðhald og ýmsa þjónustu við nemendur, þ. e. kostnað, sem ekki ætti að breytast nema í mesta lagi er samsvarar árlegri lengingu á rekstartíma skólahúsanna, sem lauslega má áætla 5% á barna- og gagnfræðastigi til samans.

Um stofnkostnað þann er sveitarfélögin bera, gegnir hinu sama og sagt var um hluta rikissjóðs í þeim kostnaði.

#### 6. Útgjöld einstaklinga.

Þó að kennsla og rekstur skóla fari fram án beinnar kostnaðarþátttöku einstaklinga, hafa nemendur og foreldrar þeirra margháttaðan kostnað af skólasókn.

Einkum hvílir þungur baggi á þeim foreldrum, er vista verða börn sín utan heimilisins vegna skólagöngu þeirra. Með lengingu skólaskyldunnar til 16 ára aldurs tekur rikissjóður á sig að greiða launakostnað í mótuneytum heimavistaraskóla einu ári lengur en nú er gert. Léttir það undir með þessum hópi nemenda og er spor í átt til jöfnunar menntunaraðstöðu.

Frá sjónarhóli einstaklingsins og þjóðfélagsins skiptir einnig miklu sá tekjumissir, sem námsfólk verður að taka á sig vegna skólagöngu. Sé þess kostur að stytta námstímann, án þess að draga úr námsgæðum, skilar það einstaklingnum og þjóðarheildinni fljótt hinum aukna kostnaði. Svo dæmi sé tekið. Ef mögulegt reyndist að fækka námsárum, að námsgæðum óbreyttum, hjá 1000 nemendum á ári hverju, og þeir hæfu því störf ári fyrir en ella, má lauslega áætla árstekjur þeirra og tekjuauka þjóðarbúsins 250 til 300 millj. kr., sem að frádregnum tekjumissi vegna styttri starfstíma í sumarleyfum, gerir miklu meira en að greiða upp allan kostnaðarauka vegna grunnskóla.

Í liðunum 1—6 hér að framan hefur verið gerð grein fyrir þeim breytingum kostnaðar, sem stafa myndu af framkvæmd 9 ára skólaskyldu með auknum daglegum og árlegum kennslutíma. Í þeim, sem á eftir fara, verður fjallað um kostnað af þeim nýmælum frumvarpsins, sem ekki eru beint tengd fyrirhugaðri breytingu skólafyrirkomulagsins. Þessi nýmæli snerta fyrst og fremst gæði skólastarfsins, en ekki magn kennslustunda og kunna að reynast afar þýðingarmikil fyrir árangur af því. Hér er einkum um að ræða endurmenntun kennara, skólarannsóknir, námsstjórn, sálfræði- og félagsráðgjöf og stjórnun skólamála.

#### 7. Endurmenntun kennara.

Skv. 32. og 33. grein frumvarpsins verður endurmenntun kennara kostuð á tvennan hátt. Annars vegar með veitingu orlofs og styrkja og hins vegar með skipulögðu námskeiðahaldi innanlands. (Sjá um 32. og 33. grein í skýringum við einstakar



greinar). Ekki er gert ráð fyrir, að framlag til orlofs og styrkja verði bundið í lögum, en verði ákveðið í fjárlögum hverju sinni, en vegna ákvæða um hámarksfjárhæð á hvern kennara, þ. e. ein og hálf embættislaun á starfsævi, má reikna með að til lengdar geti þessi upphæð ekki farið fram úr ca. 5% fastra launa kennara og skólustjóra, eða 20—25 millj. kr. á ári miðað við launakjör nú. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1971 er gert ráð fyrir um 5.5 millj. kr. til þessara nota.

Skipulögð endurhæfing kennara í sambandi við nýjungar í námsefni og kennslu- háttum er brýnt nauðsynjamál, sem þegar er komið allverulega af stað, einkum í sambandi við skólarannsóknir menntamálaráðuneytisins. Þannig er í fjárlagafrum- varpi fyrir árið 1971 gert ráð fyrir tæpum 2.5 millj. kr. í þá starfsemi. Með ákvæðum 33. greinar um að verja megi í þetta 1% skólustjóra- og kennaralauna gæti sú fjár- hæð hækkað í 6—7.5 millj. kr. á ári hverju.

#### 8. Skólarannsóknir.

Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins hefur þegar hafið umfangsmikla endurskoðun á mestöllu námsefni barna- og gagnfræðastigsskóla, og er ætlað að það verk standi yfir allt til ársins 1980. Gert er ráð fyrir um 3.6 millj. kr. kostnaði af verkefni þessu árið 1971 og nokkru meiri á næstu 3—4 árum, en síðan lækkandi kostnaði til um 1980. Að heildarendurskoðun lokinni mun taka við sífelld endur- skoðun námsskrár og endurnýjun námsefnis, þó ekki verði það í jafnstórum stil og heildaráætlunin til 1980 gerir ráð fyrir. Auk þess biða skólarannsóknna fjölmörg verkefni, sbr. 80. gr. frumvarpsins.

Sé gert ráð fyrir ríkisframlagi í samræmi við 82. grein frumvarpsins, yrði það í fjárlagafrumvarpi 1971 um 13 millj. kr. Þar af kæmi í hlut skólarannsóknadeildar um 8.7 millj. kr., en 4.3 millj. kr. yrði ráðstafað til annarra aðila skv. ákvæðum frumvarpsins.

#### 9. Námsstjórn.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir, að námsstjórn verði framkvæmd á þrennan hátt. Í fyrsta lagi, að innan einstakra skólahverfa verði hægt að fela kennara umsjón með kennslu í námsgrein sinni. Á það eingöngu við skólahverfi það stór, að nokkrir kennarar annist í því kennslu sömu námsgreinar. Kostnaður af þeirri námsstjórn telst til reiknaðra stunda og var við ákvörðun hámarks þeirra tekinn til greina, og verður ekki ræddur nánar hér.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir námsstjórn í einstökum greinum, er nái til landsins alls, sbr. 59. gr. og verði það starf tengt starfi skólarannsóknadeildar. Þessu starfi verði minnst sinnt af 6 námsstjórum hverju sinni. Námsstjórar taka nú laun sam- kvæmt 22. launaflokki. Með ferðakostnaði, kostnaði af starfsundirbúningi og starfs- aðstöðu, má ætla kostnað af hverjum námsstjóra um 600 þús. kr. á ári og alls um 3.6 millj. kr.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir svæðisbundnu námseftirliti á vegum fræðslustjóra í hverju fræðsluumdæmi, sbr. 56. gr. Þessi námsstjórn mun verða nokkuð annars eðlis en sú, sem að framan greinir, þ. e. ekki bundin einni námsgrein, heldur almennt eftirlit með gangi mála í skólum umdæmisins. Til þessara starfa skal vera heimilt að verja allt að 10 vikustundum á hverja 1000 nemendur í grunnskólum umdæmisins. Miðað við 40 600 nemendur í grunnskólum landsins yrði hér um 406 vikustundir alls að ræða eða sem svarar starfi 12 kennara. Árslaun þeirra myndu nema um 4.4 millj. kr.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1971 er áætlað að verja um 1.8 millj. kr. til námsstjórnar, en nú starfa aðeins 3 svæðisnámsstjórar, þó heimilt sé að hafa þá fleiri, auk tveggja námsstjóra í hálfu starfi á vegum skólarannsóknna.

#### 10. Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta.

Í 96. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir, að komið verði á fót ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í hverju fræðsluumdæmi eða sameiginlega fyrir fleiri en eitt þeirra.

Samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar yrði sérhæft starfslið þeirra stofnana sem hér segir:

16 sálfræðingar, 5 félagsráðgjafar, 5 sérfróðir kennarar og 27 skólaráðgjafar.

Ætla verður fyrir kostnaði af starfsaðstoð og starfsaðstöðu þessara sérfræðinga. Verður hér reiknað með einum aðstoðarmanni á hverja 4 sérfræðinga og skrifstofu- og ferðakostnaði að upphæð 70 þús. kr. á ári á hvern þeirra.

Samkvæmt þessu yrði árlegur kostnaður af ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í grunnskólum um 26.5 millj. kr. og kæmi helmingur þess kostnaðar í hlut ríkissjóðs.

#### 11. Fræðslustjórar og fræðsluskrifstofur.

Í 14. og 48.—61. greinar frumvarpsins eru ákvæði um störf fræðslustjóra og starfrækslu fræðsluskrifstofa. Samkvæmt þeim ákvæðum verða fræðsluskrifstofur 5—8, þar af ein í Reykjavík.

Í fræðsluskrifstofum utan Reykjavíkur skal ríkissjóður greiða helming kostnaðar á móti viðkomandi sveitarfélögum. Þar sem ekki hefur fengizt reynsla af rekstri slíkra stofnana utan Reykjavíkur er nokkrum vandkvæðum bundið að áætla nauðsynlegt starfslið og kostnað af skrifstofuhaldi sem þessu. Með tilliti til þess, hversu fjölþætt verk svið þessum stofnunum er ætlað, verður að gera ráð fyrir a. m. k. 2 starfsmönnum (fulltrúa og skrifstofustúlku) fræðslustjórum til aðstoðar, starfsaðstöðu fyrir þann hóp og svæðisnámsstjóra og ferðakostnaði.

Á þessum forsendum má reikna með, að kostnaður af hverri fræðsluskrifstofu utan Reykjavíkur verði um 1.5 millj. kr. á ári.

Í Reykjavík greiðir ríkissjóður upp í rekstrarkostnað fræðsluskrifstofu 1% af launakostnaði í þeim skólum, sem sameiginlega eru reknir af ríki og borg. Sú fjárhæð yrði um 2.2 millj. kr. á ári.

Samkvæmt áætlun fyrir 1971 mun ríkissjóður greiða um 2 millj. kr. upp í launakostnað af fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, þó því aðeins að það rúmist innan hámarks reiknaðra stunda, þar sem litið er á það sem sameiginlegan stjórnunarkostnað skólanna í Reykjavík og félli því skv. þessu frumvarpi undir ákvæði 30. greinar laganna. Þær 2.2 millj. kr., sem hér um ræðir yrðu því kostnaðarauki fyrir ríkissjóð.

Kostnaðarauki af starfrækslu fræðsluskrifstofa yrði því:

Verði þær 8	Hluti ríkissj.	Hluti sveitarsj.	Alls
Í Reykjavík .....	2,2 millj. kr.	— <sup>1)</sup>	2,2 millj. kr.
Útan Reykjavíkur .....	5,25 millj. kr.	5,25 millj. kr.	10,5 millj. kr.
Samtals	7,45 millj. kr.	5,25 millj. kr.	12,7 millj. kr.
Verði þær 5			
Í Reykjavík .....	2,2 millj. kr.	—	2,2 millj. kr.
Útan Reykjavíkur .....	3,0 millj. kr.	3,0 millj. kr.	6,0 millj. kr.
Samtals	5,2 millj. kr.	3,0 millj. kr.	8,2 millj. kr.

Að lokum skulu hér dregnar saman niðurstöður framangreindra töluliða og er þá eingöngu tekið tillit til þess kostnaðar, sem telja verður afleiðingu af nýmælum frumvarpsins:

1) Reykjavík greiðir þegar um 60% af rekstrarkostnaði fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, og er hér ætlað að framlag Reykjavíkur verði óbreytt.

### Kostnaðarauki í millj. kr. (sept. 1970).

	Hluti ríkissj.	Hluti sveitarsj.	Alls
Kennslulaun .....	100		100
Annar rekstrarkostnaður skóla .....		15 <sup>1)</sup>	15
Endurmenntun kennara .....	5 <sup>2)</sup>		5
Skólarannsóknir .....	9 <sup>3)</sup>		9
Námsstjórn .....	6		6
Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta .....	13	11 <sup>4)</sup>	24
Fræðslustjórnar og fræðsluskrifstofur .....	7	5	12 <sup>5)</sup>
Samtals	140	31	171

Samkvæmt ofangreindu gæti kostnaðaraukinn reynzt um 170 millj. kr.

Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þessi kostnaður komi allur fram þegar í stað, heldur muni hann dreifast að nokkru á þau u. þ. b. 10 ár, sem talið er að þurfi til þess að koma ákvæðum frumvarpsins í framkvæmd. Á það einkum við um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu og launa- og rekstrarkostnað skólanna.

Á móti hinum aukna kostnaði á þessu skólastigi kemur mikil aukning kennslu- magns, stórbætt aðstaða til þess að auka gæði skólastarfsins á markvissan hátt, ásamt fjölbættari þjónustu við nemendur. Það er skoðun nefndarinnar, að auk hins ótvíræða gildis, sem þessi atriði hafa fyrir nemendur, gefi þau möguleika til þess að fækka námsárum nemenda eftir að grunnskóla lýkur frá því sem nú er, án þess að skerða nám þeirra. Sé svo, mun kostnaður sá, er af frumvarpi þessu leiðir, verða að nokkru jafnaður með lægri kostnaði en ella á síðari skólastigum, bættri nýtingu húsnæðis og minni byggingarþörf. Þar við bætist sá akkur, sem þjóðinni er í því að fá ungmenni sín fyrr og betur búin til þátttöku í atvinnu- og þjóðlífi.

### Yfirlit um skólakerfi nokkurra landa.

(Björn P. Jóhannesson, M.A. Hons., tók saman eftir gögnum frá menningarmálaráði Evrópuráðsins (Council for Cultural Co-operation).)

#### DANMÖRK

#### Skólakerfið.

#### Meginreglur.

Skólaskylda er frá 7 til 14 ára. Ef foreldrar óska, má þó taka börn í skóla í upphafi skólaárs þess, er þau ná 6½ árs aldri. Tillaga um að lengja skólaskylduna úr 7 í 9 ár 1972—74 lá fyrir þinginu 1967—68. 89.3% allra barna sóttu nám í 8. bekk 1968 og 76.6% í 9. bekk.

1) Áætlaður kostnaður ríkissjóðs af rekstri barna- og gagnfræðastigsskóla á árinu 1971 er um 700 millj. kr. Miðað við kostnaðarskiptingu síðustu ára máætla kostnað sveitarsjóða um 300 millj. kr. Reiknað er með 5% aukningu þess liðar.

2) Kostnaður af orlofi kennara er ekki meðtallinn. Hann verður ákveðinn í fjárlögum hverju sinni.

3) Reiknað er með, að sú fjárhæð, sem um er talað í 82. gr., renni að fullu til þeirra verkefna, sem skólarannsóknir vinna að hverju sinni, en kostnaður af föstu starfsliði og skrifstofuhaldi verði, sem hingað til, fastur liður á fjárveitingum til menntamálaráðuneytisins.

4) Kostnaður, sem Reykjavík hefur nú þegar af sálfræðideild skóla, er ekki meðtallinn.

5) Miðað við 8 fræðsluskrifstofur.

Meginregla er, að opinberir skólar og einkaskólar með ríkisstyrk mega starfa samhliða undir eftirliti.

Kennsla er ókeypis í formlegum, opinberum skólum, tækni- og starfsgreina-skólum, og kennslubækur, skóla- og hjálpargögn eru einnig ókeypis í hinu opinbera, almenna skólakerfi.

Reglugerð um námsskrá er sett af menntamálaráðuneytinu, en að því er snertir barnaskóla og lægri miðskóla („unglingaskóla“) ber að líta á slíkar reglur sem tillögur aðeins, þar sem yfirvöld bæjar- og sveitarfélaga hafa vald til að gefa út reglugerðir.

Kennurum er frjálst að nota hvaða kennslubækur, sem á markaðnum eru og við eiga, svo og að nota eigin kennsluáðferðir. Kennslubækur eru ekki háðar samþykki ráðuneytisins til notkunar í hinum almennu skólum, né gerir það neinar tillögur í því efni.

Öll lokapróf eru lögð fyrir af ríkinu undir umsjón menntamálaráðuneytisins. Nemendur mega taka próf í skólum hins almenna fræðslukerfis, þótt þeir hafi ekki sótt formlega kennslu í því námsefni, sem um er að ræða.

### Stjórn skólanna.

#### Yfirstjórn.

Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á öllum greinum hins almenna fræðslukerfis, kennaramenntun (barna- og unglingakennara), tækni- og verzlunarmenntun, búfræðimenntun og æðri menntun.

Bæjar-, sveitar- og héraðsstjórn.

Skyldunámsskólar (folkeskolen) eru á vegum bæjar- og sveitarfélags, en njóta ríkisstyrks. Stjórn þeirra er í höndum bæjar- eða sveitarstjórnar. Yfirumsjón er í höndum skólanefndar, sem er tilnefnd af bæjar- eða sveitarstjórn og fulltrúar foreldra eiga sæti í. Nefndin ákveður, hvernig skólarnir og fræðslan yfirleitt skuli skipulögð á hennar umráðasvæði.

Dagleg stjórn er í höndum skólastjóra, en kennararáð á rétt á því, að ráða þess sé leitað í mikilvægum málum.

Stærri bær skipa vanalega fræðslustjóra, sem sér um stjórn allra fræðslumála í barna- og unglingaskólum.

Skólayfirvöld hvers bæjar lúta stjórn menntamálaráðuneytisins beint, en fræðsluráð héraðanna (þ. e. sveitanna) hafa þar yfirumsjón með aðstoð amtsskólaráðgjafa.

Í Kaupmannahöfn hafa fræðsluyfirvöldin verulegt sjálfstæði.

Barna- og unglingaskólar og námsskeið einkaaðila lúta ekki yfirumsjón viðkomandi skólayfirvalda.

Menntaskólar og framhaldsmiðskólar eru vanalega ríkisskólar undir beinni stjórn menntamálaráðuneytisins. Þó eru allmargir þessara skóla starfræktir af bæjar- eða sveitarfélögum, og þá lúta þeir yfirstjórn viðkomandi yfirvalda á hverjum stað, sem áður voru nefnd.

Sumir skólar eru einkaskólar eða sjálfstjórnarstofnanir og þannig undir takmarkaðri stjórn ráðuneytisins.

Rektor ber ábyrgð á fræðslunni svo og stjórn skólans.

Að því er tækni- og starfsgreinaskóla áhrærir er ekki um stjórn héraða eða bæjar- eða sveitarfélaga að ræða. Þessir skólar eru sjálfstjórnarstofnanir undir beinni yfirstjórn ráðuneytisins. Skólanefndin, sem í eiga sæti fulltrúar samtaka atvinnurekenda, stéttarfélaga launþega og venjulega einnig bæjar- eða sveitarfélags, fer með stjórn skólans, en dagleg stjórn er í höndum forstöðumanns. Nefnd fulltrúa iðngreina viðkomandi staðar getur verið ráðgefandi.

Tækniskólar (teknika) eru sjálfstjórnarstofnanir og stjórnað af óháðum aðilum, en það eru fulltrúar iðnaðarins á viðkomandi stað, verkafélaga og bæjar- eða sveitarfélags. Ráðuneytið og skólastjóri viðkomandi skóla hafa einnig atkvæðisrétt,

er teknar eru ákvarðanir. Skólarnir lúta yfirstjórn ráðuneytisins, en hún er takmörkuð að því er varðar menntunarhlutverk þeirra.

Kennaraskólarnir geta verið annaðhvort eingöngu kostaðir af ríkinu eða að nokkru leyti af almennasjóðum og að nokkru af einkasjóðum, og eru þeir þá í síðara tilvikinu sjálfsstjórnarstofnanir. Stjórn kennaraskóla er í höndum skólastjóra með aðstoð kennararáðs.

Æskulýðsskólar og kvöldskólar lúta heima í héraði æskulýðsnefnd amtsins, sem nýtur aðstoðar ráðgjafa í æskulýðsfræðslu. Á viðkomandi stað er stjórnin í höndum æskulýðsnefndar.

#### Forskólafræðsla.

Leikskólar (børnehave) fyrir 2½—7 ára eru ýmist starfræktir af bæjarfélagi eða einkaaðilum. Þeir lúta yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins.

Forskólabekkir fyrir 5—7 ára. Ekki er lögð áherzla á eiginlega kennslu. Markmiðið er að aðhæfa börnin daglegum venjum skólagöngunnar og veita þeim viðfangsefni í uppeldislega hollu umhverfi.

#### Barna- og gagnfræðamenntun.

Skyldunámsskólar (folkeskole): barnaskólar, 8.—10. bekkur (deildir, þar sem engin próf eru haldin) og gagnfræðadeildir („unglingadeildir“).

Barnafræðsla.

Barnaskólar annast fræðslu í 7 ár skyldunámsins. Námið er öllum sameiginlegt og engin próf eru haldin. Börnin ganga gegnum alla 7 bekkina eftir aldri, framför, þroska og getu.

Viss skipting getur þó verið gerð í námi í 6. og 7. bekk, þar sem kennsla byrjar vanalega í erlendum málum og stærðfræði. Ekki er þó um neina námsbrautaskiptingu að ræða.

Lægri miðskólamenntun.

Eftir barnanámið geta nemendur valið um tvær leiðir: 8., 9. og 10. bekk lægri miðskóla (engin próf haldin) eða 1.—3. bekk lægri miðskóla (prófdeild). Farið er eftir getu og óskum nemenda.

8.—10. bekkur.

Viss námsskipting getur átt sér stað. Kostur er á valgreinum, 10 vikustundir í 8. bekk, 14 í 9. bekk og 16 í 10. bekk. Flestir velja ensku, þýzku, vélritun og matreiðslu eða verknam. Námið í þessum bekkjum má þó ekki hneigjast til sérhæfingar. Í lok náms í 9. og 10. bekk geta nemendur tekið próf, ef þeir óska (statskontrollerede prøve). Hjóta þeir þá prófskirteini, sem sýnir árangur þeirra. Þeir, sem ekki óska að taka próf, eiga engu að síður rétt á skirteini, er sýni árangur í aðalgreinum þeirra og umsögn um áhugamál þeirra og hæfni.

Eftir 9. bekk geta nemendur t. d. átt kost á inngöngu í verzlunarskóla til náms í verzlunar- eða skrifstofustörfum og í undirbúnings-skóla fyrir kennaraskóla.

Nemendur, sem tekið hafa eftirfarandi valgreinar: stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og eitt erlent mál, geta við lok 9. eða 10. bekkjar tekið undirbúningspróf í tæknifræðum (teknisk forberedelseseksamen) og við lok 10. bekkjar hið meira undirbúningspróf (udvidet forberedelseseksamen).

Nemendur, sem standast fyrra prófið, geta haldið áfram námi til að öðlast réttindi sem tæknimenn, en þeir, sem standast síðara prófið, geta fengið inngöngu í tækniskóla (teknika).

Gagnfræðadeildir.

Að loknu námi í 7. bekk barnaskóla fá nemendur inngöngu í gagnfræðadeildir, ef þeir, að mati skólans, eru taldir hæfir, líklegir til að hafa gagn af náminu og færir um að ljúka þessu þriggja ára námi á viðunandi hátt. Sé nemandi ekki talinn hæfur til þessa náms, getur hann óskað að fá að taka próf til að sanna hæfni sína.

Á námsskránni eru enska, þýzka, stærðfræði og raungreinar. Stærðfræði er þó valfrjáls í 3. bekk. Latina og franska eru valfrjálsar greinar í þessum bekk.

Þeir, sem standast gagnfræðapróf, hljóta aðgang að ýmsum miðskólum, tækni-skólum (að loknu iðn- eða verknámi) sem og undirbúningsnámi fyrir hærra undirbúningspróf (højere forberedelseseksamen). Nemendur eiga þess kost að komast í menntaskóla upp úr 2. eða 3. bekk.

Nemendur, sem ekki hafa sótt gagnfræðaskóla, geta búið sig undir gagnfræða-próf í dag- eða kvöldskólum, sem taka 1—2 ár.

Sérstök kennsla er veitt andlega eða líkamlega afbrigðilegum nemendum, annaðhvort í venjulegum bekkjum, sérkennslubekkjum eða sérskóladeildum en alltaf innan ramma hins almenna skólakerfis.

Hærri miðskólamenntun.

Undirbúningsnám hærra miðskólaprófinu.

Þetta nám er frjálst öllum, sem hlotið hafa nægilegan undirbúning, en flestir þeirra, sem inngöngu hljóta, hafa lokið gagnfræðaprófi eða burtfararprófi úr 10. bekk.

Á námsskránni eru þessar skyldugreinar og valgreinar (námsefnið kennt í fjögurra missera önnum): danska, trúfræði, saga, líffræði, landafræði, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, enska, franska, þýzka, föndur og líkamsrækt. Lokaprófið veitir aðgang að kennaraskólum og vissri annarri framhaldsmenntun, en reglur um það atriði eru í athugun.

Menntaskólar.

Aðgang fá nemendur að loknu námi í 2. bekk gagnfræðaskólanna að fenginni umsögninni „hæfur“ eða „ef til vill hæfur“ til náms í menntaskóla. Þriðjungur nemenda hefur þó lokið gagnfræðaprófi, áður en þeir halda í menntaskóla.

Menntaskólarnir greinast í tvær deildir, mála- og stærðfræðideild. Skiptingin er eftir 1. bekk. Máladeild: nútíma mál, klassísk mál og þjóðfélagsfræði. Stærðfræðideild: stærðfræði, eðlisfræði, náttúrufræði og þjóðfélagsfræði.

Á námsskránni eru þessar greinar: danska, latina/gríska, enska, þýzka, franska/rússneska, saga, klassísk menningarsaga, stærðfræði og almennar raungreinar svo og trúfræði með sérstakri áherzlu á það, sem snertir þá námsleið, sem valin hefur verið.

Stúdentspróf er tekið úr 3. bekk. Ekki eru allar háskóladeildir opnar stúdentum. Fer það eftir því, hvaða námsleið þeir hafa valið í menntaskóla.

Tækni- og starfsgreinamenntun.

Menntun ófaglærðra verkamanna.

Í æskulýðsskólunum er nemendum á aldrinum 14—18 ára m. a. veitt kennsla á sviði byggingavinnu og flutninga. Slíkt nám tekur 2 ár, og lágmarksfjöldi kennslustunda er 300.

Þriggja vikna námsskeið hafa verið haldin í starfsgrein fyrir ófaglærða verkamenn, sem orðnir eru 18 ára, eða fyrir faglærða verkamenn, sem verða að skipta um starf. Í vissum starfsgreinum geta þessi námsskeið reiknast sem hluti eiginlegs náms nemandans.

Sérstakar ríkisstofnanir veita slík námsskeið, þar sem sérstök áherzla er lögð á verknám, á verkstæðum og rannsóknarstofum. Við lok slíkra námsskeiða eiga þátttakendur kost á að taka próf og hljóta skirteini, ef þeir standast það.

Þátttaka í vissum námsskeiðum í byggingaiðnaði og iðnaði veitir aðgang að framhaldsnámi í tæknigreinum.

Iðnfræðsla.

Unglingur, sem orðinn er 14 ára og lokið hefur skyldunámi, getur gert náms-samning við viðurkenndan aðila um nám á viðurkenndu sviði í verzlunar- og skrifstofustörfum, handiðnaði eða iðnaði.

Nám í verzlunar- og skrifstofustörfum.

Umsækjendur verða að hafa staðizt próf úr 9. bekk hins almenna skólakerfis eða hafa hlotið sambærilega menntun.

Námstími er 2—4 ár, en það fer eftir aldri og fyrri menntun. Auk hins verklega náms í verzlun eða á skrifstofu verður nemandinn að sækja skóla fyrir starfsfólk í verzlunum (butikslærlingeskole) eða á skrifstofum (kontorlærlingeskole), 720—800 kennslustundir alls, til undirbúnings prófi (handelsmedhjælpereksamen).

Iðnnám (handiðnaður og iðnaður).

Um 100 greinar er að velja og námstími 3—4 ár. Iðnnemar fá fullt kaup vissan tíma á hverju ári, meðan þeir sækja iðnskóla. Kennslustundafjöldi er alls 750—1775, mismunandi eftir iðngreinum. Sveinsbréfið veitir réttindi til framhaldsnáms í tækni- og iðngreinum.

Verzlunarskólar.

Inntökuskilyrði: aðstoðarverzlunarmannspróf (handelsmedhjælpereksamen), burtfararpróf úr 9. eða 10. bekk, gagnfræðapróf eða samsvarandi menntun.

Nemendur mega velja um þessar námsleiðir: almennt nám, tungumál, bókfærslu eða smásöluverzlun.

Fjöldi kennslustunda er 1155—1380 í dag- eða kvöldskóla. Námi lýkur með verzlunarprófi.

Verzlunarháskólar (handelsgymnasier).

Inntökuskilyrði: aðstoðarverzlunarmannspróf, verzlunarpróf, stúdentspróf eða eitthvert annað próf, sem menntamálaráðuneytið metur gilt.

Fjöldi kennslustunda er 2640, 1320—1540 fyrir stúdenta.

Námi lýkur með verzlunarprófi hinu meira (højere handelseksamen).

Framhaldsiðnfræðsla.

Námið fer eftir undirstöðumenntun nemenda. Getur verið um að ræða a) ófag- lærða, sem ekki hafa stundað áður verklegt nám og b) faglærða í vissum iðnum eða handiðnum.

Venjulega þurfa báðir aðilar að hafa lokið undirbúningsprófi eða gagnfræða- prófi.

Námstími þeirra, sem eigi hafa áður hlotið verklega þjálfun, er venjulega 2 ár, og skiptist á bóklegt nám í iðntækniskóla og verklegt nám í iðnaði, byggingaiðnaði, á tilraunastofu eða verkstæði.

Faglærðir í einhverri iðngrein, sem lokið hafa iðnnámi, geta öðlzt réttindi sem tæknimenn með því að sækja sérnám í eitt ár í iðntækniskóla.

Faglærðir verkamenn í byggingaiðnaði og ófaglærðir, sem unnið hafa í vissum greinum byggingaiðnaðar og sótt viss námsskeið eða hafa lokið tilætluðu námi í verkstæðisskóla, geta öðlzt réttindi sem tæknimenn í byggingaiðnaði með því að sækja tækniskóla í 1½ ár.

Með tveggja ára viðbótarnámi geta þeir öðlzt réttindi sem byggingameistarar.

### Tækni- og starfsgreinafræðsla.

Tækniskólar (teknika).

Inntökuskilyrði: „udvidet teknisk forberedelseseksamen“, ásamt tveimur erlendum málum eða gagnfræðapróf og annaðhvort próf í iðngrein eða eins árs nám í verkstæðisskóla ásamt 15 mánaða starfsþjálfun í viðkomandi iðnaði.

Tæknifræðinámið greinist í fimm námsbrautir: samgöngu- og byggingatækni- fræði, raftæknifræði, véltæknifræði, framleiðslutæknifræði og skipasmíðatækni- fræði. Námið tekur 4 ár. Fyrsta árið er námið almenns efnis og sameiginlegt öllum. Hin 3 árin á sérhæfingin sér stað.

### Kennaramenntun.

Markmiðið er að veita menntun til kennslu við barnaskóla og lægri miðskóla (folkeskole), æskulýðsskóla og kvöldskóla.

Bæði er um ríkis- og einkaskóla að ræða.

Inntökuskilyrði: meira undirbúningsprófið (højere forberedelseseksamen), stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun.

Á námsskránni skulu vera þessar greinar:

a) Uppeldisgreinar:

Uppeldisfræði, sálarfræði, kennslufræði og kennsluæfingar og sem sérnám ein eftirtalinna greina:

i. kennsla í neðri bekkjum „folkeskole“;

ii. kennsla í efri bekkjum „folkeskole“;

iii. kennsla afbrigðilegra.

b) Undirstöðugreinar, sem kenndar eru í „folkeskole“: danska (kunna skal skil á norsku og sænsku), skrift, reikningur og trúfræði.

c) Þrjár eftirtalinna greina: föndur, söngur/tónlist, leikfimi og handavinna stúlkna.

d) Samfélags- og þjóðfélagsfræði.

e) Tvær greinar til viðbótar, sem kenndar eru í „folkeskole“.

f) Aukanámsskeið.

Menntamálaráðherra ákveður, að höfðu samráði við kennaraskólaráð, reglur og reglugerð varðandi eftirtalin atriði: kennslu og námsefni hverrar greinar, prófaðferðir, prófkröfur og einkunnagjöf, prófhald, einkunnagjöf prófdómara og reglugerð um skyldur hans. Nemendur mega ganga undir próf eftir 3½ árs undirbúning og mega ekki gera það seinna en eftir 4 ár.

Framhaldsmenntun kennara.

Framhaldsmenntun kennara við „folkeskolen“ fer fram við kennaraháskólann. Framhaldsmenntun íþróttakennara við Íþróttakennaraháskóla Danmerkur, handavinnu- og verknámskennara við hina tvo handavinnukennaraskóla.

Núverandi lög um menntun kennara við „folkeskolen“ taka gildi við upphaf skólaársins í ágúst 1969.

Menntaskólakennarar hafa háskólapróf, M. A. eða M. Sc. í aðalgrein eða í aðal- og aukagrein, sem kenndar eru við menntaskólana. Áður en kennarar geta orðið fastir kennarar, verða þeir að hafa lokið prófi í uppeldisfræðum — skólasögu, uppeldissálarfræði, heilsufræði í skólum og kennsluæfingum.

### Önnur kerfisbundin fræðsla.

Æskulýðsskólar (ungdomsskoler).

Frjálsir skólar eru fyrir ungt fólk á aldrinum 14—18 ára. Þeir geta verið dag- eða kvöldskólar.

Þessar greinar eru gjarnan kenndar:

a) Sérgreinar, t. d. meðferð ungbarna, innanhússkreyting, erlend mál, handavinna stúlkna, smíði o. s. frv.

b) Undirbúningsnámskeið fyrir viss próf á lægra miðskólastigi.

c) Undirstöðuatríði í starfsgreinum fyrir ungt fólk, sem ekki sækir iðnskóla.

Sérfræðsla kann að vera veitt unglingum, sem seinfærir eru í lestri eða eiga við andlega erfiðleika eða líkamlega ágalla að stríða.

Heimavistarskólar fyrir unglunga (ungdomskostskoler).

Þeir halda 2—10 mánaða námskeið. Markmið kennslunnar er svipað og í „ungdomsskoler“.

Skólar að loknu skyldunámi („efterskoler“).

Þeir eru heimavistarskólar fyrir nemendur á aldrinum 14—18 ára, sem veita alhliða, almenna menntun, sem miðast við að þroska nemendur. Þeir geta veitt undirbúningsmenntun undir viss próf á lægra miðskólastigi. Í flestum er um 8—10 mánaða kennslu að ræða.

Kvöldskólar.

Öllum er frjáls aðgangur, sem lokið hafa skyldunámi.

Námsgreinar, sem almennt eru kenndar, eru þjóðfélagsfræði, listgreinar, venju-



legar skólagreinar og smávegis starfsgreinafræðsla. Aðstaða kann að vera veitt til kerfisbundins náms, tómstundastarfsemi svo og sérkennslu afbrigðilegra.

Kvöldháskólar (aftenhøjskoler) veita framhaldsmenntun á sama stigi og lýðháskólar.

Alþýðufræðsla á sviði æðri menntunar (folkeuniversitetsvirksomhed).

Þessi fræðsla er skipulögð af sérstakri nefnd. Markmiðið er að veita almenn- ingi ókeypis kost á fyrirlestrum og fræðslu sérfræðinga varðandi upplýsingar um aðferðir og niðurstöður í nútíma vísindum.

Búnaðarskólar.

Þeir eru heimavistarskólar og markmiðið er að veita nemendum undirstöðu- menntun í búfræði bæði bóklega og verklega.

Húsmæðraskólar.

Þeir eru heimavistarskólar og veita bæði bóklega og verklega fræðslu í hús- mæðrastörfum og einnig í vissum almennum greinum. Námið tekur 3—5 mánuði.

Lýðháskólar.

Höfuðáherzla er lögð á alhliða, almenna menntun. Kennslan miðast fyrst og fremst við að þroska nemendur, en ekki við neina sérstaka starfsgrein né próf.

Nokkrir lýðháskólar veita sérhæfingu í líkamsrækt og íþróttum í nánum tengsl- um við æskulýðsstarfsemi.

Engin sérstök inntökuskilyrði eru sett, og lokapróf eru ekki.

## NOREGUR

### Lýsing á skólakerfinu (útdráttur).

#### Meginreglur.

Samkvæmt lögnum er markmið skyldunáms að hjálpa nemendum til að verða góðir samfélagsþegnar með því að veita þeim kristilegt og siðferðilegt uppeldi, þroska hæfileika þeirra og hæfni og veita þeim góða, almenna þekkingu. Lög um almenna gagnfræðaskóla fela í sér svipuð markmið, en löggin um hinar ýmsu tegundir sérskóla miðast vanalega við þá sérkunnáttu og hæfni, sem krafizt er.

Fræðsla er ókeypis í öllum opinberum fræðslustofnunum. Fjöldi einkaskóla er mjög takmarkaður.

Allir skólar eru samskólar.

#### Stjórn skólanna.

Skólakerfið lýtur stjórn opinberra aðila og er kostað af þeim. Meginreglan er sú, að sveita- og bæjafélög beri ábyrgð á skyldunámi, fylkin annist framhalds- menntun á miðskólastigi — almenna, verklega og faglega menntun — og ríkið sjái um kennaramenntun og æðri menntun. Vanalega eru sérstök lög um hverja tegund skóla, en ákvæði sett í einstökum atriðum í reglugerðum, erindisbréfum og náms- skráum. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórnina samkvæmt lögum, sem gilda þar um. Ráðuneytið ber einnig ábyrgð á námsskránum í einstökum atriðum, sem samdar eru samkvæmt ramma laganna.

#### Forskólafræðsla.

Forskólastofnanir eru aðallega á þéttbýlissvæðum. Einkaaðilar sjá um þær að mestu leyti, með eða án fjárhagsaðstoðar bæjar- eða sveitarfélags. Í sumum til- vikum eru þær starfræktar af bæjar- eða sveitarfélaginu sjálfu.

Ekkert beint samband er milli forskólastofnana og sjálfs skólakerfisins. Lítið er á forskólastofnanir frá félagslegu sjónarmiði, fremur en þær eigi fræðsluhlut- verki að gegna, og þær lúta yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins.

Einnig er mögulegt að koma á fót forskólabekkjum í tengslum við venjulegan barnaskóla, en hingað til hafa aðeins nokkur bæja- eða sveitafélög gert það.

### Barna- og miðskólafræðsla.

Skyldunámið fer fram í barna- og unglingaskólunum (Grunnskolen).

Barnastigið nær yfir aldurinn 7—13 ára, unglingastigið 13—16 ára.

Í barnaskólunum er veitt fræðsla í hinum venjulegu grundvallarnámsgreinum. Auk þess eiga nemendur kost á erlendu máli tvö síðustu árin. Í unglingaskólunum er námsgreinaval á 8. skólaári og jafnvel enn frekar á 9. skólaári, en þá eiga nemendur val á þessum greinum: norsku, stærðfræði, ensku og þýzku. Þeir, sem vilja búa sig undir menntaskólanám, verða að taka framhaldsstigið, sem tekur til beggja erlendu málanna, ensku og þýzku.

Menntaskólarnir veita bóknámsmenntun á framhaldsstigi til undirbúnings stúdentsprófs. Í menntaskólunum eru sex námsbrautir: raungreinar og stærðfræði, enska, latína, náttúrufræðigreinar, norræn fræði og verzlunarfræði. Námsfni flestra námsgreina hinna mismunandi námsbrauta er hið sama, en mismunandi mikil áherzla er lögð á þær. Öllum þeim, er ganga vilja undir stúdentspróf er skylt að taka þrjú nútímamál (ensku, frönsku, þýzku).

Verzlunarmenntaskólar veita þriggja ára nám eftir lokapróf úr unglingaskóla (ungdomsskole — undirbúningsdeild fyrir menntaskóla). Þeir veita aðallega almenna menntun auk kennslu í hagfræði- og verzlunargreinum. Námið er sams konar og í verzlunardeildum menntaskólanna og veitir aðgang að æðri menntun.

Verknámskólar veita undirbúningsfræðslu fyrir iðnnám. Námið tekur vanalega eitt ár, en er oft tveggja eða þriggja ára nám. Í síðara tilvikinu veitir það alla nauðsynlega bóknámsfræðslu, sem iðnnemar þarfnast.

Iðnskólar eru skólar fyrir iðnnema, sem eru vanalega starfræktir sem þriggja ára kvöldskólar eða kennt er einn dag í viku, en geta einnig verið skipulagðir sem röð dagnámskeiða.

Þjálfun iðnlærðra verkamanna, verkstjóra, verkstæðisstjóra o. s. frv. fer fram á heilum námskeiðum eða þeim er skipt.

Allt iðnnám, sem nefnt hefur verið hér að framan, fer fram á sama stað í svo nefndum yrkisskólum.

Verzlunarskólar veita undirstöðumenntun í verzlunarfræðum. Fræðslan fer fram á 6 mánaða námsskeiðum eða tekur eitt ár. Verzlunar- og skrifstofunemar sækja vanalega eins árs dagskóla, sem veita bæði verklega og bóklega fræðslu.

Húsmæðraskólar veita fræðslu í heimilishaldi.

Heimilisiðnaðarskólar veita undirstöðupjálfun í handavinnu kvenna bæði til persónulegra og heimilisþarfa og sérfræðslu til að efla þróun norsks heimilisiðnaðar.

Sjóvinnuskólar (Fiskerifagskole) veita bæði verklega og bóklega undirstöðufræðslu í sjómennsku.

Búnaðarskólar veita sérfræðslu í landbúnaðarfræðum.

Garðyrkjuskólar veita starfsmönnum á þessu sviði fræðslu svo og garðyrkjunemum.

Skógræktarskólar veita sérmenntun í skógrækt.

Vélstjóranámskeið veita þeim, sem ætla í vélstjóranskóla, nauðsynlega þjálfun á verkstæðum.

### Tækni- og starfsgreinamenntun.

Námskeið í skrifstofustörfum eru í tengslum við verzlunarmenntaskólana, sem veita sérþjálfun að loknu lokaprófi.

Hagfræðinámskeið (studentfagkurs) eru í tengslum við verzlunarmenntaskólana og veita bóklega fræðslu í hagfræði- og verzlunargreinum að loknu lokaprófi.

Tækniskólar veita tæknimenntun á næsta stigi við háskóla. Markmið þeirra er að mennta tæknifræðinga til starfa í iðnaði, byggingaiðnaði, raftækjasmíði o. s. frv. Fræðslan skiptist í ýmsar sérgreinar. Umsækjendur verða að standast inntöku-próf. Lokapróf úr þessum skólum veitir rétt til náms á háskólastigi.

Iðntækniskólar (teknisk fagskole) veita bóklega og verklega fræðslu til undirbúnings störfum í iðnaði. Tveggja ára reynslu við iðnaðarstörf (eða eins árs starfs og eins árs þjálfunar í verknámsskóla) er krafizt til inngöngu.

Undirstöðutækniskólar (elementærtæknisk skole) veita almenna menntun og bóklega fræðslu í undirstöðuatriðum tæknimenntunar starfsfólki í iðnaði. Lágmarksaldur til inngöngu er 17 ár, en faglærðir með verklega reynslu ganga vanalega fyrir.

Lista- og handíðaskólar veita kennslu í hagnýtum listum (glermálun, leirmunagerð, húsgagnagerð, taumunsturgerð, bókbandi o. s. frv.).

Sveitastjórna- og félagsmálaskólar veita sveitastjórnamönnum og félagsráðgjöfum fræðslu.

Sjómannaskólar mennta stýrimenn og skipstjóra og annað starfslið verzlunarfloðans: vélstjóra, loftskeytamenn, matsveina og þjóna. Námið er mismunandi langt. Í flestum tilvikum er krafizt ákveðins siglingatíma.

### **Kennaramenntun.**

Ríkið annast kennaramenntun. Barnaskólakennarar hljóta menntun sína í kennaraskólum.

Kennaraskólar veita tvenns konar menntun, tveggja ára nám að loknu stúdentsprófi og fjögurra ára nám fyrir ungt fólk, sem hlotið hefur nokkra framhaldsmenntun að loknu barnaskólanámi. Inntökupróf eru haldin fyrir þá, sem taka fjöggra ára námið. Báðar námsleiðirnar veita sömu réttindi. Mögulegt er barnakennurum að loknu kennaranámi að stunda ýmiss konar viðbótarnám, sem veitir þeim réttindi til að kenna í neðri bekkjum gagnfræðaskóla og öðrum tegundum skóla á miðskólastigi. Þessa viðbótarmenntun er hægt að hljóta við sérstakar stofnanir, sem mennta kennara með eins árs námi í vissum greinum (t. d. lista- og handíða-, húsmæðra- og íþróttakennaraskólum). Háskólarnir veita kennurum einnig framhaldsmenntun í nokkrum bóklegum greinum. Sú menntun er veitt á tveimur sumarnámsskeiðum.

Háskólaprófs er krafizt til að kenna við menntaskóla og kennaraskóla (lektorsgráðu, sem er 6—7 ára nám). Auk þess verður að stunda 6 mánaða nám í hagnýtri uppeldisfræði. Í því námi eru einnig innifaldar kennsluæfingar í umsjá reynds kennara.

Kennarar við iðnskóla eru einkum faglærðir iðnaðarmenn, sem hafa stundað 6 mánaða framhaldsnám í hagnýtri uppeldisfræði í yrkisskólum.

### **Annars konar skipulögð fræðsla.**

Lýðháskólar veita fullorðnum og unglíngum mismunandi mikla fræðslu. Þessir skólar halda ekki kennslunni innan ákveðins ramma, heldur leitast við að þroska einstaklinginn. Þeir eru heimavistarskólar. Námsfnið getur verið allmismunandi og getur einnig verið á sviði verklegra greina. Engin próf eru haldin.

## **SVÍÐJÓÐ**

### **Skólakerfið 1969.**

#### **Meginreglur.**

Endurbætur hafa verið gerðar á öllum stigum sænska skólakerfisins síðan 1962 og einnig á sviði kennaramenntunar.

Níu ára skyldunámi hefur nú verið komið á í öllu landinu. Samkvæmt þeirri meginreglu, að halda uppi stöðugum endurbótum í fræðslumálum, hefur menntamálanefnd þegar endurskoðað námsskrá skyldunámsins, sem gilt hefur síðan 1962. Þingið ákvað í desember 1968, að endurskoðuð námsskrá skuli taka gildi frá háskólaárinu 1970—71 að telja.

Stefnumiðið í sænskum fræðslumálum er, að allir, sem þess óska, eigi þess kost að halda áfram að loknu skyldunámi í einhverjum framhaldsskóla — menntaskóla, „fackskola“ eða sérskóla — en krafizt er 9 ára skyldunáms til inngöngu í alla þessa skóla. Nýju menntaskólunum, sem byrjað var að stofna 1966, hefur verið komið á fót um allt land, og hinum tveggja ára „fackskola“ hefur verið komið upp á rúmlega helmingi þeirra staða, þar sem menntaskólar eru. Endurskoðun námskrár beggja þessara skólastiga er þegar hafin. Þingið ákvað í desember 1968, að frá haustönn 1971 að telja skuli menntaskólar, „fackskola“ og sérskólar sameinaðir á einu framhaldsskólastigi, sem veiti fræðslu á mismunandi stigum með námsbrautum í bæði bóklegum og verklegum greinum. Samtímis verður sérnám endurskoðað að því er snertir námsskrá og skipulag.

Annar hluti endurbótanna í fræðslumálum lýtur að menntun fullorðinna. Þessi fræðsla er að færa út kvíarnar um allt land til að gefa fullorðnum tækifæri til menntunar — bóklegar og verklegar — sem þeir fóru á mis við í æsku. Í framtíðinni munu þeir, sem aðeins ljúka skyldunámi, eiga þess kost að afla sér frekari menntunar eftir þessari leið. Fullorðnir, sem æskja frábrugðinnar eða viðbótar-menntunar, munu eiga þess kost. Fullorðnir hljóta að mestu leyti fræðslu sína í kvöldskólum.

Fræðsla er ókeypis í Svíþjóð á framhaldsskólastiginu. Sama á við um kennslu fullorðinna, sem viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag annast. Í framhaldsskólum verða nemendur oft að greiða kennslubækur og skólaföng. Á skyldunámsstiginu er þetta ókeypis.

Engin aðgreining er á kynjum í skólunum (að leikfimi undanskilinni).

#### Skólastjórn.

Skólanefnd, kosin af viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn, ber ábyrgð á stjórn skólakerfisins, hver á sínum stað, jafnt skyldunámsskólum, framhaldsskólum sem og kennslu fullorðinna, er viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn annast. (Undantekning: vissir sérskólar, m. a. hjúkrunarskólar að mestu og fræðsla til undirbúnings áþekktum störfum).

Fræðsluráð hvers fylkis hafa yfirstjórn styrkveitinga ríkisins til skólanna með höndum og umsjón með öllum skólum undir háskólastigi. Þessi ráð eru einnig ráðgefandi í uppeldismálum og skipa verulegan hluta kennaranna.

Menntamálanefnd ríkisins fer með yfirstjórn skólakerfisins og kennaramenntunarinnar. Höfuðviðfangsefni nefndarinnar er nú að stuðla að frekari þróun skólakerfisins, skipuleggja og samræma, raunhæfa (að umfangi og að því er snertir námskröfur) og veita ráð og þjónustu. Svo að nefndin geti betur rækt þessar skyldur, hefur venjubundin yfirumsjón og verulegur hluti stjórnunarstarfsins verið falið fræðsluráðum og skólanefndum eða skólastjórum.

Menntamálaráðuneytið markar stefnuna í almennum atriðum. Hlutverk þess er einnig að ákvarða fjáruhlutun til skólakerfisins samkvæmt ákvörðun þingsins. Menntamálanefnd ríkisins er framkvæmdaaðili ráðuneytisins.

#### Forskólafræðsla.

Forskólafræðsla er eftir frjálsum vali. Hún lýtur yfirumsjón velferðarnefndar í félagsmálum, ekki menntamálanefndar, sem sýnir eðli fræðslunnar og hlutverk. Slíkir skólar eru enn þá aðallega aðeins í bæjum. Þeir taka við börnum á aldrinum eins til sex ára. Forskólagangan eykst hröðum skrefum. Uppeldisfræðingar og stjórnámálamenn ræða nú um það, hvort tengja eigi forskólafræðsluna skyldunámsskólunum. En engar athuganir né áform hafa verið gerð í því efni.

## Barna- og framhaldsskólamenntun.

### Skyldunámsskólar.

Börn hefja skólagöngu að hausti á því ári, sem þau verða 7 ára. Sérkenni skyldunámsins er, að þar er engin námsgreining eftir bekkjardeildum. Í því felst, að nemendur hafa að verulegu leyti sömu bekkjarfélaga allan skyldunámstímann. Aðeins þrjú síðustu árin er um visst val að ræða.

Fyrstu sex árin hljóta allir nemendur sömu fræðslu. Samt er um allmikla einstaklingsaðgreiningu að ræða. Í elztu deild (7.—9. ár) er visst valfrelsi, en mestu af tímanum varið í skyldugreinar sameiginlegar öllum (88 einingar af 105 að meðaltali öll árin 3). Enska er skyldugrein í 3.—9. bekk. Nemendur í elztu deild geta valið á milli tveggja mismunandi sviða í ensku og stærðfræði, hins minna og meira náms í þessum greinum. Frá 7. bekk verða nemendur að velja eitt af fjórum þessara kjörsviða: mál (þýzka eða franska), listir, hagfræði og tæknifræði (í 7., 8. og 9. bekk er varið 4, 3 og 4 tímum á viku í þessum greinum). Í málunum er um hið meira og minna kjörsvið að ræða. Hvert kjörsvið um sig gefur jöfn réttindi til framhaldsnáms á efra stigi framhaldsskólanámsins.

Í elztu deild verður hver nemandi einnig að stunda nám eftir frjálsu vali 2 stundir á viku, þ. e. grein, sem nemandinn hefur sérstakan áhuga á.

Í elztu deild er nú varið meiri tíma í fagurfræði og verklegar greinar. Í lesgreinum (náttúrufræði, samfélagsfræði og trúfræði) er verulegum hluta námsins beint að ákveðnum þáttum, þannig að um nán tengsl greinanna er að ræða. Engin kennsla er veitt, sem miðar beinlínis að vinnu í ákveðinni starfsgrein. Í 9. bekk hljóta nemendur tveggja vikna starfsfræðslu, sem er fólgin í verklegri þjálfun í einhverju starfi.

Þau atriði, sem nú hafa verið nefnd, eiga við námsskrána, sem taka á gildi haustið 1970. Samkvæmt núverandi námsskrá, sem mun smám saman víkja fyrir hinni nýju, er enska skyldugrein í 4.—7. bekk, en síðan eftir frjálsu vali. Í 7. og 8. bekk eru kjörsvið. Í 9. bekk eiga nemendur val á níu námsbrautum. Í fjórum þeirra er lögð áherzla á verklegt nám.

Á skyldunámssstiginu er nemendum, sem eru líkamlega eða andlega afbrigðilegir, veitt sérstök kennsla, annaðhvort með sérfræðslu eða í stofnunum, sem sérstaklega eru til þess ætlaðar. Nemandinn sækir þá venjulegan námsbekk, en sækir um vissan tíma nám til annars kennara eða stofnunar. Einnig eru sérbekkir fyrir nemendur, sem eiga við vandamál að stríða eða einhvers konar ágalla.

### Menntaskólar.

Að loknu námi í 9. bekk skyldustigsins geta nemendur sótt um inngöngu í menntaskóla. Inntaka fer eftir einkunnum þeim, sem umsækjandi hefur hlotið í 9. bekk skyldustigsins eða í samsvarandi námi.

Samkvæmt nýja námskerfinu í menntaskólunum, sem kom til framkvæmda 1966, eru fimm námsbrautir: huggreinar, félagsfræði, hagfræði (veitir starfsréttindi og titilinn „Gymnasium ekonomist“), raungreinar og tæknifræði. Námið tekur þrjú ár og veitir réttindi til inngöngu í háskóla eða æðri menntastofnun. Nemendur í tæknifræði geta numið áfram ári lengur og hljóta þá starfsheitið „Gymnasium ingeniör“.

Í fyrsta bekk eru 70% námsefnis sameiginleg öllum nemendum. Eftir það hefst sérhæfing smám saman. Ekkert lokapróf er við menntaskólana. Landsprófsverkefni eru lögð fyrir af menntamálanefnd í 2. og 3. bekk í vissum greinum. Námsstjórar ferðast milli menntaskólanna allt árið, fylgjast með einkunnum og námskröfum og veita ráð.

Í huggreinunum eru nútímamál aðalnámsgreinarnar.

Í félagsvísindum eru þjóðfélagsfræði og sálarfræði aðalgreinar.

Þeim fylgir frekara nám í stærðfræði og raungreinum, m. a.

Í hagfræðinni eru aðalgreinarnar viðskiptafræði og aðrar hagfræðigreinar og lögfræði. Undirdeildir eru í félags- og fagurfræði. Á þriðja ári eiga nemendur val á fjórum kjörsviðum: hagfræði og tungumálum, bókfærslu, vörudreifingar- og stjórnunarfræði.

Í raungreinum eru stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og líffræði aðalgreinarnar. Engar undirdeildir.

Í tæknifræði er sama námsefni í raungreinum og í raungreinadeildinni. Tækni-fræðin eru kennd strax í 1. bekk.

Á þriðja ári er um fjórar leiðir að velja: véltæknifræði, byggingatæknifræði, raftæknifræði og efnatæknifræði. Á fjórða ári eru sex leiðir: véltæknifræði, almenn bygginga- og húsbbyggingatæknifræði, rafstöðvafræði, fjarskiptafræði og efna-tæknifræði.

„Fackskola“.

Ný tegund skóla á efra miðskólastigi hefur verið stofnuð, „fackskola“. Þetta er tveggja ára skóli með heldur minni áherzlu á bóklegar greinar en í menntaskól-unum. Markmiðið er að leggja meiri áherzlu á hagnýtt gildi bóknámsins. Í „fack-skola“ eru þrjár námsbrautir, félags-, hag- og tæknifræði. Félagsfræðinámið veitir réttindi til framhaldsnáms m. a. til starfa í vissum greinum kennslu, hjúkrunar- og velferðarmála. Hinar tvær námsbrautirnar veita réttindi til starfa í iðnaði og iðngreinum og að vissu marki til framhaldsnáms. Til inngöngu í „fackskola“ er krafizt 9 ára skyldunáms á samfellda stiginu eða samsvarandi menntunar. Fjórdi hluti skólarýmis er ætlaður fullorðnum umsækjendum, sem lokið hafa námi við sérskóla eða hafa starfað a. m. k. í þrjú ár í iðnaði eða iðngrein. Nemendur, sem velja tæknifræðina, verða að vinna í níu mánuði milli 1. og 2. bekkjar, nema þeir hafi öðlzt slíka þjálfun áður.

Lægri miðskólar („unglingaskólar“).

Héraðskvennaskólar (kommunal flickskola).

Báðar þessar tegundir skóla er verið að leggja niður.

### Tækni- og sérmenntun.

Komið verður á nýju skipulagi með öðru námsefni í sérfræðslunni samkvæmt endurbótum samþykktum í þinginu 1968. Eins og þegar er sagt, verður sérfræðslan sameinuð námi í menntaskólum og „fackskola“ á einu allsherjar framhaldsskólastigi. Inntöskuskilyrði verða, að viðkomandi hafi lokið skyldunámi (í flestum tilvikum 9 ára samfelldum skóla).

Hið nýja efra framhaldsskólastig sameinuðu skólanna mun greinast í þrjár megindeildir: hugggreinar og félagsfræði, hagfræði og náttúrufræði og tæknideild. Innan hvernar deildar verða mismunandi námsbrautir, sem svo greinast í undirdeildir.

Sérfræðslan á efra framhaldsskólastigi verður samkvæmt meginreglu tveggja ára nám, þótt bæði skemmra og lengra nám kunni að verða skipulagt. Enn hefur ekki verið gengið frá námsskrá. Sérnámið verður almenns eðlis. Núverandi sérfræðsla, sem er fólgin í miklum fjölda skóla, sem hver um sig veitir eingöngu sérhæfingu frá byrjun, er talin óheppileg vegna hinnar öru þróunar á vinnumarkaðinum. Samkvæmt hinum nýja, breiða grundvelli sérfræðslunnar er gert ráð fyrir, að sérhæfing sé veitt í iðnaði og verzlun að námi loknu. Fyrirkomulag þessarar sérhæfingar hefur enn ekki verið ákveðið.

Innan hugggreina- og félagsfræðideildarinnar verða t. d. hjúkrunar- og neyzlu-fræði.

Innan hagfræðideildarinnar verður vörudreifingar- og skrifstofunám.

Innan náttúrufræði- og tæknifræðideildarinnar verða mjög margar námsleiðir, t. d. raftæknifræði, véltæknifræði, byggingatæknifræði, matvælafræði, tæknifræði og dráttlist.

Sérfræðslan verður skipulögð á breiðum grundvelli, þannig að allir hefja nám á sameiginlegum grundvelli, en halda síðan áfram yfir á sérsvið. Á grunnstiginu eru kennd þau atriði, sem sameiginleg eru hinum ýmsu starfsgreinum, en síðan haldið yfir á braut sérhæfingar. Nemendum, sem ætla sér í mismunandi starfsgreinar innan sömu námsleiðar, er kennt saman á þessu stigi, síðan þrængist námssviðið, þ. e. sérhæfist.

Bein starfsfræðsla er veitt á hinu sameiginlega verknámssviði, sem nær yfir bæði sérfræðilegt hóknám og vinnutækni.

Í öllu starfsgreinánámi verður um meiri almenna menntun að ræða en nú er. Sænska, atvinnulífsskynning og leikfimi verða skyldunámsgreinar öllum nemendum. Auk þess verður skylt að velja a. m. k. eina aukagrein, t. d. ensku, þjóðfélagsfræði, trúfræði eða stærðfræði.

Nemendur í sérnámi munu eiga kost á frjálsum valgreinum, einkum þó í 2. bekk. Í mesta lagi má verja 12 kennslustundum á viku í valgreinar, og er þá tilsvareandi hluta verknámsins sleppt. Aðeins má velja greinar, sem styðja eða auka við starfsgreinarnám nemandans.

Nú sem stendur eru starfsgreinaskólar á stöðum, þar sem engir skólar á menntaskólastiginu eru. Þessir skólar, sem ekki er hægt að sameina menntaskóla eða „fackskola“ verða látnir starfa áfram sem slíkir um sinn. Þeir taka til hinna margvíslegustu starfsgreina.

Hjúkrunarnám verður eins og áður skipulagt að verulegu leyti sem sjálfstæð eining skólakerfisins í sambandi við hlutaðeigandi stofnanir, t. d. hjúkrunarskólar í tengslum við sjúkrahús.

Sjálfstæðir sérskólar, eins og t. d. listnámsskólar, munu starfa áfram sér.

Æðri eða gagnbetri menntun er einnig veitt í starfsgreinaskólunum. T. d. mennta sumir skólar sjúkrapjálfa á samsvarandi hátt og gert er í háskólunum.

### Kennaramenntun.

Kennaramenntun til kennslu í yngstu og miðdeild (þ. e. 1.—6. bekk eða 7—12 ára að báðum meðtöldum) skyldunámssstigsins er veitt í kennaraskólunum. Inn-~~t~~ökuskilyrði í þessa skóla er lokapróf úr „fackskola“, menntaskóla eða sambærileg menntun. Flestir nemendur hafa því náð 18 ára aldri, er þeir koma í kennaraskóla.

Kennarar í yngstu deild (þ. e. 1.—3. bekk eða 7—9 ára).

Kennaranám til kennslu í yngstu deild skyldunámssstigsins tekur fimm annir. Er þeirri fjórðu varið til kennsluæfinga. Kenndar eru námsgreinar, uppeldisfræði, kennslufræði og svo eru kennsluæfingar. Grundvallarfræðsla er veitt í átta greinum, en í tveimur þeirra er námið ýtarlegra. Í þessum tveimur greinum öðlast nemandinn réttindi til að kenna í miðdeild (4.—6. bekk) skyldustigsins.

Kennarar í miðdeild (4.—6. bekk eða 10—12 ára).

Kennaranám til kennslu í miðdeild tekur sex annir. Fjórðu önn er varið til kennsluæfinga. Grundvallarnám er í þrettán greinum. Ýtarlegra nám er í þrem þessara greina, og nemandinn öðlast réttindi til kennslu í tveim þeirra í elztu deild.

Sérkennarar.

Kennaramenntun í sérgreinum til kennslu í elztu deild skyldustigsins, „fackskola“ og menntaskólum.

Bóklegt nám er veitt í háskólunum til B. A. stigs. Um mikinn fjölda námsgreinahópa er að ræða. Lagt er til, að nemendur, sem ætla að gerast kennarar, skuli hljóta nokkra fræðslu í uppeldisfræði og nokkra kennsluæfingu á meðan á háskólanáminu stendur.

Að loknu háskólaprófi hlýtur kennaraneminn kennsluæfingar í kennaraskóla. Sex skólar veita þjálfun á þessu stigi, en hún tekur eitt ár. Fyrstu önninni er alger-

lega varið í skólanum, en kennslunni fylgja þó áheyrnar- og æfingatimar. Sérhver kennaraskóli hefur aðgang að skólum til kennsluæfinga.

Möguleiki er fyrir kennara miðeildarstigsins að öðlast með frekari menntun réttindi sem sérkennarar við elztu deild skyldustigsins.

Kennarar á menntaskólastigi.

Menntun kennara á menntaskólastigi.

Auk þeirra kennara við menntaskólastigið, sem nefndir eru í gr. 62, eru svo fullgildir kennarar á þessu stigi. Til þeirrar stöðu er krafizt hærri háskólagráðu (licenciat). Margir hafa jafnvel doktorsgráðu. Þeir, sem hafa B.Sc. gráðu í hagfræði eða verkfræðipróf, geta einnig orðið kennarar við þetta stig á sviði sinnar greinar. Auk þessarar framhaldsmenntunar á bóklega sviðinu verða væntanlegir kennarar á þessu stigi að hljóta sömu kennsluæfingu og sérkennararnir (gr. 62).

Kennarar við starfsgreinaskóla.

Til að hljóta kennarastöðu við starfsgreinaskóla í starfsgreinum þarf kunnáttu og hagnýta reynslu í viðkomandi starfsgrein svo og kennsluþjálfun. Kennsluæfingar eru veittar í stofnunum starfsgreinamenntunar. Þessa menntun á að endurskipuleggja, og ætlunin er, að stofnanir starfsgreinamenntunarinnar verði felldar inn í kennaraskólakerfið.

Kennarar í fagurfræði og verklegum greinum.

Kennarar í þessum greinum á hinum ýmsu skólastigum hljóta menntun í ýmsum skólum (handavinnukennarar í handavinnukennaraskólum, teiknikennarar í listkennaraskóla). Þessa kennslu er nú verið að endurskoða og endurskipulagning á leiðinni.

### Menntun fullorðinna.

Lýðháskólar.

Sænsku lýðháskólarnir gefa kost á margs konar námi. Námið tekur vanalega 2—3 ár, 34 vikur á ári. Markmiðið er að veita almenna menntun, en meiri hluti nemenda sækir þá til að öðlast undirstöðu til framhaldsmenntunar. Þó að sérhver lýðháskóli semji eigin námsskrá og ekki sé um neinar staðlaðar námsskrár lýðháskólanna að ræða, hefur menntamálanefnd veitt þeim, sem þessa menntun hafa hlotið, ákveðin réttindi. Margir lýðháskólar veita sérmenntun í listgreinum (tónlist, mynd- og leiklist) svo og sérmenntun fyrir verðandi æskulýðsleiðtoga. Styttri námskeið — frá viku upp í nokkra mánuði — eru haldin í sérstökum félags-, þjóðfélags-, menningar- og fagurfræðilegum greinum. Lýðháskólarnir eru venjulega heimavistaraskólar. Lágmarks inntökualdur er 18 ár, en meðalaldur er yfir 21 ár. Lýðháskólarnir eru í náinni samvinnu við alþýðumenntun og frjáls félagsamtök.

Önnur kennsla fullorðinna.

Skólanefndir á hverjum stað hafa annazt skipulagningu kennslu fullorðinna síðan 1968, sem aðallega hefur verið kvöldkennsla. Fylgt er námsskrá elztu deildar skyldustigsins, menntaskólanna, „fackskola“ og starfsgreinaskólanna. Þátttakendur geta öðlazt full réttindi í því námi, sem þeir stunda, eða í einstökum greinum á samsvarandi hátt og í skólum.

Kennsla fullorðinna fer einnig fram í tveimur ríkisskólum fyrir fullorðna, í útvarpi og sjónvarpi, bréfaskólum og er veitt af ýmsum frjálsum fræðslusamtökum.



## ENGLAND OG WALES

### Skólakerfið.

#### Meginreglur.

Lögin leggja foreldrum þá skyldu á herðar að sjá um það, að börn þeirra á skólaskyldualdri (5—15 ára) hljóti fræðslu í samræmi við aldur sinn, getu og hæfileika.

Engin kennslugjöld eru í neinum opinberum skóla, og kennslubækur, ritföng og annað, sem til þarf, er ókeypis. Foreldrum er frjálst, ef þeir óska, að greiða kostnaðinn við að senda þau í aðra skóla.

#### Stjórn skólanna.

Núverandi fræðslulög (með síðari breytingum) eru frá 1944. Skólaskylda er frá 5 til 15 ára, en miðskólamenntun hefst við 11 ára aldur að nokkru leyti. Skólaskylduna á að lengja í 16 ár 1972—73, og samtímis er mjög verið að færa út kviarnar á sviði æðri menntunar.

Mennta- og vísindamálaráðuneytið fer með yfirstjórn fræðslumála.

Ráðuneytið starfrækir ekki neina skóla sem slíkt. Það markar stefnuna og sér um framkvæmd hennar í höfuðdráttum varðandi barna-, miðskóla- og framhaldsmenntun. Ekki ræður það neina kennara né mælir fyrir um kennslubækur eða námsskrá. Það ákveður hins vegar lágmarksnámsskröfur, hefur yfirumsjón með skólabyggingum og menntun kennara og kennarabörf. Það ákveður einnig þær meginreglur er varða kennararéttindi. Samkvæmt fræðslulögunum framkvæmir ráðuneytið yfirumsjón sína og veitir leiðsögn með útgáfu reglugerða, reglna, dreifibréfa, bæklinga og handbóka.

Tvenn ráðgefandi landsráð, annað fyrir England, hitt fyrir Wales, eru ráðherra til aðstoðar í málum er varða fræðilega hlið og framkvæmd fræðslumála, venjulega í málum, sem sérstaklega er vísað til þeirra. Umræðufundir eru haldnir um mikilvæg mál, er varða allt landið, þar sem eru fulltrúar samtaka bæja- og sveitafélaga, kennara og trúarsamtaka.

#### Námsstjórar.

Aðalhlutverk námsstjóraráðsins er að gefa ráðherra skýrslu um skyldu- og framhaldsskólanám. Allir skólar lúta undantekningarlaust eftirliti námsstjóra. Þeir gefa yfirvöldum og skólum á hverjum stað ráðleggingar og ræða við þessa aðila um dagleg vandamál. Námsstjóraráðið er ráðuneytinu til ráðuneytis í faglegum efnum, samræmir þróunina í fræðslumálum, heldur stutt námsskeið fyrir starfandi kennara og útbýr leiðbeiningabæklinga.

Um 500 námsstjórar eru á Englandi, en yfir þeim er yfirnámsstjóri. Sex aðalnámsstjórar annast eftirtalin atriði:

- a) barnafræðslu, miðskólamenntun — eftirlit og skýrslugjöf, sérskóla;
- b) miðskólamenntun — endurskipulagningu og almenn atriði, vistheimili (approved school), skólarannsóknir;
- c) framhaldsmenntun til starfa í iðnaði og verzlun;
- d) alla aðra framhaldsmenntun;
- e) kennaramenntun; og
- f) almenna þróun í fræðslumálum.

Aðalnámsstjórunum til aðstoðar eru tíu deildarnámsstjórar og um 60 manna starfslíð námsstjóra, sem sjá um einstakar greinar, t. d. ensku, nútímamál, vélfræði, listir eða þá sérstök námsstig, t. d. miðskólamenntun eða kennaramenntun. Í Wales er svipað fyrirkomulag.

Fræðsluyfirvöld héraðanna (counties).

Héraðsfræðsluráðin eru kjörin. Þau annast skólahald hins opinbera, reisa skóla, skipa kennara, útvega skólaföng, útbúnað o. s. frv. með styrk úr ríkissjóði. Þau eru sjálfsstjórnaraðilar og ekki á neinn hátt undirdeildir ráðuneytisins. Er frumkvæðið eftirlátið þeim eins og mögulegt er. Þau ráða vali kennslubóka og geta ákveðið námsskrá, en eftirláta þessi atriði næstum alltaf skólastjórunum.

### Forskólafræðsla.

Fræðsluráð héraðanna verða að láta til sín taka þarfir barna undir fimm ára aldri. Börn á þessum aldri er hægt að setja í leikskóla eða bekki í tengslum við smábarnaskóla.

### Barna- og miðskólafræðsla.

#### Barnafræðsla.

Barnaskólar skiptast í smábarnaskóla fyrir 5—7 ára og skóla (junior schools) fyrir 7—11 ára. Um helmingur barnaskólanna hefur alla árgangana 5—11 ára. Að loknu barnanámi hljóta börnin miðskólamenntun við sitt hæfi.

#### Miðskólamenntun.

Verið er að endurskipuleggja miðskólamenntunina, svo að hún verði samfelld og ekki þurfi að velja um námsleiðir við 11 ára aldurinn. Flestir eru þeir skólar (secondary modern schools), sem veita almenna menntun til loka skólaskyldualdurs, þótt nemendur geti — og geri í vaxandi mæli — haldið lengur áfram. Næstir að tölu eru „menntaskólarnir“ (grammar schools), sem veita aðallega bóklega fræðslu nemendum á aldrinum 11—18 ára. Þá eru allmargir verknámsskólar (technical schools), sem nemendur veljast í 11 ára og svo skólar, þar sem menntaskóla-, verk- og almennu námi er ýmislega fléttað saman. Hinn samfelldi skóli þróast með ýmsum hætti, fer það eftir aðstæðum á hverjum stað, og yfirvöldum leyfist að hafa mismunandi fyrirkomulag á fræðsluskipan innan þess svæðis, sem þau bera ábyrgð á. Það skipulag, sem fræðsluyfirvöld á flestum stöðum aðhyllast helst, er hinn venjulegi, samfelldi skóli fyrir 11 (stundum 12)—18 ára nemendur. Á allmörgum stöðum er verið að koma á miðskólakerfi, sem ekki miðar við aldursmörkin milli barna- og miðskóla, og samfelldir skólar fyrir aldursflokkana 11—16 ára að viðbættum 6. bekkjardeildum (6th form colleges) fyrir nemendur eldri en 16 ára hafa einnig hlotið viðurkenningu.

Lítill hluti miðskólanemenda hlýtur enn menntun sína í skólum fyrir alla aldursflokka skyldustigsins (5—15 ára), en smám saman er verið að endurskipuleggja þessa skóla.

Sjá má nemanda fyrir menntun í heimavistarskóla eða með öðrum hætti, sé það talið æskilegt. Er kostnaður greiddur að hluta eða öllu leyti af almannafé, sé foreldrum það um megn eða menntun við hæfi nemandans verður ekki með öðru móti veitt.

#### Aðrir skólar.

Auk þeirra skóla, sem getið hefur verið, eru nærri 3600 skólar, sem ekki eru kostaðir af viðkomandi fræðsluyfirvöldum. Skólagjalda er krafizt í þessum skólum, en um 3200 þeirra eru óháðir, þ. e. hljóta enga styrki úr opinberum sjóðum. Allir óháðir skólar verða þó að vera skrásettir opinberlega og þeir lúta eftirliti. Þeir þessara skóla, sem eru a. m. k. ekki lakari en opinberir skólar, geta hlotið viðurkenningu ráðherra þess efnis, að þeir séu fullnægjandi. Um 1500 slíkir skólar hafa hlotið slíka viðurkenningu (305000 nemendur). Meðal þessara skóla eru einkamenntaskólarnir (public schools). Viðleitni er í þá átt af opinberri hálfu að fella þessa skóla með einu eða öðru móti inn í hið almenna skólakerfi. Þá eru 122 sérskólar, aðallega heimavistarskólar, með um 9000 nemendur, sem fræðsluyfirvöld greiða skólagjöldin fyrir að öllu leyti.

Sérkennsla fyrir afbrigðilega nemendur.

Samkvæmt skilgreiningu í reglugerð ráðherra flokkast afbrigðilegir nemendur í tíu hópa: heyrnarlausar, heyrnarskerta, blinda, sjónskerta, fatlaða, vangefna, flogaveika, taugaveiklaða nemendur, nemendur með hegðunarvandkvæði og talgalla. Börn, sem hafa fleiri en einn þessara galla, flokkast eftir aðalgalla, en skólarnir sjá einnig fyrir þörfum þeirra varðandi aðra galla.

Það er skylda fræðslufirvalda á hverjum stað að ganga úr skugga um, hvaða börn þarfnast sérkennslu, og veita þeim hana, annaðhvort í venjulegum skólum, sérskólum eða á annan hátt. Það er stefna ráðuneytisins, að ekkert afbrigðilegt barn sé sent í sérskóla, sem getur notið kennslu í venjulegum skóla, svo að fullnægjandi sé. Öll sérkennsla er greidd af fræðslufirvöldum, foreldrum að kostnaðarlausu. Við sjúkrahús eru einnig sérskólar.

Fræðslufirvöldum er heimilt að hefja fræðslu afbrigðilegra, þegar þau eru tveggja ára. Skrásettir nemendur í sérskólum hætta vanalega ekki skólagöngu fyrr en 16 ára, og allmargir skólar hafa þá til 18—19 ára aldurs. Þrjár stofnanir veita blindum framhaldsmenntun og þjálfun og fimm fötluðum. Hvers konar framhaldsmenntun á starfsgreinasviðinu annast atvinnumálaráðuneytið.

Markmið sérskóla er að mennta börnin, svo að þau geti eftir því, sem unnt er, orðið sjálfstæðir, ábyrgir einstaklingar og efnahagslega sjálfstæð, ef mögulegt er. Til að ná þessu marki eru bekkjadeildir hafðar fámennar og starfsliðið fjölmennt miðað við fjölda nemenda. Í tengslum við sérskólana eru einnig sjúkraleikfimi, talkennsla, sállæknings og barnalæknings.

Tækni- og starfsgreinafræðsla (I.—III. stig).

Yfirlitt er ekki um starfsgreinanám að ræða á skyldustiginu, þótt í þá átt kunnir að vera sveigt. Starfsgreinafræðsla er veitt í framhaldsskólum (sjá gr. 5).

Próf.

„Stúdentspróf“ (General Certificate of Education, GCE).

Um tvönnar konar aðalpróf er að ræða, „stúdentspróf“ og miðskólapróf.

Átta sérstakir aðilar annast og veita „stúdentsprófið“, flestir í tengslum við háskóla. Með því fæst þægilegt viðmiðunarstig lágmarksmentunar, sem þarf til að fá aðgang að æðri menntun. Nemandinn getur tekið eins margar eða fáar greinar og hann kys. Tvö prófstig eru í hverri grein, lægra og hærra (Ordinary and Advanced levels). Próf í greinum á lægra stiginu eru vanalega tekin við 16 ára aldur (fyrir aðeins með samþykki yfirkennara) og á hærra stiginu tveim árum síðar. Próf á hærra stiginu í tveim greinum er vanalega lágmarkskrafa til inngöngu í háskóla í Englandi eða Wales.

Miðskólapróf (Certificate of Secondary Education).

Prófið er ætlað þeim nemendum, sem eru í meðallagi miðað við aldursflokk sinn. Próf eru tekin á grundvelli hvernar greinar fyrir sig, og nemendur, sem eru að ljúka 5 ára miðskólanámi, geta tekið það. Ekki er felldur úrskurður um það, að viðkomandi hafi staðizt eða fallið. Einkunnir eru gefnar í 5 stigum í hverri grein eða ekkert stig er gefið. Próf með einkunn fyrsta stigs er nú almennt talið jafngilda „stúdentsprófi“ á lægra stigi (Ordinary level) í viðkomandi grein. Upplýsingar þær, er gefnar eru á prófskírteininu, auðvelda vinnuveitendum að raða ungu fólki í störf, og þær eru notaðar við ákvörðun um inntöku nemenda í tækni-skóla og aðra framhaldsskóla (colleges). Yfirumsjón með prófinu hafa starfandi kennarar, sem sæti eiga í svæðanefndum, 14 að tölu. Prófin miðast við venjulega kennsluviku miðskóla. Þau eru breytileg eftir héruðum og jafnvel skólum, en prófskírteinin eru jafngild alls staðar á landinu.

### Framhaldsmenntun (tækni- og starfsgreinamenntun).

Framhaldsmenntun er mjög margvisleg, og er einkum (þó ekki eingöngu) á sviði starfsgreinamenntunar. Getur verið um að ræða allt frá hraðritun upp í nám, sem jafngildir háskólaprófi eða framhaldsnámi að loknu háskólaprófi.

Meðal slíkra skóla eru:

- a) tækniskólar (technical colleges), sem halda undirbúningsnámsскеið fyrir einfaldari störf, og enn aðrir, sem bæði halda námsскеið og gefa kost á tveggja ára námi eða meir nemendum, sem hefja námið 18—19 ára;
- b) skólar, sem veita skirteini (diploma) í handlistum og hönnun, sem eru viðurkennd sem jafngild háskólaprófi;
- c) búnaðarskólar og stofnanir;
- d) 4 ríkisskólar, sem veita æðri menntun á sviði sérstakra atvinnuvega.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að sameina æðri menntun innan framhaldsskóla-kerfisins með því að stofna 30 fjöltækniskóla („polytechnics“) í stað um 60 aðal-tækni-, verzlunar- og handlistaskóla.

Þá er iðnnám á öðru sviði.

Margir ungir starfsmenn fá sig lausa úr vinnu einn dag í viku til að sækja tækninám (500,000 1965—66). Vaxandi fjöldi fær sig einnig lausan úr vinnu til að stunda fullt nám.

Handlistaskólar (art colleges).

Bæði er um fullt nám og námsскеið að ræða. Í sumum þessara skóla er þriggja ára nám á framhaldsstigi (advanced level). Hefja nemendur nám 18 ára og hljóta skirteini í handlistum og hönnun (Diploma in Art and Design), sem jafngildir nokkurn veginn háskólaprófi, fyrsta stigs.

Auk þess er mjög margs konar tveggja og þriggja ára nám í starfsgreinum, sem nemendur geta tekið strax að loknu miðskólanámi 16 ára eða eldri. Ekkert almennt kerfi fyrir allt landið er látið gilda um útgáfu prófskirteina í þessum skólum.

Fjárhagsaðstoð við nemendur.

Nám í framhaldsskólum er ekki ókeypis, en skólagjöld eru almennt lág. Oft eru þau aðeins að nafni til fyrir nemendur undir 18 ára aldri, en fræðslufirvöld á mörgum stöðum krefjast ekki skólagjalda, fyrr en nemandinn er 18 ára og sum ekki fyrr en hann er 19 ára. Nemendum er ætlað að kaupa bækur sínar sjálfir.

Fræðslufirvöld á hverjum stað eru skyld að veita stúdentum á fyrsta stigi í háskóla styrki, sem nægi til upphalds og kennslu. Fer það þó eftir tekjum foreldra og stúdentsins sjálfs. Sama gildir um ákveðið, sambærilegt nám. Að því er varðar annað framhaldsnám, hafa fræðslufirvöld frjálssar hendur.

### Kennaramenntun.

Fyrir utan þá, sem háskólapróf hafa, hljóta flestir kennarar við barna- og miðskóla réttindi sín með námi í kennaraskóla (college of education). Allir kennaraskólar á ákveðnu svæði mynda svæðissamband kennaraskóla (með háskólastofnun vanalega sem miðstöð eða kennaraskóla), sem sér um að samræma aðstöðu á svæðinu til kennaramenntunar og hefur umsjón með bóklegu námsefni skólanna. Það sér einnig um próf og mælir með þeim, sem standast, við ráðuneytið, að þeir hljóti kennararéttindi. Í stjórnum svæðasambanda kennaraskólanna eru fulltrúar háskólans og uppeldisfræðideildar hans, kennaraskólanna, fræðslufirvalda héraðsins og kennara þess.

Um 160 kennaraskólar eru í Englandi og Wales. Um tvo þriðju þeirra starfrækja fræðslufirvöld viðkomandi héraðs, en hinir eru starfræktir af einkaaðilum, vanalega í tengslum við kirkjudeildir. Þeir síðarnefndu njóta ríkisstyrks, sem nægir til að greiða rekstrarkostnað og fjóra fimmtu hluta stofnkostnaðar. Það síðarnefnda er háð samþykki.

Flestir skólanna eru samskólar, og flestir þeirra eru heimavistarskólar. Nemendur verða að vera a. m. k. 18 ára og verða venjulega að hafa staðizt próf í 5 greinum á lægra stigi „stúdentsprófsins“ (Ordinary level of the General Certificate of Education). (Miðskólapróf með einkunn fyrsta stigs er jafngilt). Þeir verða einnig að vera við góða heilsu og líkamlega hæfir til kennslu. Nemendur geta fengið fjárhagsaðstoð til að greiða kennslugjöld, fæði og húsnæði, ferðir og önnur persónuleg útgjöld í samræmi við efnahag sinn eða foreldra. Ekkert aldurshámark er.

Í flestum kennaraskólanna tekur námið 3 ár, en í sérstökum tilvikum, og þarf samþykki til, geta eldri nemendur með tilliti til fyrra náms lokið prófi á 2 árum og í algerum undantekningartilvikum á 1 ári. Með fjöggra ára námi eiga hæfir nemendur þess kost að taka B. Ed.-próf (Bachelor of Education degree).

Kennaraskólarnir veita bæði bóklegu fræðsluna og kennsluæfingar. Úr námsgreinunum geta nemendur valið eina eða tvær til ýtarlegra náms. Námið fer fram á breiðum grundvelli, en hneigist til undirbúnings kennslu ákveðinna aldursflokka.

Eins og er geta þeir, sem hafa háskólapróf, öðlazi kennararéttindi án frekara náms. En margir taka 1 ár í kennsluæfingum. Þetta nám fer fram í uppeldisfræðideildum háskólanna. Nemendur geta hlotið styrk til þessa náms.

#### **Fræðsla fullorðinna.**

Þessi fræðsla miðast við þá, sem eldri eru en 18 ára, og námið er ekki undirbúningur undir starf í starfsgrein. Fræðsluþvöllum ber lögum samkvæmt að sjá um aðstoðu til þessarar fræðslu. Námið fer fram á kvöldin, en sumar félagsmiðstöðvar fullorðinna hafa bekkir að degi til. Útibúsdeildir háskólanna (extra-mural departments) hafa slíka bekkir flestar, svo og fræðslusambönd verkalýðsfélaga með aðstoð og styrk frá menntamálaráðuneytinu. Fræðsla fullorðinna er ekki ókeypis, en kostnaður er greiddur niður í mismunandi ríku mæli.

### **FRAKKLAND**

#### **Skólakerfið.**

#### **Meginreglur.**

Börn og fullorðnir eiga jafnan og frjálstan aðgang að öllum stigum menntunar. Einkaskólar eru heimilir jafnhliða opinberum skólum, og þeir geta hlotið ríkisstyrk.

Ríkið, fylkin (departments), bæja- og sveitafélög stofna og greiða kostnað við skóla.

#### **Skólaskylda.**

Hún er frá 6 til loka 16 ára aldurs.

Kennsla í opinberum skólum er ókeypis. Undantekningar eru þó háskólar og vissir „grandes écoles“. Stúdentar með góða námshæfileika, en takmörkuð fjárráð, hljóta opinbera styrki.

#### **Próf.**

Ríkið eitt hefur rétt til að veita prófstig. Aðgang að prófum hafa bæði nemendur ríkis- og einkaskóla. Úrtökupróf eru öllum heimil, sem fullnægja skilyrðum um aldur og undirbúning.

#### **Stjórn skólanna.**

Námsstjórar hafa eftirlit með skólunum, athuga vandamál, sem upp koma á hverjum stað, leiðbeina kennurum og meta hæfni þeirra.

Sjö námsstjórnarnefndir fara með eftirfarandi mál:

- 1) æðri menntun: mál er varða skipulag og stjórn háskólanna og „grandes écoles“;
- 2) kennslufræði, námsgreinar og leiðbeiningar: bera almenna ábyrgð á námsfyrirkomulagi og skólum;

- 3) málefni er varða kennara við tækni- og starfsgreinaskóla: annast ráðningu og stjórn starfsliðs;
- 4) íþróttaaðstöðu í skólum og háskólum: annast undirbúning og framkvæmd byggingaáætlana;
- 5) félagsmál og stjórnun: annast útbúnað, sem menntastofnanir eiga kost á;
- 6) samvinnu: annast samvinnu á sviði tæknimála við önnur ríki og alþjóðastofnanir;
- 7) opinber bókasöfn og lestur: sjá um starfrækslu skóla- og háskólabókasafna. Landið skiptist í 23 fræðsluhéruð.

Yfir hverju héraði er fræðslustjóri (rector), sem er fulltrúi ráðherra og kanslari háskóla á sínu svæði. Námsstjórar eru svo fulltrúar hans í hverju fylki og námsstjórar barnaskóla í skólahverfum.

Námsskrár og kennsluaðferðir eru ákveðnar í reglugerð, sem ráðuneytið gefur út fyrir allt landið að höfðu samráði við fulltrúaráð einstakra námsstiga.

### Forskólafræðsla.

Hún er veitt börnum á aldrinum 2—6 ára og fer fram í leikskólum eða smábarnadeildum barnaskóla. Kennsluaðferðir eru að nokkru grundvallaðar á aðferðum Montessoris og Decrolys.

### Barna- og miðskólamenntun.

Barnafræðsla er veitt á aldrinum 6—11 ára.

Barnaskólar eru drengja-, stúlkna- eða samskólar. Þeir greinast í þrjár deildir, undirbúningsdeild (6—7 ára), undirstöðudeild (7—9 ára) og framhaldsdeild (9—11 ára)

Lægra stig miðskólamenntunar (11—15 ára).

Á þessu stigi eru hæfileikar nemenda kannaðir, svo að hægt sé að leiðbeina þeim við að velja þá tegund menntunar, sem best hæfi þeim.

(„Lycées“) og almennir skólar (colléges d'enseignement général) annast fræðslu á lægra miðskólastigi. Nýstofnaðir miðskólar (colléges d'enseignement secondaire) munu þó í framtíðinni annast þessa fræðslu sem samfelldir skólar undir einni stjórn og á sama stað. Þessir skólar skiptast í eftirfarandi deildir: klassískar, nútíma- (1, 2 og 3) og verknámsdeildir.

Síðan skólaárið 1968—69 hefur miðskólanámið á lægra stiginu greint þannig: 3 deildir á fyrsta ári (= 6. ár skyldustigsins), I, II og III. I og II fylgja sama námsefni, en mismunandi aðferðum er beitt. Deild III hefur komið í stað verknáms, sem áður var.

Á öðru námsári er deildaskiptingin þannig:

- a) fornmaladeild með latínu og ef til vill grísku;
- b) deild nútímamála (1) með meiri áherzlu á frönsku og tvö erlend mál;
- c) deild nútímamála (2) með aðeins eitt erlent mál;
- d) verknámsdeild, þar sem fræðslan er meira við hæfi nemenda.

Á 3. og 4. ári getur verið um kennslu í vissum atriðum tæknifræði að ræða. Í deild III er námið almenns efnis og ætlað til uppfyllingar barnanámi fyrstu 2 árin. Seinni 2 árin er um verknám að ræða, sem er ætlað til undirbúnings námi í starfsgrein.

Deildarráð kennara á lægra miðskólastiginu halda reglulega fundi undir stjórn yfirkennara. Leiðbeiningaráð athugar tillögur deildarráðs og skýrir síðan foreldrum frá niðurstöðum sínum.

Sérdeildir (á 3. og 4. ári) geta tekið við nemendum, sem af ýmsum ástæðum gátu ekki komið í 1. bekk lægra miðskólastigsins.

Hærra stig miðskólamenntunar (15—18 ára).

Í lok lægra miðskólastigsins er nemendum leiðbeint um framhaldsnám eftir hæfileikum, áhugamálum og námsárangri. Er þá um að ræða:

- a) þriggja ára bók- og tækninám;
- b) stutt námsskeið, sem taka ekki meira en 2 ár og veita undirbúning undir ákveðna starfsgrein svo og almenna menntun.

Þriggja ára námið fer fram í „menntaskólum“ (lycées), tveggja ára námið í framhaldsmiðskólum (colléges d'enseignement secondaire).

Lengra námið greinist í fimm hluta:

A-deild: bókmenntir.

B-deild: hagfræði- og félagsvísindi.

C-deild: stærðfræði og eðlisfræði.

D-deild: náttúruvísindi.

T-deild: iðn- og tæknifræði.

Deildaskiptingin hefst ekki fyrr en á öðru ári. Gerir þetta kerfið sveigjanlegra og nemendum kleift að skipta um námsbraut, ef þeir vilja. Á öðru ári eru aðeins bókmennta-, vísinda- og tæknideild. Náminu lýkur með baccalaureats prófi.

Þriggja ára starfsgreinanám.

Þetta nám fer fram í „menntaskólum“ (lycées), tæknideildum þeirra eða svipuðum stofnunum. Það leiðir til tvenns konar prófa, baccalauréate de technicien“ og „brevets de technicien“.

„Baccalauréats de technicien“:

- 1) iðnfræði: þrjár valbrautir, vél- og raffræði, almenn byggingatæknifræði og rannsóknastörf (vinna á rannsóknarstofum);
- 2) hagsýslun: stjórnsýsla og verzlun.

„Brevets de technicien“:

Iðnaðargreinar, félagsstörf og hótélstjórn, búfræði.

#### Tækni- og starfsgreinanám.

Stofnanir og skólar á hærra framhaldsstigi mennta fólk til mikilvægra starfa í stjórnsýslu, kennslu, viðskiptum, her, flota og opinberri heilsugæzlu. Verzlunarháskólar og tækniskólar mennta fólk til meiri háttar starfa í viðskiptum og iðnaði. Nám í þessum skólum tekur minnst 3 ár og úrtökupróf eru haldin til inntöku. Prófkjöfur eru meiri en til baccalaureats-prófs og oft þarf 2—3 ára undirbúningsnám í sérstökum bekkjum „menntaskóla“ (lycée).

Í mörgum fræðsluhéruðum hafa háskólastofnanir í tæknifræðum verið settar á fót. Krafizt er baccalaureats-prófs til inngöngu.

#### Kennaramenntun.

Eftirfarandi stofnanir annast kennaramenntun:

Kennaraskólar (2 í hverju fylki), sem mennta barnakennara.

Próf frá þeim getur einnig veitt réttindi til kennslu í 1. bekk miðskóla og verknámsbekkjum.

Kennarafræðslumiðstöðvar (Contres pédagogiques régionaux) veita kennsluþjálfun til kennslu við almenna mið- og tækniskóla þeim, sem þegar hafa kennsluréttindi í sérgrein úr háskóla og það bóklega nám, sem þarf til kennslu í þessum skólum.

Stofnanir, sem undirbúa kennara til kennslu á hærra miðskólastiginu.

Þær innrita að loknu úrtökuprófi nemendur, sem eru að búa sig undir háskólapróf.

Kennaraháskólar (écoles normales supérieures), m. a. íþróttakennaraskólar.

Iðnkennaraskólar (écoles normales nationales d'apprentissage) mennta kennara fyrir iðnfræðslustigið.

## Önnur menntun

Sérkennsla fyrir afbrigðileg börn.

- sérkennslubekkir í tengslum við barnaskóla fyrir fötluð börn;
- skólar með aðstöðu til heimavistar fyrir börn og unglunga 14—17/18 ára, sem veita þjálfun í starfsgrein;
- sérkennslubekkir fyrir nemendur, sem þjást af skynjunar- eða hreyfigöllum;
- leikskólar fyrir vangefin börn;
- bekkir í tengslum við sjúkrahús fyrir börn undir læknishendi;
- heimavistarbarnaskólar fyrir börn förufjölskyldna.

## HOLLAND

### Skólakerfið.

### Meginreglur.

Í stjórnarskránni er kveðið svo á, að einkaskólar skuli kostaðir að öllu leyti af því opinbera eins og opinberir skólar og sömu kröfur gerðar til þeirra.

Meginregla fræðslukerfisins er, að foreldrar eigi þess kost, að börnum þeirra sé veitt sú menntun, sem er í samræmi við lífsvenjur þeirra, lífsskoðun og uppeldis- aðferð, sem þeir kjósa.

Námsskrá.

Námsskráin er ákveðin af ríkisstjórninni eða bæjar- eða sveitarfélagi. Einkaskólar njóta þar viss frelsis, en verða að fullnægja vissum skilyrðum, ef þeir hyggjast njóta opinberra fjárframlaga.

Skyldunám.

Það hefst 1. ágúst á því ári, sem barnið verður 6 ára og 8 mánaða, og lýkur við lok þess skólaárs, er barnið hefur sótt skóla, einn eða fleiri, í 8 ár eða í lok þess skólaárs, er nemandinn verður 15 ára.

Nýju lögin um skólaskyldu (1969) lengja hana í 9 ár. Fræðsla á skólaskyldu- aldri er ókeypis. Styrkir og vaxtalaus lán stuðla að því að veita hverjum ungling tækifæri til framhaldsnáms í samræmi við hæfileika sína að loknu skyldunámi.

Miðskólamenntun (þ. e. milli skyldunáms og háskóla).

Samkvæmt lögum um miðskólamenntun 1963 mynda allir skólar á þessu stigi eina samtengda heild.

Helztu atriði laganna eru þessi:

- a) Hverjum nemanda skal eftir föngum veitt tækifæri til þeirrar menntunar, sem bezt hentar hæfileikum hans og áhugamálum.
- b) Lögin veita meiri möguleika til námsgreiningar og færslu nemenda milli skóla. Kerfið gerir ráð fyrir bæði skyldu- og valgreinum.
- c) Með því að stofna millistigsbekki sem fyrsta bekk í öllum skólum, sem taka við af skyldunámsstiginu, eru nemendum auðvelduð umskiptin, auk þess sem þá verður kleift að ganga úr skugga um, hvort nemandinn er fær um að njóta þeirrar fræðslu, sem viðkomandi skóli veitir. Sömu greinar og stundafjöldi er hafður í þessum millistigsbekkjum í öllum skólum til að gera nemendum kleift að skipta um skóla að ári loknu án þess að þurfa að endurtaka námsárið.
- d) Lögin gera ráð fyrir samfelldum skóla. Þannig geta tveir eða fleiri skólar verið sameinaðir í einni stofnun. Samfelldir skólar geta verið stighækkandi, þ. e. eitt skólastig tekið við af öðru, eða samhliða, þ. e. margar tegundir skóla á sama stigi. Einnig er mögulegt að flétta bæði kerfin saman.
- e) Lögin hafa aukið frekar almenna menntun í tækni og starfsgreinanámi. Enn fremur hefur undirbúningsmenntun slíks náms verið sett á breiðari grundvöll. Fagmenntun ætti að koma á eftir slíku almennu námi.



- f) Mikilvægt atriði í lögunum er möguleikinn á færslu milli skóla. Eftir föngum hefur verið komið í veg fyrir, að námsleiðir lokuðust nemendum. Viðkomandi skóli tekur þó lokaákvörðun í því efni.  
Aðalstig skólakerfisins.  
Hollenzka skólakerfið skiptist þannig: a) forskólastig, b) barnaskólastig, c) sérskólastig, d) miðskólastig, e) háskólastig.

### Forskólastig.

Forskólafræðsla er veitt í skólum. Leikur og nám fer saman. Lágmarksaldur er 4 ár.

#### Barna- og miðskólamenntun (almenn, tækni- og starfsgreinamenntun).

##### Barnafræðsla.

Barnafræðslustigið er 6 ár og nemendur á aldrinum 6—12 ára um það bil. Kennslustundafjöldi skal vera a. m. k. 1040 á ári.

##### Sérkennsla.

Hún er veitt börnum, sem ekki geta sótt aðra skóla vegna sjón- eða heyrnargalla, fötlunar, andlegra erfiðleika, hegðunarvandkvæða eða félagslegra ástæðna o. s. frv.

##### Miðskólamenntun.

Þar er um ferns konar skóla að ræða: a) undirbúningsmenntun undir háskóla, b) almenn miðskólamenntun, c) tækni- og starfsgreinamenntun, d) önnur miðskólamenntun. Sbr. 26 c).

##### Undirbúningsmenntun undir háskóla.

Þar er um þrenns konar skóla að ræða, „gymnasium“, „atheneum“ og „lyceum“. Námið tekur 6 ár í þeim öllum og er í beinu framhaldi af barnanámi.

Í „gymnasia“ eru latína og gríska kenndar í öllum bekkjum. Frá 4. eða 5. bekk greinast skólarnir í tvær deildir: a) þar sem aðaláherzla er lögð á klassísk fræði og b) með aðaláherzlu á stærðfræði og raungreinar.

Í „athenea“ eru fornmálin ekki kennd. Þar er því meiri áherzla lögð á nútíma-mál, sögu, landafræði, lög- og hagfræði. Frá 4. eða 5. bekk greinast skólarnir í tvær deildir: a) með aðaláherzlu á hagfræði og félagsvísindi og b) með aðaláherzlu á stærðfræði og raungreinar.

Í „lycea“ er námið sambland af náminu í „gymnasium“ og „atheneum“, en sama námsefni er í þeim öllum a. m. k. fyrsta árið.

##### Almenn miðskólamenntun.

Hér er um þrjú skólastig að ræða, sem öll taka beint við af barnanámi.

##### Almenn miðskólamenntun, lágstig.

Í þessum skólum tekur námið 2 ár. Stundum eru þeir samtengdir tækni- eða starfsgreinaskólum, lágstig (414), fer þá þetta nám fram á fyrsta ári eða fyrsta og öðru ári. Próf úr þessum skólum getur veitt inngöngu í almenna miðskóla, miðstig, og tækni- og starfsgreinaskóla, lágstig.

##### Almenn miðskólamenntun, miðstig.

Nám í þessum skólum tekur 4 ár, en stundum hafa þeir deild, þar sem námið tekur 3 ár. Próf að loknu fjögurra ára námi getur veitt inngöngu í almenna miðskóla, hástig, og tækni- og starfsgreinaskóla, miðstig, og með undirbúningsbekk inn-göngu í vissa tækni- og starfsgreinaskóla, hástig.

##### Almenn miðskólamenntun, hástig.

Námið í þessum skólum tekur 5 ár. Stundum eru sérstakar deildir við „athenea“, „lycea“ og skóla þá, sem greindir eru í 410, sem veita þessa menntun. Þessar deildir veita þessa menntun á tveimur árum eftir þriggja ára undirbúningsnám undir há-

skóla eða fjögurra ára nám í skólunum, sem greint er frá í 410. Áþekkar deildir eru einnig við kennaraskóla, sem mennta barnakennara. Próf frá þessum skólum veita inngöngu í tækni- eða starfsgreinaskóla, hástig.

Starfsgreinafræðsla.

Þar er um þessar tegundir menntunar að ræða: tækninám, húsmæðrafræðslu, búnaðarfræðslu, verzlunarfræðslu (smásöluverzlun), viðskipta-, hagfræði- og skrifstofufræðslu, kennaramenntun, félags- og uppeldisfræði og listfræðslu.

Tæknimenntun/sjómannamenntun.

Tæknimenntun greinist í þrjú stig, lág-, mið- og hástig.

Sjómannamenntunin greinist einnig í þrjú stig.

Tæknimenntun, lágstig.

Þetta nám tekur beint við af barnanámi og tekur 3—4 ár. Hin eiginlega tækni-fræðsla hefst á öðru ári. Bæði er um verklegt og bóklegt nám að ræða. Þeir, sem öðlast lokaprófsskírteini, geta haldið áfram námi hjá atvinnuveitanda samkvæmt iðn-fræðslulögunum. Lokapróf í hinu bóklega námi veitir aðgang að miðstignáminu.

Sjómannamenntun á lágstigi veitir réttindi til innanlandssiglinga. Kostur er á eftirfarandi námi:

Skipstjóri á fljótabát: þriggja ára nám og tveggja ára starfsþjálfun.

Vélamaður: 18 mánaða nám.

Skipstjóri (smábátar): 4 mánaða nám.

Vélstjóri: 18 mánaða nám.

Loftskeytamaður: 1 árs nám.

Einnig veita þessir skólar sjómönnum lágstigsmenntun til starfa á kaup- og fiskiskipaflotanum:

Fyrsti stýrimaður (kaupskip): 4 ár.

Skipstjóri (litlir úthafsfiskibátar): 4 ár.

Skilyrði fyrir inngöngu í þessa skóla er 6 ára barnanám.

Einstaklingsfræðsla er einnig veitt á þessu stigi nemendum, sem eiga við náms-eða félagslega erfiðleika að stríða. Börn, sem setið hafa 6 ár í barnaskóla, geta fengið inngöngu úr 5. bekk barnaskóla. Þeir, sem ljúka prófi í slíku námi, geta öðlast framhaldsmenntun í iðnaði.

Tæknimenntun, miðstig.

Námið tekur 4 ár. Þriðja árið vinna nemendur í iðnaði undir yfirumsjón skólans. Þessir skólar mennta nemendur til aðstoðarstarfa í iðnaði.

Sjómannamenntun, miðstig.

2—4 ára nám. Veitir skipstjóra- og vélstjóraréttindi á skipum í innanlandssiglingum, dráttarbátum á hafinu og úthafsfiskiskipum, m. a.

Húsmæðraskólar greinast í þrjú stig.

Búnaðarskólar greinast einnig í þrjú stig. Slík skipting er rauði þráðurinn í öllum þeim skólum, sem veita menntun til iðnaðar-, tækni- og verzlunarstarfa.

Tækni- og starfsgreinamenntun, hástig.

Námið tekur 4 ár. Þriðja árinu er varið til þjálfunar í iðnaði undir yfirumsjón skólans. Lokapróf veitir í vissum tilvikum réttindi til inngöngu í tækniháskóla.

Sjómannamenntun, hástig.

Námið tekur 4½ ár fyrir stýrimenn, skipstjóra og vélstjóra/yfirvéltjóra til að öðlast réttindi til millilandasiglinga. Tveggja ára nám er fyrir loftskeytamenn á stórum skipum.

Búnaðarmenntun, hástig.

Námið tekur 3 ár í búfræði, 4 ár í garðyrkju, tæknibúfræði, skógrækt og akuryrkju. Lokapróf veitir réttindi til inngöngu í búnaðarháskólann í Wageningen eða dýralækningadeild háskólans í Utrecht.

Hag- og stjórnumunarfræði, hástig.

Námið tekur 3 ár. Á öðru ári greinist námið í þrennt: viðskiptahagfræði, verzl-

unarfræði og stjórnunarfræði. Stjórnunarfræðinni fylgir undirbúningsnám undir hin mikilvægari störf í opinberri þjónustu.

Félags- og uppeldisfræðimenntun.

Þetta nám veitir undirbúning undir fræðslustörf á meðal ungs fólks og fullorðinna, menningar- og félagsstörf, störf á sviði samfélagsþróunar, barnaverndar, heilsugæzlu, íþróttar, bókavörzlu, blaðamennsku og annarra starfa á hinu félags- og uppeldislega sviði. Nám á hástigi í þessum fræðum getur veitt aðgang að vissum háskóladeildum.

Iðnnám.

Það tekur vanalega við að loknu lágstígsnámi í tækni- og starfsgreinaskólunum. Þó eru opnar leiðir þeim, sem ekki hafa lokið slíku námi. Um tvenns konar stig er að ræða, grundvallar- og framhaldsstig. Grundvallarnámið tekur 2 ár, en í sérstökum tilvikum er mögulegt að ljúka því á 1 ári. Framhaldsnámið tekur 1 ár.

Fræðslustarf í þágu þeirra, sem hætta snemma skólagöngu.

Markmið þessarar fræðslu er að efla þroska ungs fólks, sem ekki nýtur neinnar formlegrar skólagöngu, en hefur þegar hafið störf. Reynt er að auðvelda því umskiptin frá námi til starfs. Á þetta sér stað bæði á vinnustað og á kvöldin. Drengir og stúlkur eru aðskilin. Einnig er um aldursskiptingu að ræða, 15—18 og 19—21 árs. Einnig er tekið tillit til trúarskoðana eins og í almenna skólakerfinu.

#### Kennaramenntun.

Skólar eru fyrir forskóla-, barna- og miðskólakennara.

Kennaraskólar fyrir kennslu á forskólastigi.

Námið tekur 4 ár og skiptist í fyrri hluta (forskólakennaramenntun), sem tekur 3 ár, og síðari hluta (yfirkennaramenntun), sem tekur 1 ár. Hægt er að fá inngöngu í fyrri hluta að loknu fjögurra ára námi á miðstigi almennrar miðskólamentunar eða eftir þriggja ára nám í „menntaskólum“ (sbr. 44) eða almennum miðskólum, hástigi. Aðgang að síðari hluta fá aðeins þeir, sem lokið hafa fyrri hluta. Próf úr fyrri hluta getur einnig veitt aðgang að kennaraskólum barnastigsins.

Barnakennaramenntun.

Námið tekur 3 ár. Fyrri hluti — 2 ár — veitir barnakennararéttindi og síðari hluti — 1 ár — yfirkennararéttindi. Aðgöngu geta þeir fengið, sem lokið hafa almennum miðskólaprófi, hástigi, og forskólakennaraprófi úr fyrri hluta. Þeir einir fá aðgang að síðari hluta, sem lokið hafa fyrri hluta. Í vissum tilvikum geta þeir, sem lokið hafa síðari hluta, fengið inngöngu í sumar háskóladeildir.

Miðskólakennaranám.

Í nánustu framtíð verður komið á sérstöku námi, sem veita mun kennurum réttindi á þremur stigum. Fyrsta stigið verður líklega á háskólastigi, en annað og þriðja stigið á sama stigi og tækni- og starfsgreinanám á hástigi. Inntökuskilyrði verða sennilega próf á hástigi almenns miðskóla eða á miðstigi tækni- og starfsgreinaskóla til náms á öðru og þriðja stigi þessara skóla.

### SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝZKALAND

Skólakerfið.

Meginreglur.

Fræðsluskylda er frá 6 ára aldri a. m. k. til 18 ára aldurs. Af þessum tíma eru 9 fyrstu árin heil námsár, en síðan koma 3 ár, þar sem námið tekur hluta úr námsári. Þeim nemendum, sem ekki leggja stund á iðnnám, er skylt að bæta við sig öðrum slíkum þremur árum, unz þeir verða fullveðja (21 árs).

Í öllum opinberum skólum fylkjanna (Länder) er kennslan ókeypis og í átta þeirra kennslugögn og hjálpartæki, einkum kennslubækur.

Rammareglugerðir eru gefnar út af menntamálaráðuneytunum varðandi námskrár.

Útgáfa kennslubóka er frjáls, en ráðuneytin athuga þær og samþykkja. Kennurum er frjálst að velja kennslubækur af lista yfir slíkar bækur, er ráðuneytin hafa samþykkt.

Öll lokapróf eru ríkispróf undir yfirstjórn yfirvalda skólaeftirlitsins. Sérreglur eru um lokapróf í starfsgreinaskólum.

Í stjórnarskránni eru tryggð réttindi til að stofna einkaskóla.

### Stjórn skólanna.

Löggjafar- og stjórnvaldið er í höndum hvernar fylkisstjórnar fyrir sig.

Menntamálaráðherrar fylkjanna halda stöðugt ráðstefnur til að samræma aðgerðir í fræðslumálum og eiga samvinnu í þeim efnum. Skólamálanefndin er ein af fastanefndum ráðstefnunnar. Hún fæst við öll mál er varða barna- og miðskólamenntun og einnig tækniskóla og kennaraskóla. Tillögur nefndarinnar eru háðar samhljóða samþykki allra ráðherranna, sem um leið skuldbinda sig til að fylgja samþykktunum eftir, hver í sínu fylki.

Héraðsstjórnir annast stofnun og kostnað við opinbera skóla. Þær bera einnig að hluta stofnkostnað miðskóla, en fylkin að hluta, og þau greiða einnig laun kennara.

### Forskólakennsla.

Hún hefst yfirleitt við þriggja ára aldur. Bæja- eða sveitafélög, trúfélög eða einkaaðilar annast hana. Opinbert eftirlit er haft með henni. Börn, sem náð hafa skólaaldri en ekki nægum skólaþroska, halda áfram í forskólum.

Sífelld fleiri sérskólar á þessu stigi eru stofnaðir fyrir afbrigðileg börn til að auðvelda framtíðarstarfið í sérskólum. Enn fremur er tilhneiging til að stofna forskólabecki fyrir nemendur, sem eru komnir á skólaþroskastig, en hafa ekki aldur til að ganga í skóla.

### Barna- og miðskólafræðsla.

Barnafræðsla (1. stig).

Fyrstu fjögur árin fer fram almenn barnafræðsla (Grundschule). Í Berlín, Bremen og Hamborg er hún þó 6 ár. Að því loknu geta nemendur valið um þrjár samsíða námsleiðir miðskóla. Ræður námsárangur nemandans þar úrslitum.

Aðgreining nemenda eftir námsleiðum.

Í sumum fylkjum eru 2 fyrstu árin notuð til að kanna nánar, hvaða námsleið henti nemendum best (Förderstufe). Er nemendum þá skipt í hæfnishópa til könnunar getu þeirra í ákveðnum greinum.

Hauptschule tekur við af Grundschule og í honum eru aldursflokkarnir 10—15 ára. Í þessum skóla eru nemendur búnir undir störf við þeirra hæfi. Eitt erlent mál er kennt, venjulega enska.

Gagnfræðaskólar (Realschule) eru 6 ára skólar (fyrir 10—15 ára). Enska er skyldugrein, en franska valfrjáls. Að loknu prófi úr gagnfræðaskólum er um þessar leiðir að velja:

- nám í starfsgrein á miðstigi
- tækniskóla eða annan framhaldsskóla (52 eða 53) að loknu verklegu og bóklegu námi í starfsgrein
- framhaldsbekki menntaskóla.

Framhaldsbekkir gagnfræðaskóla.

Nemendur, sem ekki hafa farið í gagnfræðaskóla fyrr en á 7. námsári skyldustigsins, geta tekið framhaldsbekki gagnfræðastigsins við Hauptschule eða Realschule til að öðlast gagnfræðapróf.

#### Kvöldgagnfræðaskólar.

Nemendur Hauptschule, sem lokið hafa skyldunámi, geta lokið gagnfræðaprófi með því að sækja þessa skóla.

#### Menntaskólar.

Þar eru aldursflokkarnir 10—18 ára. Algengustu námsleiðir eru: nútímamál, stærðfræði og raungreinar og klassísk mál. Einnig eru sérstakir menntaskólar til náms í hagfræði, hagfræði og félagsvísindum, tæknifræðum, tónlist og kvennamenntaskólar. Próf frá sumum þessara skóla veitir aðeins aðgang að sérsviðum æðri menntunar, en aukapróf geta veitt aðgang að öllum greinum hennar.

Í þeim menntaskólum, sem veita full réttindi til æðri menntunar, eru a. m. k. kennd tvö erlend mál og er latína venjulega annað þeirra. Í sumum hinna sérstöku menntaskóla er sérgrein kennd í stað þriðja erlenda málsins.

#### Framhaldsbekkir menntaskóla (Aufbaugymnasium).

Nemendur, sem lokið hafa námi í Hauptschule eða Realschule og vilja öðlast réttindi til æðri menntunar, geta sótt þessa skóla.

#### Kvöldmenntaskólar.

Þeir eru fyrir fullorðna, sem óska að taka stúdentspróf. Viðkomandi verður að hafa lokið námi í starfsgrein.

Kolleg (stofnun, sem veitir ungu fólki undirbúning til stúdentsprófs).

Inntökuskilyrði eru gagnfræðapróf (Realschule) og viðkomandi verður að hafa lokið námi í starfsgrein eða að hafa hlotið samsvarandi kunnáttu í starfi. Á námskrá eru m. a. hagfræði, félagsvísindi og tvö erlend mál.

#### Starfsgreinafræðsla.

#### Berufsschule (námskeiðsskólar í starfsgreinum).

Þessir skólar taka við af skyldustiginu og ná yfir 10.—12. námsár (þ. e. 15—18 ára). Nemendur sækja þessa skóla 1—2 daga í viku (8—12 stundir) auk verknámsins, sem þeir stunda á vinnustað. Öllum unglíngum, sem ekki sækja neina aðra miðskóla á þessu aldurstigi, er skylt að sækja þessa skóla, og unglíngar, sem ekki sækja nám í neinni starfsgrein, verða að stunda nám í þessum skólum, unz þeir eru 21 árs. Hlutverk þessara skóla er að fullkomna verknám og veita um leið almenna menntun. Námið greinist í ýmsa þætti í samræmi við hin ýmsu störf.

#### Starfsgreinaskólar (fullt nám — Berufsfachschule).

Þeir taka vanalega 2 ár. Inntökuskilyrði eru lokapróf úr Hauptschule eða Realschule, en það fer eftir tegund starfsgreinar og kröfum, sem gerðar eru. Námið er bæði bóklegt og verklegt.

#### Berufsaufbauschule.

Inntökuskilyrði eru, að umsækjandi hafi sótt Berufsschule a. m. k. í hálfu ári með góðum árangri. Þessir skólar veita meiri almenna menntun, þar á meðal er kennt eitt erlent mál. Þá veita þeir viðtækari tæknimenntun. Námið tekur 1 ár, en stunda má það á 3 árum í kvöldskólum. Próf úr þessum skólum veitir jafngild réttindi og lokapróf úr Realschule. Það veitir aðgang að verkfræðiháskólum (Ingenieurakademien).

### Tækni- og starfsgreinamenntun.

#### Fachschule.

Þessir skólar veita nemendum framhaldsmenntun að loknu námi í starfsgrein. Skipulag þeirra og lengd er mismunandi eftir starfsgreinum, frá 6 mánuðum upp í 2½ ár. Lokapróf veitir aðgang að störfum á hærri sviðum og réttindi sem tæknimenn og verkstjórar. Algengustu skólar af þessu tagi eru tækniskólar, meistarskólar, skólar fyrir forskólakennara og búnaðarskólar.

#### Verkfræðiháskólar (Ingenieurakademie).

Inntökuskilyrði eru gagnfræðapróf (Realschule) eða sambærilegt próf og viðurkennt nám í starfsgrein í 2 ár. Um tuttugu námsleiðir er að velja og tekur hver 3

ár. Þeir, sem við lokapróf hljóta vottorð um hæfni til vísindastarfa, geta öðlzt réttindi til æðri menntunar.

Aðrir framhaldsskólar (Akademien).

Um fleiri tegundir skóla er að ræða á svipuðu stigi og verkfræðiháskólana, einkum verzlunar- og hagfræðiskóla og félagsfræðiskóla. Inntökuskilyrði eru svipuð svo og námslengd.

Kennaramenntun.

Kennarar við Grund- og Hauptschulen.

Kennarar við bæði þessi skólastig hljóta í meginatriðum sömu menntun. Hana hljóta þeir annaðhvort í kennaraskólum eða uppeldisfræðideildum háskólanna. Námið tekur 3 ár. Eftir a. m. k. tveggja ára reynslutímabil við kennslu verður kennaraefni að taka annað próf, sem lýtur að raunhæfu kennslustarfi þeirra. Þeir, sem standast það, eiga rétt á að verða opinberir starfsmenn ævilangt.

Vegna skiptingar skyldustigsins (Volkschule) í barna- og miðskóla (Grund- und Hauptschule) er tilsvarendi tilhneiging til að greina sundur kennaramenntunina eftir því, hvort stigið um er að ræða. En inntökuskilyrði og próf eru hin sömu, hvort heldur sem er.

Sérskólakennarar.

Aðgang fá aðeins þeir, sem lokið hafa kennaranámi til kennslu á skyldustiginu (Volkschule). Eftir nokkra reynslu í starfi bætist við sérnám, vanalega 2 ár, við kennaraskóla eða sérstofnanir háskóla.

Gagnfræðaskólakennarar (Realschullehrer).

Menntunin er með tvennum hætti. Kennarar við barna- og miðskóla (Volkschule), sem hlotið hafa viðbótarmenntun í tveim greinum a. m. k., sem kenndar eru við gagnfræðaskóla, geta orðið gagnfræðakennarar að loknu sérstöku prófi. Í borg-fylkjunum (Berlin, Bremen og Hamborg) og Hessen er kennaramenntun fyrir barna- mið- og gagnfræðaskóla sameiginleg. Samt þarf próf í tveim greinum til að öðlast réttindi við gagnfræðaskóla.

Hin leiðin til að öðlast kennsluréttindi við gagnfræðaskóla er að stunda þriggja ára nám í háskóla og taka fyrra prófið (sbr. 61) og ljúka síðan seinna prófinu eftir viðbótarnám í verklegum og bóklegum greinum svo og eins til eins og hálfis árs reynslu í starfi.

Menntaskólakennarar.

Þeir hljóta menntun sína í háskóla. Námið tekur a. m. k. 4 ár og tekur til tveggja greina, sem kenndar eru við menntaskóla. Eftir tveggja ára reynslutíma í starfi er haldið annað próf, sem veitir réttindi til skipunar.

Tækni- og starfsgreinakennarar.

Þeir hljóta svipaða menntun og menntaskólakennarar. Áður en námið hefst, verða þeir að öðlast hagnýta reynslu á viðkomandi sviði. Námið fer fram í háskóla eða tækniháskóla og tekur a. m. k. 4 ár. Síðan kemur 1—2 ára reynslutími, áður en seinna prófið er tekið.

### Önnur skipulögð kennsla.

Sérskólar.

Þeir eru fyrir fatlaða, vangefna og taugaveiklaða nemendur. Flestir þeirra eru á skyldustiginu (Volkschule), en einnig eru slíkir skólar til fyrir nemendur í tækni- og starfsgreinagagnfræða- og menntaskólum.

Endurhæfingarskólar (Berufliche Umschulung).

Samkvæmt lögum geta launþegar, sem ekki eiga lengur kost á vinnu í sinni starfsgrein, hvort heldur það er vegna breyttra atvinnuhátta eða slysa, hlotið endurhæfingu í starfsgrein á kostnað hins opinbera.

## ORÐASKRÁ

yfir frumvarp til laga um grunnskóla.

(Visað er i greinar).

- Aðalkennari 2, 27.  
Aðlögunarvandamál 9.  
Agabrot 91.  
Barnaverndarnefnd 6, 89, 91.  
Bekkjardeild 27, 30, 36, 68—70, 72, 91.  
Bekkjarkennari 91.  
Bókasafn 28, 30, 94.  
Bæjarfélag 39.  
Bæjarsjóður 39.  
Bæjarstjórn 39.  
Dómstólar 92.  
Einkaskólar 7, 86.  
Einkunnir 76.  
Endurmenntun kennara, 33.  
Erindisbréf grunnskólaráðs 85.  
— kennara 20.  
— skólanefnda 46.  
— skólastjóra 20, 34.  
— starfsmanna ráðgjafar og sálfræðipjón-  
— ustu 102.  
Eyður i stundaskrá 30.  
Fagnámsstjórn 28, 30.  
Félagslíf nemenda 28.  
Félagsráðgjafapjónusta 91.  
Félagsráðgjafi 96.  
Félagsstörf 30.  
Fjárlög 13, 32, 49, 59, 82.  
Fjármálaráðuneytið 30.  
Foreldrafélag 35.  
Foreldraráð 35, 37.  
Foreldrar 35, 76, 88, 91, 97.  
Forráðamaður 2, 6, 8, 11, 24, 27, 75, 88—89,  
91—92.  
Forskólakennarar 93.  
Forskóli 86, 93.  
Fóstrur 93.  
Framhaldsskólar 2, 75, 85.  
Framkvæmdaáætlun um skólabyggingar, 5, 13.  
Framkvæmdanefnd fræðsluráðs 52.  
Fræðsluráð 14—16, 24, 30, 47, 49, 52—54,  
60—61, 96, 98.  
Fræðsluskrifstofa 48—49, 50—51, 96.  
Fræðslustjóri 5—6, 10—11, 16—17, 22, 24—25,  
28, 31, 34, 41—44, 46—47, 49—58, 60—62,  
69—70, 73, 87, 91—92, 95—96, 98, 101.  
Fræðsluumdæmi 4, 8, 10, 14, 24, 47—49, 52—  
53, 55—56, 58, 62, 95—96, 101.  
Geðlæknir 9.  
Grunnskólaráð 85.  
Háskóli Íslands 81, 85.  
Heilsuvernd 95.  
Heimavist(arskóli) 13, 20, 60.  
Hjúkrunarkona 95.  
Húsmæðraskólar 54.  
Hæfniprófanir 97.  
Iðnfræðsla 60.  
Iðnfræðsluráð 60.  
Iðnfræðsluskólar 54.  
Kennarafundur 34.  
Kennarar 8, 19—21, 23—26, 28—30, 32—36,  
42, 44, 56, 66, 68, 74, 76—77, 80, 85—86,  
90, 91—93, 96—98, 100. Sjá einnig aðal-  
kennari, bekkjarkennari, forskólakennar-  
ar, stundakennarar, yfirkennari.  
Kennararáð 34, 36—37.  
Kennaraskóli Íslands 80—81, 85.  
Kennsluskylda kennara 23, 30.  
— skólastjóra 22, 30.  
— yfirkennara 25, 31.  
Kennslustundir, lengd 65.  
Kennslutími, vikulegur 64.  
Kennslutæki 28, 30, 45, 94.  
Kjarasamningar og kjaradómur 21, 30, 34,  
50, 59, 93.  
Kvóti til stjórnunar og skrifstofustarfa 22,  
25, 28, 31.  
Leikvellir 45.  
Leyfi, launalaust 29, 51, 59.  
— lögboðin 62, 67.  
Læknir, ráðgefandi við sálfræðideild 96.  
Læknisþjónusta 91.  
Lög um menntun kennara 26.  
Lög um réttindi og skyldur opinberra starfs-  
manna 20.  
— um skólakostnað 10, 16—17, 70, 84, 94.  
Menntamálaráðuneytið 4—5, 10, 12—14, 16—  
17, 19—20, 22, 30, 32, 34, 36—37, 42—44,  
46, 49, 51—64, 70, 74, 77—78, 80—86, 91—  
94, 96, 99—102.  
Námsbrautir 75 100,  
Námseftirlit 56.  
Námsferðir kennara 32.  
Námsráðgjafar 100.  
Námskeið kennara 80.  
Námsmat 74, 78—79.  
Námsskrá 30, 58, 63, 73, 80, 84.

- Námsstjóri 59.  
 Námsstjórn 30, 59.  
 Námsval 97.  
 Nemendaráð 36—37.  
 Orlof 25, 32.  
 Próf 62, 74—75, 77.  
 — samræmd könnunar 78.  
 — samræmd loka 75, 77.  
 — stöðluð 78—80.  
 Prófdagar, fjöldi 74.  
 Prófdómarar 30.  
 Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta 96—99. Sjá einnig Sálfræðipjónusta.  
 Reglugerð: agi, 91.  
 — endurmenntun kennara 33.  
 — fræðslustjórar og fræðsluráð 61.  
 — heilsuvernd í skólum 95.  
 — kennsla óskólaskyldra barna 87.  
 — kennsluskylda yfirkennara 25.  
 — skólastjórastöður (menntun og reynsla) 19.  
 — námseftirlit 56.  
 — námsmat 79.  
 — námsstjórn 59.  
 — nemendaráð 36.  
 — orlof kennara 32.  
 — ráðgjafar- og sálfræðipjónusta 102.  
 — samstarfsnefnd foreldra, kennara og nemenda 37.  
 — sérkennsla 10.  
 — skólabókasöfn 94.  
 — stjórnunarstörf 30.  
 — skólamannvirki (umsjón og umráð) 18.  
 — uppeldisrannsóknanefnd 83.  
 — viðhald húss og lóðar 17.  
 Reiknaðar stundir 22, 28, 30, 55, 73.  
 Reykjavík(urborg) 15, 39, 47, 49, 51, 52, 81.  
 — borgarsjóður 51.  
 — borgarstjórn 49, 52.  
 Ríkissjóður 30—31, 51, 54—55, 59, 82, 96.  
 Ríkisútgáfa námsbóka, 80, 85.  
 Sálfræðideild 96, 98—99, 101.  
 Sálfræðingafélag Íslands 101.  
 Sálfræðingur 91, 96, 101.  
 Sálfræðipjónusta 3, 9—10, 58, 88, 91, 101.  
 Samstarfsnefnd foreldra, kennara og nemenda 37.  
 Samstarfsnefnd menntamálaráðuneytisins og Samb. isl. sveitarfél. 14, 17.  
 Sérkennsla 8—10, 30.  
 Sérskólar 8.  
 Skiptitímar 70.  
 Skirteini 75.  
 Skólafulltrúi 39, 52.  
 Skólahverfi 5, 7, 12—13, 15—16, 30, 38, 41, 53, 57, 72—73, 84, 88.  
 Skólalæknir 9, 58, 88—89, 95. Sjá einnig Læknisþjónusta.  
 Skólanefnd, 5, 11, 15, 18, 24—25, 28, 30—31, 34—35, 38—47, 52, 55—56, 60, 86, 91—92, 98.  
 Skólaráð 15, 18, 24, 31, 39—40, 52, 56.  
 Skólaráðgjafi 96, 98.  
 Skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins 56, 59, 63, 82, 85.  
 Skólasálfræðingur 2, 101.  
 Skólastjóri 2, 6, 11, 19—22, 24—25, 28, 30—32, 34—37, 40—44, 46, 55—56, 62, 65, 70, 73, 86, 88—89, 91—92, 95, 97—98.  
 Starfsfræðsla 100.  
 Starfsval 97.  
 Stundahlé 66.  
 Stundakennarar 24, 26.  
 Sveitarfélag 2, 10, 15, 17—18, 31, 38, 49, 51, 54—55, 62, 93, 96.  
 Sveitarsjóður 28, 30, 55.  
 Sveitarstjórn 16, 18, 28, 38, 46, 52—55, 60.  
 Tannlæknir 95.  
 Tilraunaskólar 84.  
 Uppeldisrannsóknanefnd 81, 83.  
 Valgreinar 63.  
 Verknámskennsla 30.  
 Vinnuveitandi 75, 89.  
 Vorskóli 88.  
 Yfirkennari 25, 31, 37.